

Skilgreining íþróttasvæðis (ÍÞ)

Tímabundin ákvæði um rekstur
skotæfingasvæða

Tillaga

Auglýsing samkvæmt 31. gr. skipulagslaga
nr. 123/2010

Skjal sótt af '000000000000' dags: 20.08 2026



1. Inngangur.....	3
2. Helstu forsendur	4
3. Markmið og tilgangur	7
4. Stefna og skipulagsákvæði til endurskoðunar – drög að tillögum.....	8
5. Umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingar.....	13
7. Samráð og kynningar	16
8. Umsagnar- og hagaðilar.....	17
9. Viðaukar.....	18

1. Inngangur

Með þessari tillögu eru boðaðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR040) sem varða núverandi skotæfingasvæði á Álfsnesi. Þær lúta að því að skapa skilyrði fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur (SR) og Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) til skemmri tíma litið, meðan fundinn er framtíðar staðsetning fyrir félögin.¹ Ljóst má vera að það mun taka nokkurn tíma að klára endanlegt staðarval, undirbúa nýtt svæði, semja við landeigendur, vinna skipulag og umhverfismat og hanna og undirbúa framkvæmdir. Því er mikilvægt að skapa skilyrði í AR2040, þannig að mögulegt verði að gefa út starfsleyfi til félaganna til skemmri tíma litið. Í tillögum að breytingum er skerpt verulega á forsendum AR2040, um mögulega endurnýjun starfsleyfa skotfélaganna, og er það gert í ljósi þeirra úrskurða sem hafa fallið í málinu hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nýlega. Í samráði við Skipulagsstofnun, er lagt til að núverandi skotæfingasvæði verði skilgreint sem íþróttasvæði á sveitarfélagsupprætti, sbr. skipulagsreglugerð. Í skilgreiningu svæðanna í greinargerð verði hinsvegar settir skýrir fyrirvarar um tímalengd starfsleyfa og ákvæði um endurskoðun viðkomandi stefnu um landnotkun (sjá kafla 4). Lagt er til að tímamörk endurnýjunar starfsleyfa miðist við, allt að til ársloka 2028 og stefna um landnotkun á svæðinu verði tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára.² Þar sem breytingartillaga leiðir til tímabundinnar skerðingar á framtíðar iðnaðarsvæði, er gerð grein fyrir áhrifum þess í kafla 5 um umhverfisáhrif.

Verklýsing, ásamt frumdrögum tillögu, var send á tilgreinda umsagnar- og hagaðila í vor og drög að tillögu voru send út á ný í haust. Í skjalinu er gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum skotæfingasvæðanna (sjá kafla 5) en umrædd starfsemi fellur þó ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat áætlaða og framkvæmda.

Tillagan sem nú er lögð fram, sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er í megin atriðum samhljóða drögunum sem kynnt voru í október og nóvember sl. Vegna fjölmargra athugasemda hagsmunaaðila og einnig Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar og fleiri, hefur þó verið bætt verulega í umfjöllun um umhverfisáhrif og settir fram skýrari skipulagsskilmálar um mögulegar mótvægisáðgerðir vegna umhverfisáhrifa, sem skal taka tillit til við útgáfu starfsleyfa. Framkomnar athugasemdir við drögin eru að finna í *Viðauka*, ásamt umsögn um þær. Tillagan er nú auglýst í 6 vikur sbr. 31. gr. skipulagslaga.

¹ Í byrjun síðasta árs var skipaður starfshópur sem ætlað var að kanna framtíðarvalkosti fyrir „miðstöð skotiþróttar“ á höfuðborgarsvæðinu. Sú athugun var m.a. unnin í samráði við einstök skotiþróttafélög, félagasamtök skotveiðimanna, Skotiþróttasamband Íslands og aðra fulltrúa ríkisins og nágrannasveitarfélögin. Starfshópurinn hefur skilað af sér áfangaskýrslu með mögulegum valkostum og lagt hefur verið til að nýr starfshópur verði settur á stofn á vegum SSH og frekari athuganir verði unnar í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og nágrannasveitarfélaganna. Jafnframt því er gengið útfrá því að klárðu verði breyting á aðalskipulagi sem tryggir rekstur skotæfingasvæðanna til skemmri tíma. Sjá samþykkt borgarstjórnar 17. október, 2023. Þar segir í framlögðu skjali: „Að fullreynt verði með nýjum starfshópi að finna framtíðarstaðsetningu „íþróttamiðstöðvar skotiþróttar“.“ Byggt yrdi á fyrirliggjandi kostamati og staðarvalskostum sem taldir eru koma til greina sbr. skýrsla EFLU. Til hans verði stofnað á vettvangi SSH í samráði við nágrannasveitarfélög (Voga, Ölfushrepp) og skotiþróttasamband Íslands. Sá starfshópur skili niðurstöðu innan 1-2 ára.“

² Endurskoðun landnotkunar taki mið af niðurstöðum úr staðarvali nýs skotæfingasvæðis og horfi einnig til tímasetninga varðandi framkvæmda við Sundabraut.



Mynd 1. Afmörkun skotæfingasvæða á Álfsnesi, sbr. samning frá 2003. Alls er um að ræða 40 ha svæði og hefur Skotfélag Reykjavíkur til umráða um 27 ha (b) og Skotreyrn 13 ha (c). Áætlað er að 6-8 þúsund manns noti skotæfingasvæðin á ári. Á svæðinu fer einnig fram próftaka á vegum Lögreglu höfuðborgarsvæðisins (LRH) og hreindýrapróf Umhverfisstofnunar. Svæði merkt a á myndinni var tekið frá til akstursípróttu.

2. Helstu forsendur

Forsaga:

Á utanverðu Álfsnesi eru tvö skotfélög með aðstöðu; Skotfélag Reykjavíkur (SR) sem er ípróttafélag og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) sem er félag skotveiðimanna (sjá Mynd 1). Fyrirnefnda félagið er elsta ípróttafélag landsins, stofnað 2. júní 1867 og eru félagsmenn þess um 1.500 en almennir iðkendur mun fleiri. Þegar loka þurfti aðstöðu Skotfélags Reykjavíkur í Grafarholti árið 2000, vegna uppbyggingar íbúðarhverfis, var í kjölfarið gerður samningur við félagið um umrætt landsvæði í Álfsnesi.³ Áður höfðu verið kannaðir hátt í 20 aðrir staðarvalkostir. Skipulag svæðisins var teiknað upp árið 2003 og var þá einnig gert ráð fyrir aðstöðu fyrir SKOTREYN á svæðinu. Svæðið var ekki tekið formlega í notkun fyrr en árið 2008. Aðstaða á svæðinu hefur verið byggð upp og kostuð af Reykjavíkurborg og hefur töluverðu verið kostað til vegna landmótunar og annarra mannvirkja.⁴ Segja má að skotsvæðið á Álfsnesi komist næst því að vera þjóðarleikvangur skotiþróttu á Íslandi og var það m.a. notað sem keppnisvöllur á Smáþjóðaleikunum árið 2015. Opnunartími á svæðinu hefur jafnan verið takmarkaður, til að koma til móts við umkvartanir vegna ónæðis, auk þess sem mótahald hefur sætt takmörkunum af sömu ástæðu..

Framtíð skotæfingasvæðanna hefur lengi verið í óvissu. Aðalskipulag Reykjavíkur (AR2024, AR2030, AR2030) hefur ekki gert ráð fyrir tilvist skotvalla til lengri framtíðar lítið, vegna árekstra við framtíðar landnotkun. Skotvellirnir hafa rekast á við framtíðar iðnaðarsvæði (I2) á norðvestanverðu Álfsnesi og framtíðarlegu Sundabrautar. Vegna þessarar framtíðarsýnar í aðalskipulagi hafa ekki verið forsendur til að gera deiliskipulag fyrir æfingasvæðin.


³ Samningur dagsettur 13. nóvember 2003. Með honum fylgdu drög að skipulagi svæðisins, sbr. mynd 1, sem þó voru ekki lögð fram sem deiliskipulag samkvæmt skipulagslögum. Drögin voru þó samþykkt í viðkomandi ráðum borgarinnar.

⁴ Sem dæmi hefur verið fluttur mikill jarðvegur á svæðið, einkum vegna hljóðmana, til að minnka hljóðmengun gagnvart byggð á Kjalarnesi. Byggð hefur verið tengibygging milli félagsheimilanna, byggðir 6 kasturnar undir leirdúfuvélar, ólympískir Skeet-haglabyssuvellir eftir ÓL-reglum og byggð ríffilskýli, auk uppbyggingar annars húsakosts.

Gildandi ákvæði um skotæfingasvæðin í AR2040:

Skotfélag Reykjavíkur (SR) er með aðstöðu á utanverðu nesinu og er starfsemi þess einkum innan svæðis sem til framtíðar litið er ráðgert sem iðnaðarsvæði (I2). Í grennd við svæðið er einnig veghelgunarsvæði Sundabrautar og græn útivistarsvæði með strandlengjunni (OP28). Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis er vestan svæðis SR, í jaðri umrædds iðnaðarsvæðis, en einkum á veghelgunarsvæði Sundabrautar og útivistarsvæðinu OP28.

Í byrjun árs 2022, við samþykkt AR2040, voru sett inn sérstök ákvæði um skotæfingasvæðin og þeim skeytt við landnotkunarskilgreiningu fyrir umrætt iðnaðarsvæði (I2). Þar er kveðið á um að heimilt sé að stunda skotíþróttir tímabundið innan svæðisins, enda sé sú starfsemi þegar til staðar á svæðinu: „Framtíð skotæfingasvæðis, sem nú er á svæðinu, verður viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis, sbr. umfjöllun í Inngangi. Þar til endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4.“ (bls. 103)⁵



Mynd 2. Afmörkun skotæfingasvæða á Álfsnesi, m.t.t. stefnu AR2040 um framtíðarlandnotkun og legu Sundabrautar. Skotfélag Reykjavíkur (b) er með megin aðstöðu og starfsemi innan svæðis sem til framtíðar litið er ráðgert sem iðnaðarsvæði (I2, grátt). SKOTREYN (c) er með aðstöðu í jaðri umrædds iðnaðarsvæðis en svæði þess er einkum á útivistarsvæði (OP28) og liggur í fyrirhuguðu vegstæði Sundabrautar.

Í AR2040 (kafla 20.4) er einnig að finna almennt ákvæði, grundvallað á grein 6.1 í skipulagsreglugerð, um endurnýjun starfsleyfa á þróunarsvæðum, þar sem óvissa ríkir um framkvæmd og tímasetningu framtíðarlandnotkunar. Það kveður á um að heimilt sé að endurnýja starfsleyfi fyrir rekstur og starfsemi sem er til staðar til skemmri tíma litið, en það sé ávallt háð mati og nánari upplýsingum um

⁵ Viðkomandi landnotkunarákvæði grundvölluðust á grein 6.1. í skipulagsreglugerð, þar sem segir: „Ef nýtt skipulag felur í sér breytingu á stefnu um landnotkun á tilteknum reit skal gerð grein fyrir því hvenær og hvernig breytingin kemur til framkvæmda og hvað gildir fram að því. Þetta getur t.d. átt við um svæði sem skilgreina á sem þróunarsvæði.“ Hér er vísað sérstaklega til þróunarsvæða, sem iðnaðarsvæði I2 er klárlega, þ.e. svæða sem ætlunin er að umbreytist og færast yfir í aðra landnotkun á skipulagstímabili aðalskipulags. Fyrir liggur að ekki kemur til uppbyggingar á umræddu iðnaðarsvæði á næstu árum og líklegt að skipulagning þess verði skoðuð í samhengi við framvindu Sundabrautarframkvæmdar.

tímasetningu og framvindu uppbyggingar skv. framtíðar landnotkun. Umrætt ákvæði, sbr. einnig sér skilgreining 12, var hugsað til að skerpa á réttarstöðu þeirra fyrirtækja og rekstraraðila og annarra leyfishafa, sem búa við slíka óvissu.⁶ Í umræddu ákvæði segir „að almennt verði mögulegt að endurnýja starfsleyfi einstakra rekstraraðila til skemmri tíma, enda gildistími starfsleyfis vel innan tímamarka gildandi skipulagstímabils og uppbygging samkvæmt framtíðar landnotkun ekki hafin innan viðkomandi svæðis eða í næsta nágrenni við viðkomandi rekstraraðila.“ (bls. 133)

Vegna úrskurðar ÚUA um starfsleyfi SKOTREYNAR og SR er ljóst að þessar forsendur halda ekki einar. Á grundvelli þessa eru nú lagðar til breytingar á aðalskipulaginu sem skerpa frekar á stefnu um landnotkun skotæfingasvæðanna.

⁶ Aðalskipulag er jafnan stefnumarkandi um framtíðar landnotkun til langrar framtíðar á mörgum þróunarsvæðum, sem bíður frekari útfærslu með gerð deiliskipulag þegar komið er að uppbyggingu viðkomandi svæðis, e.t.v. 5, 10 eða jafnvel 15 árum eftir staðfestingu skipulagsins. Í ljósi þessa er mikilvægt og eðlilegt að gera grein fyrir réttarstöðu þeirrar byggðar og starfsemi sem er til staðar á viðkomandi þróunarsvæðum, en á að víkja er fram líða stundir vegna stefnu aðalskipulags um framtíðar landnotkun. Það er, brýnt er að upplýsa eins og kostur hvenær rekstraraðilar, lóðarhafar og fasteignaeigendur megi vænta þeirra breytinga sem boðaðar eru.

3. Markmið og tilgangur

Megin markmið tillögugerðar:


- Að tryggja aðstöðu fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, meðan unnið er að því að finna framtíðarstað fyrir skotæfingar og íþróttamiðstöð skotíþrótta á höfuðborgarsvæðinu.
- Að tryggja tímabundnar landnotkunarheimildir um íþróttastarfsemi (skotæfingasvæði) á Álfsnesi.
- Að leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingasvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi.

4. Stefna og skipulagsákvæði til endurskoðunar – drög að tillögum


Í samræmi við ofangreint er lagt til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á aðalskipulaginu:

Sveitarfélagsuppráttur (1:50.000):

Fyrir breytingu (gildandi skipulag):



Eftir breytingu (tillaga):



Skilgreint verður íþróttasvæði (ÍÞ9) á Álfnesi, alls um 33 ha að stærð og miðast afmörkun þess við núverandi starfsemi skotfélaganna. Lónaðarsvæði I2 skerðist vegna þessa um 13,5 ha og útivistarsvæði OP28 minnkar um tæplega 20 ha, sbr. landfræðileg afmörkun á skipulagsupprætti. Lega stíga breytist einnig til samræmis við breytta afmörkun landnotkunar, en stígar verða til frekari skoðunar í tengslum við skipulag Sundabrautar sem nú er í undirbúningi.

Sjá skýringar við sveitarfélagsupprætt í Viðauka.

Greinargerð AR2040:

Í kafla 10. *Opin svæði til sérstakra nota*, verður eftirfarandi bætt við lista yfir íþróttasvæði (ÍÞ), (bls. 105):

„ÍÞ9. Skotæfingasvæði Álfsnesi. Íþróttasvæði þar sem heimilt er að stunda skotæfingar, skotíþróttir og skylda íþróttastarfsemi. Heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu *allt að* til ársloka 2028. Starfsleyfið skal innihalda eftirfarandi skilyrði og mótvægisaðgerðir, í það minnsta, sbr. einnig umfjöllun í 5. kafla:

- 1) Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og ákveðinn í starfsleyfi og miðast að jafnaði við 5 daga í viku.
- 2) Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða. Setja skal í forgang einfalda aðgerð eins og að hljóðeinangra betur riffilskothús.
- 3) Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.
- 4) Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomið. Á velli Skotreytnar verði skoðað að snúa skotstefnu til NA til að leitast við að draga úr ónæði af völdum hávaða.
- 5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun.
- 6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni.
- 7) Notkun blýhagla verði óheimil.
- 8) Nota skal blýlaus riffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.
- 9) Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).
- 10) Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraraðilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin
- 11) Þegar starfsemin leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að aðgerðum í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrir en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.
- 12) Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Skoða mætti þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Stefna um landnotkun á svæðinu verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára og þá á grundvelli niðurstaðna um staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar litið. Ljóst er að sú vinna, skipulagsbreytingar og mat á umhverfisáhrifum og undirbúningur framkvæmda getur tekið drjúgan tíma og því mikilvægt að skapa hæfilegt svigrúm í aðalskipulaginu fyrir núverandi starfsemi til skemmri tíma litið.“

Eftirfarandi breyting er gerð á skilgreiningu *Iðnaðarsvæðis (I2)*, *Álfsnes-Kollafjörður* (kafla 8.2, bls. 103, sjá feitletrun):

Fyrir breytingu:


8.2. I2. *Álfsnes-Kollafjörður*. Einkum gert ráð fyrir hafnsækinni iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Gert er ráð fyrir lítilli höfn við Kollafjörð en annars er iðnaðarstarfsemi ríkjandi landnotkun á svæðinu. Efnistaka er heimil á svæðinu í takti við undirbúning þess að gera svæðið byggingarhæft (sjá kafla 14. Efnistaka og efnislosun). Framtíð skotæfingasvæðis, sem nú er á svæðinu, verður viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis, sbr. umfjöllun í Inngangi. Þar til endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4.

Eftir breytingu:

8.2. I2. *Álfsnes*. Einkum gert ráð fyrir iðnaðarstarfsemi sem er landfrek og krefst vinnslusvæðis utanhúss. Efnistaka er heimil á svæðinu í takti við undirbúning þess að gera svæðið byggingarhæft (sjá kafla 14. Efnistaka og efnislosun). Stefna um afmörkun og stærð iðnaðarsvæðis verður tekin til endurskoðunar í ljósi niðurstaðna um staðarval framtíðar skotæfingasvæðis og væntanlegra breytinga á starfsemi skotfélaganna.

Vegna skerðingar iðnaðarsvæðis I2, er tafla 7.1. bls. 102 uppfærð:

<u>Fyrir breytingu:</u>			
	Stærð (ha)	Núverandi byggingarmagn (m²)	Áætluð aukning (m²)
Álfsnes-Kollafjörður (I2)	26,9	0*	50.000
* Var ranglega skráð sem 50.000 m²			
<u>Eftir breytingu:</u>			
	Stærð (ha)	Núverandi byggingarmagn (m²)	Áætluð aukning (m²)
Álfsnes (I2)	13,3	0	25.000



Í samræmi við breytta landnotkun á sveitarfélagsupprætti er gerð ofangreind breyting á mynd 10 bls. 102.

Eftirfarandi breytingar eru einnig gerðar á kafla 14 um efnistöku, þ.e. töflu 14.1 á bls. 110. Í gildandi aðalskipulagi var gert ráð fyrir efnistöku á svæðinu í tengslum við landmótun sem nauðsynleg er til þess að gera svæðið byggingarhæft. Áfram er gert ráð fyrir þeim möguleika, sbr. skilgreining iðnaðarsvæðis I2, en tákni fyrir efnistöku er þó fellt út af sveitarfélagsupprætti og eftirfarandi breyting er gerð á töflu 14.1 vegna skerðingar svæðisins.

Fyrir breytingu:			
	Flokkur	Stærð (ha)	Sérskilmálar
E5 Álfarnes, iðnaðarsvæði	Grjót/malar	20	Efnistaka heimil vegna undirbúnings svæðis.
Eftir breytingu:			
	Flokkur	Stærð (ha)	Sérskilmálar
E5 Álfarnes, iðnaðarsvæði	Grjót/malar	13,3	Efnistaka heimil vegna undirbúnings svæðis.

5. Umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingar

Umhverfisáhrif skotæfingasvæðis:

Skotíþróttavellir eða skotæfingasvæði eru ekki tilgreind sérstaklega í Viðauka 1 í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Eftir sem áður er eðlilegt að gera grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu. Þar sem skotæfingasvæðin í Álfsnesi hafa verið starfrækt um langt skeið liggur fyrir vitneskja um helstu umhverfisáhrif á nærliggjandi svæði, sbr. umkvartanir íbúa og athuganir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (sjá til dæmis *Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020*, sjá viðauka). Við útgáfu starfsleyfa hafa verið sett fram ýmis skilyrði og tillögur um aðgerðir til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif (sjá *Viðauka*). Fyrirhuguð breyting, sem felur það í sér að núverandi og óbreytt starfsemi verði áfram á svæðinu til skemmri tíma, mun ekki leiða til nýrra eða aukinna umhverfisáhrifa. Markmiðið er að leita leiða til að draga enn frekar úr umhverfisáhrifum frá skotvöllum og skerpa á því við útgáfu starfsleyfa. Neðangreind umfjöllun byggir á þeim gögnum og upplýsingum sem þegar liggja fyrir um líkleg umhverfisáhrif.

Skotvelli eru í eðli sínu starfsemi sem hefur neikvæð umhverfisáhrif og er skilgreind sem mengandi starfsemi skv. reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit. Umhverfisáhrif skotvalla eru einkum af tvennum toga, ónæði vegna hávaða og möguleg mengun af völdum hagla og skota.

Hávaði: Starfsemi skotvalla fylgir hávaði og ónæði. Hávaðinn ræðst af gerð byssu og skota og náttúrulegum aðstæðum t.d. hvort landslag getur skýlt fyrir áhrifum og hvort bergmál getur orðið. Til að draga úr áhrifum af völdum hávaða má beita ýmsum ráðum s.s. að gera hljóðveggi eða -manir við skotvöllinn, nota hljóðísogandi efni í skothúsum, breyta skotstefnu til að minnka hávaðaónæði eins og því verður við komið, nota hljóðdeyfa þegar það er hægt eða takmarka opnunartíma. Við velli SR eru hljóðmanir en þær gera takmarkað gagn vegna legu lands sem hallar til sjávar og gæti reynst erfitt að koma slíkum hljóðvörnum við. Skoða þyrfti með frekari aðgerðir, byggðar á útreikningum og hönnun hljóðmana, til að draga úr hávaða. Einnig ætti að athuga með að bæta við hljóðeinangrandi eða ísogandi efni í riffilskothús. Á velli Skotreynar ætti að skoða vel möguleika á að snúa skotstefnu en vísbendingar eru úr hljóðmælingu HER um að færsla skotstefnu til NA gæti dregið úr hávaða frá starfseminni.

Mengun: Skotum og höglum fylgir mengun. Helst er hún út frá málum og efnasamböndum í skotunum og höglum, einkum meðan blý var algengt. Á starfstíma skotvallanna hafa verið notuð haglaskot með blýhöglum sem dreifast í ákveðinn skotgeira út frá byssunni. Samkvæmt upplýsingum frá skotfélögunum hefur dregið úr notkun skota með blýhöglum en ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það. Notkun blýhagla var bönnuð frá og með starfsleyfum gefnum út árin 2021 og ekkert bendir til þess að notkun þeirra verði leyfð á ný. Riffilskot fara í jarðvegsbana að baki skotmarki og sitja þar og er hægt að hreinsa þau úr bananum þegar og ef ástæða þykir til. Högl frá haglaskotum dreifast í ákveðinn geira út frá byssunni við hvert skot, háð veðri og vindum. Þessi dreifing nær alveg út að strandlengjunni og út í sjó og veldur því mengun í jarðvegi, á ströndu og í sjó. Mengunin getur einnig hafa borist lífríki t.d. smádyr og hryggleysingja og fugla sem nýta þá sem fæðu, en ekki hafa verið gerðar rannsóknir á því. Æskilegt væri að á skotvöllum sjálfum væri efni sem bindur mengunin og auðvelt væri að

hreinsa svo unnt væri að fjarlægja mengunina. Eins væri æskilegt að hreinsa högl af landi, úr fjöru og sjó ef til þess væru tækifæri og aðstæður.

Aðgerðir til að draga úr umhverfisáhrifum skotæfingasvæðis:

Á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga um umhverfisáhrif frá skotæfingasvæðunum, framkominna umsagna opinberra aðila og hagsmunaaðila og eldri starfsleyfa, er lagt til að hugað verði að eftirfarandi mótvægisáðgerðum:

Hljóðvist:

- 1) Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og miðast að jafnaði við 5 daga í viku. Nánar verði kveðið á um tímalengd og takmarkanir í starfsleyfum.
- 2) Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða, t.d. með notkun hljóðísogsefna, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Setja skal í forgang einfalda aðgerð eins og að hljóðeinangra betur riffilskothús. Rekstraraðili skal hafa samráð við heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) um útfærslu hljóðvarna
- 3) Ávallt skal nota hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.
- 4) Skotstefna hefur áhrif á dreifingu hljóðs í umhverfinu. Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomið. Á velli Skotreynar verði skoðað að snúa skotstefnu til NA til að leitast við að draga úr ónæði af völdum hávaða.
- 5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum áðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun. HER getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni.

Mengun:

- 1) Notkun blýhagla er óheimil.
- 2) Nota skal blýlaus riffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.
- 3) Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).
- 4) Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraraðilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin
- 5) HER getur fyrirskipað rekstraraðila að framkvæma mælingar á mengun af völdum þungmálma frá haglaskotum, innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi HER mælingar skal rekstraraðili hafa samráð við HER um tilhögun og framkvæmd mælinga. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálama: antimon (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólýbden (Mo), nikkell (Ni), tin (Sn), vanadíum

(V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til HER strax og þær liggja fyrir. HER metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá ákvæðum reglugerð um mengaðan jarðveg.

- 6) Þegar starfsemin leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að aðgerðum í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.
- 7) Við rannsóknir og undirbúning að gerð Sundabrautar skal huga að því hvort hægt sé samhliða að gera rannsókn á mögulegum áhrifum blýmengunar á vistkerfi, lífríki og fuglalíf í nágrenni skotsvæðanna, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Ofangreindar aðgerðir verði eftir atvikum hluti bindandi skipulagsákvæða um skilgreiningu íþróttasvæðis og útfærðar nánar og þrengdar, eftir því sem við á, við útgáfu starfsleyfa.

Áhrif breyttrar landnotkunar á iðnaðarsvæði (I2) og Sundabraut:

Breytingartillaga hefur í för með sér að framtíðariðnaðarsvæði I2 á Álfsnesi skerðist um u.þ.b. 13 ha og verður eftir breytingu um 13,3 ha. Í ljósi þess að um framtíðar iðnaðarsvæði er að ræða og settir eru skýrir fyrirvarar um að stefnan um íþróttasvæði skotíþróttar verði tekin til endurskoðunar á ný innan ákveðins tíma, þá mun breyting ekki hafa verulega áhrif á stefnu um uppbyggingu og þróun iðnaðarsvæða. Í þessu samhengi er rétt að benda á að nýtt iðnaðarsvæði var skilgreint í Álfsnesvík, um 11 ha, fyrir nokkrum árum, sem var viðbót við áður skilgreind iðnaðarsvæði í aðalskipulaginu. Þá var einnig aukið við heimildir um iðnaðarstarfsemi á Esjumelum með sérstakri aðalskipulagsbreytingu. Ennfremur er ljóst að endurmeta þarf landþörf iðnaðar til lengri tíma á næstu misserum, m.a. í ljósi flutningi steypustöðvanna úr Ártúnshöfða og verður það gert áður en stefna um íþróttasvæðið verður tekin til endurskoðunar á ný. Áhrif breytingartillögu á iðnaðarsvæði og landþörf iðnaðar og landfrekrar atvinnustarfsemi eru talin óverulega, í það minnsta til skemmra tíma lítið.



7. Samráð og kynningar

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu skrefum við mótnun tillögu, en áfangaskipting vinnunnar miðast við opinberar kynningar samkvæmt skipulagslögum.

Áformuð tillögugerð var kynnt með verklýsingu (sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga), ásamt frumdrögum að tillögu. Skjalið var auglýst í fjölmiðlum vorið 2023, sent til skilgreindra hag- og umsagnaraðila og gert aðgengilegt á vef borginnar. Gefinn var ákveðinn frestur til að koma með ábendingar og athugasemdir. Haldnir hafa verið fundir með hagsmuna- og umsagnaraðilum sem þess óskuðu og málið kynnt í íbúaráði Kjalarness. Lögformleg tillaga eru nú tilbúin til auglýsingar í 6 vikur.

Drög að tillögu (sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010) var kynnt í október og nóvember. Alls bárust 19 umsagnir og athugasemdir, þar af 8 frá lögboðnum umsagnaraðilum og 10 frá íbúum, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum, auk umsagnar frá íbúaráði Kjalarness. Framkomnar athugasemdir við drögin eru að finna í *Viðauka* með tillögunni.

Í athugasemdum íbúa og hagsmunaaðila eru fyrri athugasemdir við endurútgáfu starfsleyfa ítrekaðar, þ.e. um veruleg umhverfisáhrif og ónæði af starfsemi skotvallanna. Sá þáttur sem brennur helst á íbúum og hagsmunaaðilum er hávaðamengun frá starfsemi og hvaða aðferðum eigi að beita við mælingar á henni. Einnig er bent á mögulega blýmengun vegna skotæfingaanna. Fyrir liggur að mikil óánægja er meðal íbúa og fasteignaeigenda í nágrenninu með áframhaldandi starfsemi skotvallanna, þó til skemmra tíma sé, og óttast þeir að með breytingunum sé í raun verið að festa skotæfingasvæðin í sessi til lengri tíma. Vegagerðin gerir einnig athugasemd við forsendur um lengd starfsleyfa og þá sérstaklega fyrir Skotreynd. Það gerir íbúaráð Kjalarness enn fremur og lýsir einnig yfir óánægju með að forsendur útgáfu starfsleyfa einskorðist ekki við Skotfélag Reykjavíkur, eitt félaga. Vegna fjölmargra athugasemda hagsmunaaðila og umsagnaraðila, hefur verið bætt í umfjöllun um umhverfisáhrif og sérstaklega hvernig bregðast megi betur við þeim við útgáfu nýrra starfsleyfa, sem giltu þá í lengsta lagi til ársloka 2028.

Næstu skref í ferlinu eru eftirfarandi:

- Aðalskipulagsbreyting auglýst. Breytingartillögur kynntar í 6 vikur og óskað eftir skriflegum athugasemdum (sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010). **Febrúar-Apríl 2024**
- Afgreiðsla tillögu að lokinni auglýsingu. **Apríl 2024**

8. Umsagnar- og hagaðilar

Umsagnar- og samráðsaðilar eru a.m.k. eftirtaldir:

Umsagnaraðilar	Hagaðilar
Íbúaráð Kjalarness	Íbúasamtök Kjalarness
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins	Sorpa
Kópavogsbær	Björgun
Garðabær	Veitur
Hafnarfjarðarkaupstaður	Skotfélag Reykjavíkur
Seltjarnarneskaupstaður	Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis
Mosfellsbær	Skotíþróttasamband Íslands
Kjósarhreppur	Skotvís
Bláskógabyggð	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
Grímsnes- og Grafningshreppur	Íbúar og landeigendur á áhrifasvæði
Ölfushreppur	skotæfingasvæðis
Skipulagsstofnun	
Umhverfisstofnun	
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	
Minjastofnun	
Faxaflóahafnir	
Vegagerðin	
Náttúrufræðistofnun Íslands	
Borgarsögusafn	

9. Viðaukar

Skýringar við sveitarfélagsuppdrátt (1:150.000)

Erindisbréf starfshóps borgarstjóra dagsett 13. janúar 2023, „Starfshópur um framtíðarlausn á uppbyggingu og staðsetningu skotíþróttar.“

Starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur, ásamt starfsleyfisskilyrðum, dagsett 25. janúar 2023.

Starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, dagsett 26. júlí 2022 (felld úr gildi 30. desember 2022).

Skotíþróttasvæði á Álfsnesi, fornleifaskráning, Borgarsögusafn, júní 2023.

Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020.

Framkomnar athugasemdir og umsagnir við drög að tillögu.

Skýringar við sveitarfélagsupprátt (1:150.000)

LANDNOTKUN

-  Íbúðarbyggð (ÍB)
-  Samfélagsþjónusta (S)
-  Miðsvæði (M) (sjá kafla 6 og mynd 9)
-  Miðborg (M) (sjá kafla 6 og mynd 8)
-  Verslun og þjónusta (Vþ)
-  Athafnasvæði (AT) (sjá kafla 7 og mynd 10)
-  Iðnaðarsvæði (I) (sjá kafla 8 og mynd 10)
-  Hafnir (H) (sjá kafla 9 og mynd 11)
-  Innri höfn
-  Flugvöllir (FV) (sjá kafla 17.3)
-  Veitur og helgunarsvæði (VH)
-  Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)
-  Vegir, götur og stígar (VE)
-  Opin svæði (OP)
-  Íþróttasvæði (ÍÞ)
-  Kirkjugarðar og grafreitir (K)
-  Óbyggð svæði (ÓB)
-  Landbúnaðarsvæði (L)
-  Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL)
-  Vötn, ár og sjór (V)
-  Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)
-  Strandsvæði (ST)
-  Vatnsból (VB)

SAMGÖNGUR

- Mislæg gatnamót*
- Akstursbrú/undirgöng
- Göngubrú/undirgöng¹
- Stofnstígar²
- Tengistígar²
- Reiðvegir⁴
- === Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir³
- == Jarðgöng/stokkar
- Borgarlína **
- Mörk skipulagssvæðis
- Vaxtarmörk þéttbýlis
- Grænn trefill
- Raflínur

VERNDARSVÆÐI

- Vatnsvernd - brunnsvæði (VB)
- Vatnsvernd - grannsvæði (VG)
- Vatnsvernd - fjarsvæði (VF)
- Friðlýst svæði (FS)
- Önnur náttúruvernd (ÖN)
- Hverfisvernd (HV)
- Minjavernd (MV)

¹ Heimilt er að gera ráð fyrir undirgöngum á fleiri stöðum en sýnd eru á upprætti enda er tilgangurinn að auka umferðar-öryggi og/eða greiða fyrir vistvænum samgöngum.

² Staðsetning tákns fyrir stiga á upprætti (punktalína), meðfram stofn- og tengibrautum og öðrum götum er ekki ráðandi um hvoru megin götu stigur liggur. Hjólastígar fylgja almennt stofn- og tengistígum, sbr. skipulagsuppráttur, en heimilt er að leggja sérreinar hjólastíga víðar, sbr. samþykkt Hjólræðaaætlun.

³ Aðrir götur en stofn- og tengibrautir. Hér undir eru safngötur, húsagötur, vistgötur og göngugötur.

⁴ Heimilt er að leggja reiðstíga á fleiri leiðum en auðkenndar eru sem reiðvegir á upprætti og þá samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi.

* Sjá kafla 17.1 í greinargerð.

** Lega Borgarlínu (háæðakerfi almenningsamgangna), sbr. staðfest breyting á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðis 2040, árið 2018 og frumdrög að hönnun fyrstu lotu framkvæmda, sjá Borgarlína - 1. lota, frumdrög og forsendur (febrúar 2021).



ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíðarlausn á uppbyggingu og staðsetningu fyrir skotíþróttir

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Á Álfnsesi eru starfandi tvö skotfélög, Skotfélag Reykjavíkur (SR) sem er íþróttafélag, elsta íþróttafélag í Reykjavík, og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) sem er félag skotveiðimanna. Ekki hefur verið sátt um staðsetningu skotvallanna og hafa íbúar verið ósáttir og kvartað undan hávaðamengun og jarðvegsmengun og kært starfsleyfi til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ljóst er að Sundabraut fer um þetta svæði. Því þarf að huga að framtíðarstaðsetningu fyrir íþróttamiðstöð skotíþróttar og hvenær áætlað er að flutningur skotvalla frá Álfnsesi geti átt sér stað.

Hlutverk og helstu viðfangsefni:

Hlutverk starfshópsins er að leggja fram tillögur að framtíðar staðsetningu fyrir íþróttamiðstöð skotíþróttar sem hentar slíkri samstarfi í samræmi við 13. gr. íþróttalaga, í samráði við sveitarstjórnar á höfuðborgarsvæðinu gegnum SSH, íþróttahreyfinguna, skotfélögin og íslenska ríkið. Mannvirki Íþróttamiðstöðvar skotíþróttar yrðu reist utan alfaraleiða og fjarri byggð og nýtist öllum skotíþróttafélögum á höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Haraldur Sigurðsson, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs, formaður

Eiríkur Björn Björgvinsson, fulltrúi Menningar- og íþróttasviðs

Rósa Magnúsdóttir, fulltrúi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðaraðila kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok 1. júní 2023.

Reykjavík 13. janúar 2023

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir skotvöll (Skotfélag Reykjavíkur) að Álfsnesi.

Nafn leyfishafa: Skotfélag Reykjavíkur

Heimilisfang: Engjavegur 6

Póstnúmer: 104

Kennitala: 600269-2919

Útgáfudagur leyfis: 25. janúar 2023

Gildir til: 25. janúar 2025

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og með sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Skotfélag Reykjavíkur, kt. 600269-2919, fyrir skotvöll í Álfsnesi, dags. 25. janúar 2023.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnaði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 25. janúar 2023


Óskar Jónsson
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08.2026



Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotfélag Reykjavíkur, kt. 600269-2919, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur, kt: 600269-2919 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir til 25. janúar 2025.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.9 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfiskilyrðum skulu ávallt vera tiltæk á starfsstöðinni og ber rekstraraðili ábyrgð á því að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.10 Almennigur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil.
- 2.2 Notast skal við blýlaus riffilskot þegar því er við komið.
- 2.3 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons)



3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðili er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.2 Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.
- 3.3 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.
- 3.4 Rekstraraðili skal í samráði við HER vinna að raunhæfum úrbótum til að minnka hávaða og ónæði frá starfseminni á gildistíma starfsleyfisins.

4. Opnunartími skotvalla

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 4.1.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16.
 - 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfellt. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um skotkeppnir til Heilbrigðiseftirlitsins með a.m.k. 14 daga fyrirvara og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst sama fyrirvara. Verði að fresta móti vegna veðurs má halda það við fyrsta hentugleika í samræmi við það sem fram kemur að ofan. Tilkynna skal slíka breytta tímasetningu strax og hún liggur fyrir.
 - 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.
 - 4.1.4 Heimilt er að sækja um rýmri skottíma fyrir riffla úr riffilhúsi með hljóðdeyfum að undan genginni hljóðmælingu (framkvæmd af eða undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur) sem sýnir að hljóðstig við íbúðarhús mælist lægra en 45 dB (LAeq). Lengsti mögulegi opnunartími, sem hægt er að sækja um, fyrir riffla með hljóðdeyfi er kl. 19-22 mánudaga til fimmtudaga og á laugardögum frá kl. 16-22.

5. Skráningar

- 5.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 5.1.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.
 - 5.1.2 Fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.
 - 5.1.3 Fjölda riffilskota sem innihalda blý á ári.

Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.



6. Ýmislegt

- 6.1 Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.
- 6.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu.
- 6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.
- 6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinsanlegt á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skotum geta dreifst. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.
- 6.5 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað að mæla skuli hversu langt þungmálamamengun frá haglaskotum hefur borist innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal senda tillögu að því hver og hvernig framkvæma á sýnatöku og hvaða aðili sjái um mælingar á sýnunum til Heilbrigðiseftirlitsins til samþykktar. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálama: antimon (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólýbden (Mo), nikkell (Ni), tin (Sn), vanadíum (V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.

Samþykkt á 137 fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 25. janúar 2023.



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir skotvöll í Álfsnesi.

Nafn leyfishafa: Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis

Heimilisfang: Pósthólf 8485

Póstnúmer: 128

Kennitala: 440687-1809

Útgáfudagur leyfis: 26. júlí 2022

Gildir: 31. október 2026

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemi kanna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi og almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnaði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili saki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 26. júlí 2022

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08.2026



Starfsleyfisiskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisiskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisiskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir frá 26. júlí 2022 til 31. október. 2026.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma breytingar á viðkomandi reglugerðum, auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisiskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.9 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisiskilyrðum skulu ávallt vera tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil.
- 2.2 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons)



3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.2 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.
- 3.3 Félagið skal skila til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur raunhæfum tillögum að úrbótum til að minnka hávaðaónæði af starfseminni sem m.a. en ekki eingöngu geta tekið til notkunar á hljóðisogsefnum við skotvelli og breytta skotstefnu svo fljótt sem hægt er og eigi síðar en 31. október 2023. Eftir föngum skal taka mið af skipulagsmálum, m.a. boðaðri vinnu við sérstaka breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem nær til Kjalarness, Álfsness og fleiri strjálbýlla svæða.

4. Opnunartími athafnasvæðis

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 4.1.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og laugardaga frá kl. 10-16.
 - 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfellt. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara.
 - 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.

5. Skráningar

- 5.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 5.1.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.
 - 5.1.2 Fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.

Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

6. Ýmislegt

- 6.1 Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.
- 6.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu.
- 6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.



- 6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinsanlegt á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmur úr skotum geta dreifst. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.
- 6.5 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað að mæla skuli hversu langt þungmálamengun frá haglaskotum hefur borist innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal senda tillögu að því hver og hvernig framkvæma á sýnatöku og hvaða aðili sjái um mælingar á sýnunum til Heilbrigðiseftirlitsins til samþykktar. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálama: antímon (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólýbden (Mo), nikkel (Ni), tin (Sn), vanadíum (V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.

UMSÖGN

Viðtakandi:

Haraldur Sigurðsson

Umhverfis og skipulagssvið, Borgartúni 12-14

Sendandi: Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skotíþróttasvæði á Álfsnesi, fornleifaskráning

Hér er greint frá fornleifarannsókn á norðanverðu Álfsnesi vegna breytingar á aðalskipulagi er varðar skotíþróttasvæði íþ9. Svæðið er afgirt, þar hafa tvö skotfélög haft aðstöðu síðan 2005. Skotfélag Reykjavíkur á vesturhluta og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrenis á austurhluta, sjá mynd 1.

Vegna stærð svæðisins og mikilla fyrri framkvæmda á svæðinu verður gerð sér skráningarskýrsla 224 fyrir þetta svæði.¹ Sótt var um verkefnanúmer til Minjastofnunar Íslands. Verkefnið fékk númerið **3039**. Vettvangsvinna fór fram í maí 2023. Áður hefur fornleifaskráning farið fram á svæðinu vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfsnesi í Reykjavík.² Hluti af svæðinu verður svo aftur skoðaður vegna fyrirhugaðrar Sundabrautar.



Mynd 1. Afmörkun á úttektarsvæði á norðanverðu Álfsnesi, rauð brotalína. Sunnan við svæðið er mótorkrossbraut þar sem áður voru tún og enn sunnar fornleifar við bærinn Álfsnes við Álfsnesvík.³

¹ Margrét Björk Magnúsdóttir og Anna Lís Guðmundsdóttir: *Fornleifaskráning fyrir Skotsvæði á norðanverðu Álfsnesi*, skýrsla 224. Reykjavík 2023.

² Sindri Ellertsson Csillag: *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfsnesi í Reykjavík*.

Fornleifafræðistofan, Reykjavík, 2008.

³ Borgarvefsjá. LUKR: Loftmynd 2022.

Landið sem svæðið er á tilheyrði áður jörðinni Álfnes og eru minjar skráðar undir hana. Álfness er fyrst getið í Landnámabók. Þar er nefndur Þórður í Álfnesi (fyrir og um miðja 10.öld) er var sonarsonur Halls goðlausa þess er nam land milli Mógilsár og Leirvogsár.⁴ Álfness er getið í máldaga sem Magnús biskup Gissurarson setti Þerneyjarkirkju um 1220 og var jörðin þá eign kirkjunnar. Eftir siðaskiptin féllu eignir kirkjunnar niður þegjandi og hefur Álfnes verið talin sér jörð og seld sér. Undir Álfnes heyrði *Háheiði* sem mun hafa lagst í eyði seint á 16. eða snemma á 17.öld og verið síðan talin með Álfneslandi. Háheiði er talin í Gíslamáldaga 1570 og eftir, og hefur þá líklega verið í byggð.⁵ Örnefnið Háheiði er rétt fyrir austan úttektarsvæðið en á utanverðu nesinu segir í örnefnalýsingu að heiti *Höfði* og þar sé „tóm urð“⁶, stórgrýtt svæði með smá gróðurrimum á milli.

Skrá yfir fornleifar og yngri minjar á norðanverðu Álfnesi

Álfnes 273- 33 Varða

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
273-33		Varða	Varða	1900	365518	413227	1	0,9	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á brún sjávarhamra á norðvestanverðu Álfnesi fremst á Höfða um 700 m norðan við íbúðarhúsið í Álfnesi er varða. Varðan var skráð árið 2008 en síðan þá hefur hún hrunið, eða lækkað um helming. Þá var hún talin vera hlaðinn um 1900 og hafi mögulega verið hlaðin á gömlu vörðustæði.⁷ Varðan er ekki landamerkjavarða en vegna staðsetningar hennar á bjarg brúninni gæti hún verið mið eða siglingamerki.

Lýsing: Varðan er hlaðin úr nokkrum stórum steinum ofaná sléttri klöpp.



Mynd 2. Varða (273-33) á Höfða, norðvestan á Álfnesi. Horft til norðurs að Móum á Kjalarnesi.

⁴ Íslenskt fornbréfasafn, I.bindi 1, bls. 50 og 51.

⁵ Íslenskt fornbréfasafn, I.bindi, bls. 411-413.

⁶ Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Ara Gíslasonar fyrir Álfnes (125650-273).

⁷ Sindri Ellertsson Csillag: *Fornleifaskráning vegna fyrirhugaðra framkvæmda í Álfnesi í Reykjavík.*

Fornleifafræðistofan, Reykjavík, 2008, bls. 35.



Mynd 3. Varða (273-33) árið 2008, horft til norðvesturs, ljósmyndari Sindri Ellertsson Csillag.



Mynd 4. Varða (273-33) árið 2023, horft til norðvesturs.

Álfsnes 273-34 Skotgröf

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
273-34		Skotgröf	Skotgröf	1940	366284	413249	7,5	7,5	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á norðanverðu Álfsnesi ofan við Djúpuvík í Kollafirði. Norðan við jarðvegsmon við skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur, í stórgrýtttri urð fast við malarslóða.

Lýsing: Skotgröfin hefur verið mótuð í stórgrýtisurð.



Mynd 5. Horft yfir skotgröf (273-34) og Kollafjörð til norðnorðausturs að Kjalarnesi og Esju.



Mynd 6. Horft yfir skotgröf (273-34) til norðvesturs að Kjalarnesi, Esju og Akrafjalli.

Álfsnes 273-35 Skotgröf

Safnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
273-35		Skotgröf	Grjóthrúga	1940	365721	413041	12	11	Sæmilegt	Nei

Staðhættir: Á Álfsnesi við vesturenda á jarðvegsmön við skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur er skotgröf.

Lýsing: Grjóthrúga með hringlaga laut á toppnum.



Mynd 7. Skotgröf (273-35) á grjóthrúgu. Horft til vesturs að Lundey og Kjalanes til hægri.

BORGARSÖGUSAFN REYKJAVÍKUR

Grandagarði 8, 101 Reykjavík
Sími: (+354) 411 6300
borgarsogusafn@reykjavik.is
www.borgarsogusafn.is



Borgarsögusafn
Reykjavíkur



Mynd 8. Skotgröf (273-35) og endinn á jarðvegsmön við skotsvæði, horft til norðvesturs.

Niðurstöður

Á svæðinu eru skráðar þrjár minjar, ein fornleif, varða (273-33) sem er norðvestast á nesinu, sennilega mið eða siglingamerki, austar eru ummerki frá tímum hersetunnar, skotgröf (273-34) á norðanverðu nesinu og önnur (273-35) við vestur endann á jarðvegsmön Skotfélags Reykjavíkur. Fyrir utan svæðið og 30 m utan girðingar, er varða (273-32) og 48 m norðaustur af eru sennilega ummerki eftir herinn grjóthrúga og niðurgröftur (273-36), en úttekt á þeim er ekki skráð hér. Ekki er vitað hvar býlið „Háheiði“ var, en frekari rannsóknir gætu leitt það í ljós.

Þó svo að fornleifaskráning hafi farið fram, er það engin trygging fyrir því að ekki séu óþekktar fornleifar á svæðinu, en komi minjar í ljós við framkvæmdir skal tilkynna það Minjastofnun Íslands.

Virðingafyllst, fyrir hönd Borgarsögusafns

Anna Lísu Guðmundsdóttir

Verkefnastjóri fornleifa

Margrét Björk Magnúsdóttir

Fornleifafræðingur

María Karen Sigurðardóttir

Deildarstjóri Minjavörslu og rannsókna

Afrit í tölvupósti:

Minjastofnum Íslands: postur@minjastofnun.is



Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) barst á síðast liðnu ári umsókn frá Skotfélagi Reykjavíkur um endurnýjun starfsleyfis fyrir skotvöll félagsins að Álfsnesi. Dagana 3.-18. september 2020 fóru fram rannsóknir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi og voru þær liður í vinnslu nýrra starfsleyfisskilyrða auk þess sem rannsakaðar voru kvartanir sem borist hafa embættinu. Rannsókninni var skipt í tvennt.

Rannsóknir á blýmengun:

Forkönnun

Þann 3. september fór fram forkönnun á svæðinu og var þá svæðið sem nær frá enda skotbrauta og niður í fjöru gengið og jarðvegur skoðaður. Teknar voru myndir auk sýna af höglum. Niðurstöður þeirra skoðunar voru þær að talsvert magn af höglum var að finna í jarðvegi og var um að ræða bæði ný og gömul högl. Högl fundust á nokkuð stóru svæði og voru þau greinanleg í opnum jarðvegi sem er víða á svæðinu en erfiðara var að greina högl í gróðri eða í fjörusandi þó að tilvist þeirra þar hafi verið staðfest. Staðfest var að högl berast niður í fjöru frá skotsvæðunum.



Mynd 1 sýnir dæmi um opinn jarðveg á svæðinu með greinilegum höglum á yfirborði

Talning á höglum í jarðvegi

Þann 18. september fór fram talning á höglum í jarðvegi. Eins og kom fram í forkönnun þann 3. september þá voru högl greinanleg í opnum jarðvegi en illgreinanleg annars staðar. Var því ákveðið að talning hagla færi fram með því að setja út talningareiti í opnum jarðvegi dreift á svæðinu og fjöldi hagla talinn á yfirborði. Reitum var reiti dreift um svæðið til að fá sem besta mynd af fjölda og dreifingu hagla á svæðinu og voru þeir í c.a. 100-150m fjarlægð frá hvoru skotsvæði. Niðurstöður voru aðgreindar milli skotsvæða.



Mynd 2 er yfirlitsmynd fyrir bæði skotsvæði. Vinstra megin er skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur og hægra megin er skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur. Sýnatökustaðir þar sem högl voru talin eru merktir með brúnum punkti.



Mynd 3 sýnir talningareit staðsettan á dæmigerðum sýnatökureit (vinstri) og hvernig reitum var gefið nafn (hægri)

	A	B	C	D	E
1	A1	B1	C1	D1	E1
2	A2	B2	C2	D2	E2
3	A3	B3	C3	D3	E3
4	A4	B4	C4	D4	E4
5	A5	B5	C5	D5	E5

Við talningar var settur niður rammi á hverjum sýnatökustað sem var 50 x 50 cm á stærð með innri reiti sem voru 10 x 10 cm (mynd 3). Við greiningu gagna fékk hver 10 x 10 reitur heiti. Mynd var tekin af hverjum ramma og staðsetning skráð og fjöldi hagla í hverjum 10 x 10 cm reit talinn. Við hvern sýnatökustað var einn 10x10 cm reitur valinn og höglum safnað í sýnapoka sem var merktur þeim reit til að nota við hlutfallsgreiningu á blýhöglum. Til að reikna út fjölda hagla á fermetra (m²) var fjöldi talinna hagla í hverjum 10x10 cm reit margfaldaður með 100, (þ.e. 100 10x10 cm reitir eru 1



m²) og áætlaður fjöldi hagla á fermetra fyrir sýnatökureitinn fenginn með því að reikna út meðaltal þessara 25 reita. Staðalskekkja við þessa útreikninga var reiknuð með eftirfarandi formúlu.

$$\text{Staðalskekkja} = \frac{\text{Staðalfrávik}}{\sqrt{n}}$$

Niðurstöður talninga hagla

Tafla 1 niðurstöður reitatalninga á höglum og reiknaður fjöldi hagla á fermetra (m²) við skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur (SR).

Reitur	Heildar fjöldi talinna hagla á sýnatökustað:	Reiknað meðaltal hagla á fermetra (m ²)	Staðalskekkja (+/-)
1	84	336	52
2	41	164	28
3	65	260	34
4	144	576	66
5	129	516	45
6	114	456	65
7	276	1104	87
8	99	396	50
9	101	404	45
10	15	60	26
11	69	276	39
12	145	580	68
13	150	600	54
14	429	1716	149
15	213	852	73
16	283	1132	136

Tafla 2 niðurstöður reitatalninga á höglum og reiknaður fjöldi hagla á fermetra (m²) við skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreyrn).

Reitur	Heildar fjöldi talinna hagla á sýnatökustað:	Reiknað meðaltal hagla á fermetra (m ²)	Staðalskekkja (+/-)
17	52	208	42
18	400	1600	107
19	639	2556	168
20	503	2012	194
21	349	1396	128
22	534	2136	139
23	207	828	112

Niðurstöður talninga voru notuð til að reikna áætlaðan fjölda hagla á fermetra fyrir hvert skotsvæði og má sjá þær niðurstöður í töflu 3 hér að neðan.

Tafla 3 sýnir reiknað meðaltal hagla á fermetra (m²) fyrir alla sýnatökustaði skipt eftir skotfélögum.

	Skotfélag Reykjavíkur (SR)	Skotveiðifélag Reykjavíkur (Skotreyn)
Áætlaður fjöldi hagla á fermetra (m ²)	589,3	1533,7
Staðalskekkja	103,2	282,8
Fjöldi sýna (n)	16	7

Talningar á höglum samantekt

Þegar áætlaður fjöldi hagla á fermetra (m²) er skoðaður fyrir bæði svæðin sést að talsvert magn af höglum er að finna í jarðveginum við skotsvæðin en það var ekki óviðbúið. Greinilegur munur er á áætluðum fjölda hagla á fermetra (m²) milli skotsvæða. Rétt er að taka fram að aðstæður eru mismunandi milli skotsvæða og er að jarðvegsmön sem er við skotvöll Skotfélags Reykjavíkur (SR) taki stóran hluta af höglum sem þaðan berst. Við skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreyn) er engin slík jarðvegsmön og sýnatökustaðir í beinni sjónlínu við skotsvæðið.



Mynd 4 sýnir drægni haglaskota ef miðað er við 250 m radíus

Skv. upplýsingum frá skotsfélögunum getur drægni haglaskota verið allt að 250 m frá skotstað og þar sem skotstefna beggja skotsvæða vísar út að sjó er víst að haglaskot berast niður í fjöruna neðan við skotsvæðin og var það staðfest í forkönnun HER á svæðinu.

Greining á hlutfalli blýhagla

Til fá hugmynd um hlutfall blýhagla á móti stálhöglum var ákveðið að senda högl til greiningar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem voru tekin í forkönnun þann 6. september á mismunandi stöðum á svæðinu.



Niðurstöður greiningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands

Skoðuð voru massahlutföll frumefna í 33 höglum og reyndust 12 þeirra vera úr stáli en 21 þeirra úr blýi. Einnig var skoðað hvort að högl væru segulmögnuð og reyndust 10 af 12 stálhöglum taka segul en þau tvö sem ekki tóku segul voru ryðguð. Við skoðun reyndust engin blýhögl taka segul. Massahlutfall af blýi í höglum var nokkuð breytilegt en blýhögl innihéldu frá 76,9 til 92,48% en stálhögl innihéldu frá 0,6 til 8,6 %. Niðurstöður greiningar eru meðfylgjandi sem fylgiskjal 1.


Niðurstöður greiningar HER á hlutfalli blýhagla

Niðurstöður greiningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sýndu að fjöldi blýhagla var talsverður en einnig að blý var að finna í bæði stál- og blýhöglum í mis miklum mæli. Einnig sýndi rannsóknin að öll heilleg stálhögl væru segulmögnuð en blýhöglin ekki og var því hægt að greina í sundur högl með segli.

Tafla 4 sýnir þá talningareiti þar sem högl voru tekin til hlutfallsgreininga

Sýnatökureitur	Blýhögl tekin úr reit	Skotsvæði
1	A1	Skotfélag Reykjavíkur
2	B1	Skotfélag Reykjavíkur
3	C1	Skotfélag Reykjavíkur
4	D1	Skotfélag Reykjavíkur
5	E1	Skotfélag Reykjavíkur
6	A2	Skotfélag Reykjavíkur
7	B2	Skotfélag Reykjavíkur
8	C2	Skotfélag Reykjavíkur
9	A1	Skotfélag Reykjavíkur
10	B1	Skotfélag Reykjavíkur
11	C1	Skotfélag Reykjavíkur
12	D1 & D3	Skotfélag Reykjavíkur
13	E1	Skotfélag Reykjavíkur
14	A2	Skotfélag Reykjavíkur
15	B2	Skotfélag Reykjavíkur
16	C2	Skotfélag Reykjavíkur
17	D2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
18	E2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
19	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur
20	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur
21	D2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
22	E2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
23	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur

Eins og áður hefur komið fram var öllum höglum í einum reit á hverjum sýnatökustað safnað og voru högl hvers sýnis aðgreind með segli. Heildarfjöldi hagla var 200 og var hlutfall blýhagla af heildarfjölda um 47%. Ekki var talin ástæða til að greina sérstaklega mun á milli svæða Skotfélags Reykjavíkur og Skotveiðifélags Reykjavíkur hvað þetta varðar



Mynd 5: Myndin sýnir hlutfall blýhagla af heildarfjölda í greiningu HER.

Samantekt rannsókna á hlutfalli blýhagla

Niðurstöður greiningar benda til þess að hlutfall blýhagla sé hærra en búist var við út frá upplýsingum sem HER hefur haft fram að þessu. Telur HER að verði blýhögl notuð á svæðinu í sama hlutfalli og niðurstöður sýna geti það valdið jarðvegsmengun.



Hávaði og hljóðmælingar:

Mælt var á fimm stöðum og fór hljóðmæling fram þann 15. september 2020. Mælingar voru gerðar við Skriðu og Stekk, Móaberg, Esjuberg, Hvamm og í hlíðum Esjunnar.


Regluverk og viðmiðunargildi:

Fjallað er um mörk fyrir hávaða í 4. gr. reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Enn fremur eru viðmiðunarmörk gefin upp í töflu III í viðauka reglugerðarinnar.

Tafla III. Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi.							
Tegund húsnæðis	Mörk fyrir atvinnustarfsemi						
	L _{Aeq} (07-19)		L _{Aeq} (19-23)		L _{Aeq} (23-07)		L _{AFmax} nótt
	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Inni
Íbúðarhúsnæði á íbúðarsvæðum	50	30	45	30	40	25	40
Íbúðarhúsnæði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum	55	30	55	30	40	30	45
Dvalarrými á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	60*	35	50*	35	50*	30	45
Iðnaðarsvæði og athafnasvæði	70		70		70		
Fristundabyggð	35		35		35		35

Athygli er vakin á eftifarandi ákvæði úr 6.gr reglugerðarinnar: "Rekstraraðilar atvinnustarfsemi skulu miða rekstur sinn við að hljóðstig í byggð sem verður fyrir áhrifum af starfseminni, verði ekki yfir mörkum í töflu III í viðauka. " Í 8. gr. segir einnig: "Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða. "

Svæðið þar sem hljóðmælar voru staðsettir, fyrir utan mælinguna í hlíðum Esjunnar, er skilgreint sem landbúnaðarsvæði skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 eins og sést á mynd 6. Hlíðar Esjunnar eru skilgreindar sem opið svæði skv. aðalskipulagi. Skotvöllur Skotfélags Reykjavíkur er á svæði sem er skilgreint sem iðnaðarsvæði en skotvöllur Skotveiðifélags Reykjavíkur er á svæði sem skilgreint er sem opið svæði



Mynd 6 sýnir aðalskipulag svæðisins skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Dökk grænt er opið svæði, ljós grænt er landbúnaðarsvæði og rautt er efnistöku- og efnislosunarsvæði. Gulu punktarnir sýna hvar hljóðmælingar fóru fram.



Mynd 7 Myndin sýnir aðalskipulag svæðisins í kringum skotvöllina skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Dökk grænt er opið svæði, ljós grænt er landbúnaðarsvæði og dökk grátt er iðnaðarsvæði. Rauðu punktarnir sýna hvar skotvöllirnir eru staðsettir.

Búnaður:

Til mælinga var notaður: Brüel&Kjær 2250 hljóðmælir (Class I)

Fyrir mælingu var mælirinn kvarðaður með B&K 4321 kvarðara samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Notast var við stormkúlu (B&K UA-1650) á hljóðnema og var leiðrétt fyrir henni í mælingum þegar hún var notuð.



Auk þess voru settir upp tveir síritandi frá fyrirtækinu Munisense. Mælarnir tveir SPA (class 1) og SP4 (class 2) voru settir upp á ljósastaura með meðfylgjandi gagnabeini (ZGO outdoor 4G gateway) til að flytja gögnin. Mælarnir eru síritandi og eru kvarðaðir af framleiðanda.

Aðferðir:

Unnið var eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar sem gefnar voru út í mars 2011 „Leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits“

Hljóðmæling var framkvæmd þann 15. september s.l. í samvinnu við Skotfélag Reykjavíkur í þremur mismunandi skotlotum. SPA og SP4 mælarnir eru síritandi og voru því að safna gögnum á meðan allar skotloturnar stóðu yfir en færa þurfti B&K mælinn milli staða. Fyrsti mælistaður var Esjuberg, annar Hvammur og þriðji var í hlíðum Esjunnar. Fyrir hverjar skotlotu var B&K hljóðmælir settur upp og skyttur látur vita að mæling gæti hafist. Skotið var frá svæði Skotfélags Reykjavíkur og byrjað var að skjóta úr þremur mismunandi stærðum af rifflum 22, .223 og .308 inni í skothúsi án hljóðdeyfis. Skotið var u.þ.b. fimm skotum úr hverjum riffli og var heildartími riffilskota um 10 mínútur. Því næst var gerð fimm mínútna hlé á mælingu á meðan skyttur færðu sig yfir á leirdúfuskotsvæði. Mæling var hafin aftur og skotið fimm sinnum úr haglabyssu með stuttu millibili á haglabyssu skotsvæði. Þegar skot lotu var lokið hringdu skyttur í heilbrigðisfulltrúa til að láta vita að skotlota væri búin. Mælir var því næst fluttur á næsta stað og ferlið endurtekið.

Eftirfarandi mælieiningar voru notaðar við mælingarnar:

- LAeq,T er jafngildishljóðstig með A-síu yfir T mínútur
- LAfmax er hæsta hljóðbil, Fast (125 ms), með A-síu.
- LCpeak er hæsti hljóðtoppur með C-síu

Öll mæligildi voru leiðrétt vegna mælióvissu (0.8 dB)

Staðsetningar mæla

Hljóðmælt var á fimm stöðum eins og sést á mynd 8 hér að neðan og var SP4 hljóðmælir staðsettur við Skriðu og Stekk, SPA hljóðmælir við Móaberg og B&K hljóðmælir á þremur staðsetningum Esjuberg, Hvammur og í hlíð Esjunnar. Staðsetningar voru valdar með hliðsjón fyrri hljóðmælinga sem hafa verið framkvæmdar af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Mælistaður í hlíðum Esjunnar var valinn til að meta ónæði fyrir útivistariðkenndur á svæðinu.



Mynd 8 sýnir staðsetningar hljóðmæla við hljóðmælingar þann 18. september 2020. SP4 hljóðmælir við Skriðu og Stekk (blár punktur), SPA hljóðmælir við Móaberg (grænn punktur) og B&K hljóðmælir á þremur staðsetningum Esjuberg, Hvammur og í hlíð Esjunnar (gulir punktar). Staðsetning skotvalla Skotfélags Reykjavíkur (SR) og Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreyr) er merkt með rauðum punktum.

Uppsetning B&K mælis (B&K 2250):

Fyrir mælingu var mælirinn kvarðaður inni í bíl til að forðast hljóðmengun og var það gert með B&K 4321 kvarðara samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda. Notast var við stormkúlu (B&K UA-1650) á hljóðnema og var leiðrétt fyrir henni í mælingum þegar hún var notuð. Hljóðnemi var settur á þrífót í u.þ.b. 1,5 metra hæð. Gætt var þess að hljóðnemi væri ekki nær vegg en 0,5m til að koma í veg fyrir skekkju vegna endurkasts. Vindhraði mældur til að ganga úr skugga um að hann sé undir 5 m/s sem eru viðmiðunarmörk fyrir hljóðmælingar sbr. leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.



Mynd 9 sýnir staðsetningar uppsetningu B&K hljóðmælis á mælistöðum. Mælistaður 1 (vinstri) er við Esjuberg, mælistaður 2 (miðja) er við Hvamm og mælistaður 3 (hægri) er í hlíðum Esjunnar.

Uppsetning SPA mælis:

SPA Hljóðmælir (class 1) var settur upp á ljósastaur með meðfylgjandi gagnabeini (ZGO outdoor 4G gateway) til að flytja gögnin. Staurinn er staðsettur skammt frá Móabergi og var mælir settur upp í u.þ.b. 3,5 m hæð. Hljóðmælir er síritandi og var settur upp þann 14. september 2020.



Mynd 10 sýnir SPA hljóðmæli uppsettan við Móaberg

Uppsetning SP4 mælis:

SP4 hljóðmælir (class 2) var settur upp á ljósastaur með meðfylgjandi gagnabeini (ZGO outdoor 4G gateway) til að flytja gögnin. Staurinn er staðsettur við enda skógarbeltis á leiðinni upp að Skriðu og Stekk og var mælir settur upp í u.þ.b. 3,5 m hæð. Hljóðmælir er síritandi og var settur upp þann 14. september 2020.



Mynd 11 sýnir SP4 hljóðmæli uppsettan við Skriðu og Stekk

Niðurstöður hljóðmælinga:

Eftirfarandi eru niðurstöður ú hljóðmælingum sem fóru fram þann 15. september 2020 milli kl 13 og 16. Hiti var um 7 C° og vindur var undir 5 m/s á öllum mælistöðum.

Tafla 5 sýnir niðurstöður hljóðmælinga fyrir mælistaði

		Móaberg	Skriða/stekkur	Esjuberg	Hvammur	Esjuhlíðar
Mæling 1 (riffilskot)	LAeq	44	45	51		
11:05 mín	LAFmax			60		
	LCeq	70	58	94		
Mæling 2 (haglaskot)	LAeq	45	49	49		
06:07 mín	LAFmax			55		
	LCeq	71	58	92		
Mæling 3 (riffilskot)	LAeq	47	49		47	
11:05 mín	LAFmax				60	
	LCeq	73	61		98	
Mæling 4 (haglaskot)	LAeq	46	51		47	
04:37 mín	LAFmax				59	
	LCeq	67	60		88	
Mæling 5 (riffilskot)	LAeq	46	51			50
10:44 mín	LAFmax					65
	LCeq	72	59			99
Mæling 6 (haglaskot)	LAeq	46	53			52
07:12 mín	LAFmax					61
	LCeq	70	59			97



Tafla 6 sýnir niðurstöður jafngildishljóðstigs (L_{Aeq}) fyrir alla mælistaði

	Móaberg	Skriða/stekkur	Esjuberg	Hvammur	Esjuhlíðar
Mæling 1	44 dB	50 dB	51 dB		
Mæling 2	45 dB	49 dB	49 dB		
Mæling 3	47 dB	49 dB		47 dB	
Mæling 4	46 dB	51 dB		47 dB	
Mæling 5	46 dB	51 dB			50 dB *
Mæling 6	46 dB	53 dB			52 dB *

*Ekki mælt við hús heldur opið svæði – gildi eru því aðeins til samanburðar.

Við mælingar 1-4 var einungis skotið á skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur (SR) en þegar mæling 5 og 6 fór fram voru skotæfingar einnig hafnar á skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreyn). Við hljóðmælingar 1-4 var erfitt að greina þegar skotið var á skotsvæðinu. Við mælingar 5 og 6 voru skothljóð greinilegri en þá voru skotæfingar einnig hafnar á skotsvæði Skotreynar. Ríkjandi hljóð við mælingar var umferðarniður.

Samantekt

Í töflu III í reglugerð nr. 724/2008 eru gefin upp viðmiðunargildi fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi fyrir mismunandi tegundir húsnæðis. Skv. skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er skilgreiningin á frístundabyggð svæði þar sem tvö eða fleiri frístundahús standa í þyrpingu eða nýta sameiginlega tengingu við veg eða veitur. Frístundabyggð er ekki ætluð til fastrar búsetu og er því ekki hægt að nota viðmiðunargildi fyrir frístundabyggð. Nokkur húsanna sem mælt var við hafa fasta búsetu og var því miðað við viðmiðunargildi fyrir íbúðarhús á íbúðarsvæði.

Þegar jafngildishljóðstíg mælinga (tafla 5) eru borin saman við gildandi viðmiðunargildi sést að mælingar eru undir eða við viðmiðunargildin fyrir tímabilið kl. 7-19 (50 dB) en hins vegar eru gildin aðeins yfir viðmiðunargildum fyrir tímabilið kl. 19-23 (45 dB). Í núverandi starfsleyfisiskilyrðum er heimilaður opnunartími skotvalla eftirfarandi:

á veturna, frá 16. september til 14. apríl: á virkum dögum frá kl. 12-20 og á laugardögum frá kl. 12-18.

á sumrin, frá 15 apríl til 15. september: á virkum dögum frá kl. 10-22 og á laugardögum frá kl. 10-18.

Þar sem mældur hljóðstyrkur fór yfir viðmiðunargildi fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi fyrir tímabilið kl. 19-23 telur HER að rétt sé að stytta opnunartíma að kvöldi, þ.e. milli kl. 19-23, til að takmarka ónæði vegna skothljóða.

Skilgreiningar:

Merking orða og orðasambanda skv. reglugerð (724/2008) um hávaða.

L_{AeqT} : Jafngildishljóðstíg (Equivalent Continuous Noise Level) yfir tiltekinn tíma T og mælieining er dB. A-ið er svo sú tíðnisía sem er notuð og líkir eftir þeirri tíðni sem við nemum (20 Hz til 20 kHz).

$L_{A_{fmax}}$: Hámarkshljóðstíg (Fast Maximum A-weighted Noise Level) í dB yfir ákveðinn tíma. F stendur fyrir fast eða 125 ms og A-ið er tíðnisían.



L_{Cpeak} : Hæsti hljóðtoppur

Hljóðstig: Mælikvarði á hljóðstyrk, oftast mælt í desíbelum með svonefndri A - síu sem líkir eftir næmi eyrans. Hljóðstigið er þá táknað LA og mælieiningin er dB(A).

Hæsti hljóðtoppur: Hæsti hljóðtoppur (sekúndubrot) á mælitímanum skv. C-síu. Ef hæsti hljóðtoppur er mældur í dB(C), er hann táknaður LCpeak. Ef mælt er með C-síu þá er hljóðstigið táknað LC og mælieiningin dB(C).

L_{AeqT} : Jafngildishljóðstig, mælt yfir tímabil T (t.d. T=24 stundir eða T=frá kl. 07 til kl. 19)

Jafngildishljóðstig: Vegið meðaltalshljóðstig, táknað Leq, sem samsvarar sömu hljóðorku á mælitímanum og hinn raunverulegi breytilegi hávaði. Ef jafngildishljóðstigið er mælt í dB(A), er það táknað LAeq.

Frístundabyggð: Byggð frístundahúsa, þ.e. byggð sem ekki er ætluð til heilsársbúsetu

Íbúðarsvæði: Svæði þar sem fyrst og fremst er gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði. Þar kann þó einnig að vera gert ráð fyrir starfsemi sem eðlilegt er að þar sé til þjónustu við íbúa viðkomandi hverfis, s.s. verslunum, hreinlegum iðnaði, handiðnaðarfyrirtækjum, þjónustustarfsemi og leiksvæðum, eða annarri starfsemi sem hvorki verður ætlað að muni valda óþægindum vegna lyktar, hávaða eða óþrifnaðar né dragi að sér óeðlilega mikla umferð.

Fylgiskjöl

Niðurstöður Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands á massagreiningu frumefna í höglum



Reykjavík, 15. janúar 2024

Mál **Skotæfingasvæði á Álfsnesi**. Skilgreining íþróttasvæðis (Íþ). Tímabundin ákvæði um rekstur skotæfingasvæða. **Umsagnir við drög að tillögu og samþykkt tillögu í auglýsingu.**

Tillagan sem nú er lögð fram, sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er efnislega samhljóða drögunum sem kynnt voru í október og nóvember sl., en settir hafa verið mun ítarlegri skilmálar sem þarf að horfa til við útgáfu starfsleyfa (sjá að neðan).¹

Alls bárust 19 umsagnir og athugasemdir, þar af 8 frá lögboðnum umsagnaraðilum og 10 frá íbúum, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum, auk umsagnar frá íbúaráði Kjalarness. Framkomnar athugasemdir við drögin eru að finna í *Viðauka* með tillögunni. Í athugasemdum íbúa og hagsmunaaðila eru fyrri athugasemdir við endurútgáfu starfsleyfa ítrekaðar, þar sem bent er á veruleg umhverfisáhrif og ónæði af starfsemi skotvallanna. Sá þáttur sem brennur helst á íbúum og hagsmunaaðilum er hávaðamengun frá starfseminni og hvaða aðferðum eigi að beita við mælingar á henni. Einnig er bent á mögulega blýmengun vegna skotæfinganna. Fyrir liggur að mikil óánægja er meðal íbúa og fasteignaeigenda í nágrenninu með áframhaldandi starfsemi skotvallanna, þó til skemmra tíma sé, og óttast þeir að með breytingunum sé í raun verið að festa skotæfingasvæðin í sessi til lengri tíma. Vegagerðin gerir einnig athugasemd við forsendur um lengd starfsleyfa og þá sérstaklega fyrir Skotreyn. Það gerir íbúaráð Kjalarness ennfremur og lýsir einnig yfir óánægju með að forsendur útgáfu starfsleyfa einskorðist ekki við Skotfélag Reykjavíkur, eitt félag.

Vegna fjölmargra athugasemda hagsmunaaðila og umsagnaraðila, hefur verið bætt í umfjöllun um umhverfisáhrif og sérstaklega hvernig bregðast megi betur við þeim við útgáfu nýrra starfsleyfa, sem giltu í lengsta lagi til ársloka 2028. Þar sem skotæfingasvæðin í Álfsnesi hafa verið starfrækt um langt skeið liggur fyrir allnokkur vitneskja um helstu umhverfisáhrif og mat á þeim í aðalskipulagsbreytingu kallar þannig ekki á nýjar rannsóknir eða úttektir. Mikilvægast er að settir verði ríkari kröfur við útgáfu starfsleyfa og um vöktun starfseminnar. Í ljósi framkominna athugasemda hagsmunaaðila og einnig umsagna opinberra aðila, er í framlagðri tillögu settir strangari skipulagsskilmálar og ákvæði um mögulegar mótvægisáðgerðir, sem skal taka tillit til við útgáfu starfsleyfa, sjá hér að neðan tillögu að skilgreiningu svæðisins:

„Íþ9. Skotæfingasvæði Álfsnesi. Íþróttasvæði þar sem heimilt er að stunda skotæfingar, skotíþróttir og skylda íþróttastarfsemi. Heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu allt að til ársloka 2028. Starfsleyfið skal innihalda eftirfarandi skilyrði og mótvægisáðgerðir, í það minnsta, sbr. einnig umfjöllun í 5. kafla:

- 1) Opnunartími skotæfingasvæðanna verði takmarkaður og ákveðinn í starfsleyfi og miðast að jafnaði við 5 daga í viku.*
- 2) Rekstraraðili skal tryggja hljóðvarnir og koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða. Setja skal í forgang einfalda aðgerð eins og að hljóðeinangra betur riffilskothús.*
- 3) Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.*

¹ Í byrjun síðasta árs var skipaður starfshópur sem ætlað var að kanna framtíðarvalkosti fyrir „miðstöð skotíþróttar“ á höfuðborgarsvæðinu. Sú athugun var m.a. unnin í samráði við einstök skotíþróttafélög, félagasamtök skotveiðimanna, Skotíþróttasamband Íslands og aðra fulltrúa ríkisins og nágrannasveitarfélögin. Starfshópurinn hefur skilað af sér áfangaskýrslu með mögulegum valkostum og lagt hefur verið til að nýr starfshópur verði settur á stofn á vegum SSH og frekari athuganir verði unnar í samstarfi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og nágrannasveitarfélaganna. Jafnframt því er gengið útfrá því að klárud verði breyting á aðalskipulagi sem tryggir rekstur skotæfingasvæðanna til skemmri tíma. Sjá samþykkt borgarstjórnar 17. október, 2023. Þar segir í framlögðu skjali: „Að fullreynt verði með nýjum starfshópi að finna framtíðarstaðsetningu „íþróttamiðstöðvar skotíþróttar“. Byggt yrði á fyrirliggjandi kostamati og staðarvalkostum sem taldir eru koma til greina sbr. skýrsla EFLU. Til hans verði stofnað á vettvangi SSH í samráði við nágrannasveitarfélög (Voga, Ölfushrepp) og skotíþróttasamband Íslands. Sá starfshópur skili niðurstöðu innan 1-2 ára.“

- 4) Haga skal skotstefnu þannig að hávaði valdi sem minnstu ónæði, þar sem því er viðkomið. Á velli Skotreytnar verði skoðað að snúa skotstefnu til NA til að leitast við að draga úr ónæði af völdum hávaða.
- 5) Með umsókn um starfsleyfi HER skal rekstraraðili leggja fram tillögur að raunhæfum aðgerðum til að lágmarka ónæði vegna hávaða frá starfseminni ásamt tímasettri framkvæmdaáætlun.
- 6) Í starfsleyfi skal setja fram skýrar kröfur um vöktun hávaða frá starfseminni.
- 7) Notkun blýhagla verði óheimil.
- 8) Nota skal blýlaus riffilskot eða skot með lágmarksinnihaldi blýs séu blýlaus skot ekki valkostur.
- 9) Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).
- 10) Rekstraraðilar skotsvæða skulu standa fyrir almennri hreinsun á svæðinu að minnsta kosti tvisvar á ári þar sem högl, tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Ennfremur skulu rekstraraðilar standa að hreinsun fjörunnar með reglubundnum hætti a.m.k. tvisvar sinnum á ári, þar sem áhersla skal vera á að fjarlægja högl, skot, leirdúfurestar, tóm skothylki og forhlöð sem hafa borist út fyrir skotsvæðin
- 11) Þegar starfsemin leggst af skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við HER. Jafnframt skal rekstraraðili vinna áhættugreiningu í samræmi við ákvæði í 10. gr. reglugerðar um mengaðan jarðveg nr. 1400/2020 og skila til HER ásamt tillögum að aðgerðum í samræmi við niðurstöður áhættugreiningarinnar. Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt HER hefur farið fram og hreinsun verið metin fullnægjandi.
- 12) Undirbúa skal frekari rannsóknir á áhrifum mögulegrar blýmengunar á lífríki og fuglalíf sérstaklega og vistkerfi, sbr. lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og gerð vatnaáætlunar. Skoða mætti þann möguleika að huga að þeim rannsóknum í tengslum við undirbúning framkvæmda við Sundabraut og skal Reykjavíkurborg bera kostnað af þeim rannsóknum.

Stefna um landnotkun á svæðinu verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára og þá á grundvelli niðurstaðna um staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar lítið. Ljóst er að sú vinna, skipulagsbreytingar og mat á umhverfisáhrifum og undirbúningur framkvæmda getur tekið drjúgan tíma og því mikilvægt að skapa hæfilegt svigrúm í aðalskipulaginu fyrir núverandi starfsemi til skemmri tíma lítið.“

Tillagan verður nú auglýst í 6 vikur sbr. 31. gr. skipulagslaga að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar. Að auglýsingu lokinni verður tillagan tekin til skoðunar á ný í ljósi allra framkominna athugasemda og þeim svarað formlega.

Haraldur Sigurðsson



Umhverfis- og skipulagssvið
Höfðatorg - Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

***Umsögn íbúaráðs Kjalarness við drög að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi
Reykjavíkur 2040 – skotæfingasvæði á Álfsnesi***

Á fundi íbúaráðs Kjalarness 12. október 2023, var lagt fram umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 12. október 2023, vegna Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 - Skotæfingasvæði á Álfsnesi. Drög að tillögu sbr. 2. mgr. 30 gr. skipulagslaga ásamt fylgiskjöllum, sbr. 2. liður fundargerðar sama dag. Íbúaráð Kjalarness samþykkti að fela formanni að skila umsögn ráðsins fyrir tilskilinn frest.

Í samræmi við ofangreinda samþykkt er umsögn íbúaráðs Kjalarness vegna málsins hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,
Heimir Snær Guðmundsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Starfsmaður íbúaráða Reykjavíkurborgar.

Hjálagt: Umsögn íbúaráðs Kjalarness við drög að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – skotæfingasvæði á Álfsnesi

1. nóvember 2023

Umsögn íbúaráðs Kjalarness við drög að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 – skotæfingasvæði á Álfsnesi

1. Íbúaráðið gerir athugasemd við tímalengd breytingarinnar á aðalskipulagi það er álit ráðsins að 4 ár séu allt of langur tími fyrir íbúa að búa við þann hávaða sem hlýst af starfseminni.
2. Það þykir óviðunandi að mati ráðsins að aðilar ótengdir ÍSÍ svo sem Skotreyn hafi aðgengi að aðstöðunni sem myndi auka enn frekar á það ónæði sem af starfseminni hefur hlotist. Það er augljóst að með því að veita aðilum ótengdum ÍSÍ aðgengi að aðstöðunni þá er starfsleyfi líklega það næsta í farvatninu. Íbúaráðið telur algerlega óviðunandi að starfsleyfum verði fjölgað.

Umsögn

Skotæfingasvæði á Álfsnesi

b.t. Skipulagsstofnunar
Borgartúni 7b, 105 Reykjavík
Skilað í Skipulagsgátt (mál nr. 716/2023)

Vegagerðin hefur fengið til umsagnar drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, er varða skotíþróttasvæði á Álfsnesi. Í drögunum er sett fram tillaga að skilgreiningu íþróttasvæðis á Álfsnesi þar sem núverandi skotæfingasvæði eru til staðar. Gert er ráð fyrir að landnotkunin sé tímabundin og heimilt að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu til ársloka 2028.

Vegagerðin gerir athugasemdir við að tímamörk endurnýjunar starfsleyfa miðist við árslok 2028 enda stendur til að hefja framkvæmdir við Sundabraut á árinu 2026.

Síða 1/2

1. Sundabraut

Vegagerðin og Reykjavík vinna nú að undirbúningi Sundabrautar frá Sæbraut að Kjalarnesi. Áætlað er að framkvæmdir hefjist á árinu 2026 og ljúki árið 2031. Skammur framkvæmdatími gerir það að verkum að unnið verður á öllum hlutum leiðarinnar samtímis og því ljóst að framkvæmdir á Álfsnesi munu standa yfir frá árinu 2026, gangi áætlanir eftir.

Í 5. kafla tillögunnar þar sem fjallað er um umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingar er að finna undirkaflann *Áhrif breyttrar landnotkunar á iðnaðarsvæði (I2) og Sundabraut* en þar er enga umfjöllun um Sundabraut að finna.

2. SKOTREYN


Eins og fram kemur í tillögunni liggur aðstaða Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) í fyrirhuguðu vegstæði Sundabrautar. Ætla má að aðstaðan ónýtist að mestu eða öllu leyti þegar framkvæmdir við Sundabraut hefjast, að líkindum á árinu 2026.

3. SR

Óvíst er hvaða áhrif framkvæmdir við Sundabraut munu hafa á starfsemi Skotfélags Reykjavíkur (SR). Þó er ljóst að núverandi aðkoma að svæðinu ónýtist á einhverjum tímamarki, til lengri eða skemmri tíma. Verði æfingasvæði SR í notkun á framkvæmdatímanum þarf því að skilgreina hjáleidir að svæðinu. Eins þarf að tryggja aðkomu að skotsvæðinu til framtíðar verði því ekki fundinn annar staður. Sú tenging yrði að líkindum um fyrirhuguð vegamót Sundabrautar í Álfsnesi.

Vegagerðin

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08.2026



Myndin sýnir þá valkosti í legu Sundabrautar sem eru til skoðunar á Álfsnesi. Allar leiðir á milli veglínanna á myndinni koma til greina. Rauður punktur táknar staðsetningu fyrirhugaðra vegamóta.

Síða 2/2

4. Niðurstaða

Vegagerðin fer fram á að endurnýjun starfsleyfis SKOTREYN á Álfsnesi miðist við árslok 2026 með möguleika á framlengingu verði framkvæmdir við Sundabraut ekki hafnar.

Vegagerðin sér ekkert því til fyrirstöðu að starfsleyfi SR á Álfsnesi verði endurnýjað til ársloka 2028 en tryggja þarf aðkomu að svæðinu á framkvæmdatíma.

Að öllu ofansögðu er ljóst að fyrirhugaðar framkvæmdir við Sundabraut gera það að verkum að flýta þarf vinnu við að finna starfsemi SKOTREYN framtíðarstað í Reykjavík. Sé fyllsta öryggis og veghelgunar gætt sér Vegagerðin enga annmarka á því að skotíþróttavellir verði í nágrenni Sundabrautar.

Vegagerðin

Virðingarfyllst,
Helga Jóna Jónasdóttir
verkefnisstjóri Sundabrautar hjá Vegagerðinni

Reykjavíkurborg - Umhverfis- og skipulagssvið.
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Garðabær, 30. október 2023
Málsnúmer: 202310-0021
SS

Efni: Umsögn um drög að breytingu á aðalskipulagi vegna skotíþróttasvæðis á Álfsnesi

Vísað er í tölvubréf frá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkur dags. 12. október 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er varðar skotíþróttasvæði á Álfsnesi. Aðalskipulagsbreytingin skapar skilyrði fyrir skotíþróttasvæðis til skemmri tíma, meðan fundin er önnur staðsetning fyrir félögin.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um lýsingu fyrir aðalskipulagsbreytinguna þann 21. apríl 2023. Í þeirri umsögn kom Náttúrufræðistofnun með almenna ábendingu um að brýnt væri að bæta vöktun af áhrifum starfsemi skotíþróttasvæðisins á lífríki. Þar vægi þýngst hætta á blýmengun vegna hagla. Afar mikilvægt væri að fylgja eftir banni við notkun blýs á svæðinu sem sett var ákvæði um í nýtt starfsleyfi árið 2021. Þá ætti að huga að frekari hreinsun í fjörum sem orðið hafa fyrir áhrifum af blýmengun og stuðla að betri rannsóknnum af mögulegum áhrifum blýmengunar á fuglalíf. Einnig ætti að móta aðgerðir til að draga úr hávaðamengun frá starfseminni, bæði til að minnka truflun fyrir fólk og lífverur.

Fram kemur í greinargerð um drög að aðalskipulagsbreytingu að nánar verður fjallað um umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar og hvernig tekist verður við þau atriði sem m.a. Náttúrufræðistofnun benti á í umsögn sinni um skipulagslýsinguna, í endanlegri tillögu að aðalskipulagsbreytingu. Náttúrufræðistofnun mun bíða með frekari athugasemdir um aðalskipulagsbreytinguna þar til sú endanlega tillaga liggur fyrir með nánari umfjöllun um umhverfisáhrifin og aðgerðir til að draga úr þeim.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs





Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Reykjavíkur og
nágrennis

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og
nágr.
henny@minjastofnun.is

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið – Skipulagsfulltrúi

Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 26. október 2023
MÍ202310-0053/ 6.08 / 0645

Efni: Skotæfingasvæði Álfsnes

Með tölvubréfi dagsett 12. október 2023 óskaði Reykjavíkurborg eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um drög að aðalskipulagsbreytingu er varðar skotsvæðið á Álfsnesi. Meðfylgjandi erindinu var greinargerð, *AR2040 skotæfingasvæði á Álfsnesi – drög að tillögu, breyting nr. 1, október 2023*. Um er að ræða tímabundna landnotkunarheimild til ársloka 2028. Í tillögunni er lagt til að núverandi skotæfingasvæði verði skilgreint sem íþróttasvæði (ÍP9) á sveitarfélagsupprætti og mun iðnaðarsvæði (I2) og útivistarsvæði (OP28) skerðast vegna þessa. Samkvæmt meðfylgjandi gögnum eru ekki fyrirhugaðar framkvæmdir á svæðinu en tekið er fram í kafla 5, að skoða þyrfti möguleika á að reisa hljóðveggi eða hljóðmanir til að draga úr hávaða.

Fyrir liggur umsögn Borgarsögusafns Reykjavíkur dagsett 16.06.2023. Samkvæmt henni eru þrjár minjar á svæðinu, ein fornleif, varða (273-33) sem staðsett er á mörkum skráningarsvæðisins norðvestast á nesinu og tvær yngri minjar skotgrafir (273-34) og 273-35).

Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreind drög að aðalskipulagsbreytingu fyrir skotsvæðið á Álfsnesi. Rétt er að benda á 2. mgr. 23. gr. laga nr. 80/2012, en þar segir: „Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal framkvæmdaraðili eða viðkomandi sveitarfélag gera Minjastofnun Íslands viðvart með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara áður en áætlaðar framkvæmdir hefjast og lýsa þeim breytingum er af framkvæmd mun leiða.“

Virðingarfyllst,

Henny Hafsteinsdóttir
Minjavörður Reykjavíkur og nágr.

Afrit sent:

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík (skipulag@reykjavik.is)

Borgarsögusafn Reykjavíkur (minjavarsla@reykjavik.is)

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Haraldur Sigurðsson, deildarstjóri aðalskipulags hjá umhverfis- og skipulagssviði
Reykjavíkurborgar (haraldur.sigurdsson@reykjavik.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnarsýslustigi og ekki kæranlegar til æðra stjórnvalds.

Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Skipulagsfulltrúinn í Reykjavík.

Kópavogi, 8. nóvember 2023
23101231/501.00 KH

Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Skotæfingasvæði á Álfsnesi. Drög að tillögu.

Á fundi skipulagsráðs 6. nóvember 2023 var lagt fram erindi Haralds Sigurðssonar, deildarstjóra aðal- og svæðisskipulags f.h. Reykjavíkurborgar, dags. 12. október 2023, þar sem óskað er umsagnar Kópavogsbæjar um drög að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, dags. í október 2023.

Í breytingunni felst breytt landnotkun á norðanverðu Álfsnesi. Iðnaðarsvæði og opið svæði skerðast og komið verður fyrir nýju íþróttasvæði þar sem heimilt verður að stunda skotæfingar, skotíþróttir og skylda íþróttastarfsemi. Stefna um landnotkun verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára.

Bókun skipulagsráðs:

Lagt fram.

Skipulagsráð gerir ekki athugasemdir við framlögð drög að tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040.

Erindið er aðeins sent rafrænt nema annars sé óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsfulltrúa


Karlotta Helgadóttir
Ritari skipulagsdeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08.2026

Reykjavíkurborg
Skipulag@reykjavik.is
Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes

Sími 433 8500

Kt. 630606-1950

26. október 2023

2303043

Aðalskipulagsbreyting í Reykjavík - Skotípróttasvæði á Álfsnesi.

Á 26. fundi umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar-, og landbúnaðarnefndar Hvalfjarðarsveitar þann **18.10.2023** var gerð eftirfarandi bókun:

Erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Drög að aðalskipulagsbreytingu er varðar skotípróttasvæði á Álfsnesi, sbr. áður kynnt verkefnislýsing, eru nú til kynningar og umsagnar. Í drögunum er sett fram tillaga að skilgreiningu ípróttasvæðis á Álfsnesi, þar sem núverandi skotæfingasvæði eru til staðar í dag. Gert er ráð fyrir að um tímabundna landnotkunarheimild sé að ræða og verði heimilt að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu til ársloka 2028. Stefna um landnotkun á svæðinu verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára og þá á grundvelli niðurstaðna um staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar litið. Með vísan til 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga eru umrædd gögn lögð fram til kynningar og umsagnar. Drögin verða til kynningar í skipulagsgáttinni, sjá skipulagsgatt.is, samráðsvettvangi um skipulagsmál og mat á umhverfisáhrifum.

Óskað er eftir því að athugasemdum verði komið á framfæri á þeim vettvangi fyrir 2. nóvember nk.

Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaða aðalskipulagsbreytingu vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsemi skotæfingasvæðis á Álfsnesi, eins og þau eru kynnt erindinu.

Endanlegri afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar.

Á 385. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar sem haldinn var **25.10.2023** var tekið fyrir mál

Erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu:

"Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar staðfestir afgreiðslu Umhverfis-, skipulags-, náttúruverndar- og landbúnaðarnefndar, að gera ekki athugasemd við fyrirhugaða aðalskipulagsbreytingu vegna fyrirhugaðra breytinga á starfsemi skotæfingasvæðis á Álfsnesi, eins og þau eru kynnt í erindinu."

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Það tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

Jökull Helgason
Skipulags- og byggingarfulltrúi Hvalfjarðarsveitar
skipulag@hvalfjardarsveit.is

Vegna: Máls nr. 0716/2023, Skotæfingasvæði á Álfsnesi - breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (Lýsing)

Athugasemd: Umsögn sveitarstjórnar Bláskógabyggðar frá 18.10.2023: Aðalskipulagsbreytingar Reykjavíkur 2023 - 2303034 Erindi deildarstjóra aðal- og svæðisskipulags Reykjavíkurborgar, dags. 12.10.2023, varðandi drög að aðalskipulagsbreytingu er varðar skotíþróttasvæði á Álfsnesi. Umsagnarfrestur er til 02.11.2023. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna.

Höfundur: Ásta Stefánsdóttir/asta@blaskogabyggd.is

Sent inn þann: 18.10.2023

Sigurbjörg Sigurðardóttir:

Enn og aftur á að gefa starfsleyfi fyrir skothvelli í Álfnesi! Til ársins 2028. Við getum ekki séð fram á að nokkur vilji hafi verið til að finna nýjan og heppilegri stað fyrir þessar skothríðir undanfarin ár. Lesum: „Í grennd við svæðið er einnig veghelgunarsvæði Sundabrautar og græn útivistarsvæði með strandlengjunni (OP28).“ Græn útivistarsvæði? Hver nýtur þeirra undir þessum skothvillum? Þar að auki getur varla talist hættulaust að ganga um þessi grænu útivistarsvæði. Það hefur greinilega gengið að æfa skotfimi einhvers staðar annars staðar á meðan starfsleyfi var ekki í Álfnesi. Bústaður okkar, Móaberg, er ekki nothæfur til búsetu vegna hávaða á meðan verið er að skjóta í Álfnesi. Hver vill búa þar sem skothvellir rjúfa kyrrðina – það er eins og að við séum stödd í stríði. Útleiga er ekki möguleg. Við erum algjörlega á móti því að veitt verði nýtt starfsleyfi til skotæfinga í Álfnesi. Ekkert virðist hafa verið gert til þess að finna nýjan varanlegan stað. Allt of mörg ár hafa þegar liðið við þessa skothvelli, allt of mörg ár höfum við þurft að berjast til þess að fá frið á landinu okkar, í bústaðnum okkar. Nú er nóg komið! Helga Sigurðardóttir Kjartan Sigurðsson Sigurborg Sigurðardóttir Móabergi, Kjalarnesi 31/10 2023

Helga Rúna Gústafsdóttir:

Við mótmælum harðlega fyrirbyggjandi drögum að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040, er varðar skotíþróttasvæði á Álfsnesi. Það er með ólíkindum að landeigendur þurfi að vera í baráttu árum saman við borgina og skotfélögin, það er ólíðandi. Það liggja fyrir margvísleg gögn frá viðurkenndum aðilum um alvarlega mengunarpætti sem hljóta af starfsemi skotfélaganna. Hvernig er hægt að líta fram hjá þeim og leyfa mengunaraðilum að njóta vafans? Það er ljóst að ef starfsemin fær leyfi þá mun verðmæti lands skerðast verulega og lífsgæði þeirra sem þar búa. Í kjölfarið gæti skapast bótakrafa en fordæmi er fyrir slíku vegna hljóðmengunar. Þá er þessi breytingartillaga algjörlega á skjön fyrir framtíðarsýn borgarinnar um að vera umhverfisvæn borg. Kollafjörður, Esjan og umhverfið þar í kring er stór náttúruparadís sem fólk vill njóta í friðsæld en ekki við skotgny. Stöðvið fyrirætlanir strax og finnið þessu áhugafólki nýjan stað. Undirritaðar eru eigendur að landi og húsi í Móavík, landeignarnúmer 125732. Helga Rúna Gústafsdóttir. Hrefna Stefánsdóttir. Berglind Sunna Stefánsdóttir. Birna Stefánsdóttir. Stefán Örn Hauksson. Gunnar Ingi Elvarsson.

Hreinn Hákonarson:

Undanfarna mánuði/ár hefur skotsvæðið í Álfnesi meira og minna verið lokað á grundvelli úrskurða Úrskurðanefndar um umhverfis- og auðlindamál. Íbúar í nágrenni skotsvæðisins hafa þurft að hafa mikið fyrir því að ná þeim árangri þar sem Reykjavíkurborg virðist eindregið styðja starfsemi skotfélaganna gegn sínum eigin íbúum. Það voru mikil vonbrigði að sjá að starfshópur borgarinnar sem samkvæmt erindisbréfi átti að leita að nýjum stað fyrir skotæfingasvæði leggi til að framlengja starfsleyfi skotfélaga í Álfnesi til ársloka 2028 með því að breyting verði gerð á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar. Í kynningu á tillögunni segir: „Með þessari tillögu eru boðaðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR040) sem varða núverandi skotæfingasvæði á Álfnesi. Þær lúta að því að skapa skilyrði fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur (SR) og Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) til skemmri tíma litið, meðan fundin er framtíðar staðsetning fyrir félögin. 1. Ljóst má vera að það mun taka nokkurn tíma að klára endanlegt staðarval, undirbúa nýtt svæði, semja við landeigendur, vinna skipulag og umhverfismat og hanna og undirbúa framkvæmdir. Því er mikilvægt að skapa skilyrði í AR2040, þannig að mögulegt verði að gefa út starfsleyfi til félaganna til skemmri tíma litið.“ Á meðan skotsvæðin í Álfnesi hafa verið lokað hafa félagsmenn skotfélaganna væntanlega fundið sér aðra staði til að stunda íþrótt sína. Hver er ástæða þess að svo nauðsynlegt er að geta skotið í Álfnesi að það kalli á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar? Hvað liggur hér að baki? Af hverju geta skotveiðimenn ekki farið annað á meðan verið er að vinna í málinu? Hvers vegna er svo mikilvægt „að skapa skilyrði í AR2040, þannig að mögulegt verði að gefa út starfsleyfi til félaganna til skemmri tíma litið“? Hljóðmengun hjá íbúum og útivistarfólki á Kjalarnesi og þar með talið í Esjuhlíðum, og önnur umhverfismengun frá skotsvæðinu, hefur margoft verið tíunduð í umsögnum og samtölum og verður ekki endurtekin hér. Eru lýðræðislega kosnir borgarfulltrúar sammála því að koma fram við íbúa sína á þennan hátt? Skotsvæði á ekki heima í eða nálægt íbúabyggð! Hugmyndir um framlengingu á starfsleyfum skotfélaganna í Álfnesi til ársloka 2028 gefa ekki vonir um að raunverulegur vilji sé hjá borgaryfirvöldum til að leita farsælla lausna í þessu máli. Þar sem við viljum trúa því að augu manna opnast sendum við þessa athugasemd. Sigríður Pétursdóttir, Hreinn Hákonarson Dýjahlíð við Esjuveg

Rúna Hauksdóttir Hvannberg:

Hér með er því harðlega mótmælt Reykjavíkurborg hafi enn og aftur gefið gefið Skotfélagi RVK og nágrennis nýtt starfsleyfi á Álftanesi til 2028 sem er enn lengra en áður hefur verið tilkynnt.

Hér er verið að ganga þvert á tillögur -

Umhverfisstofnunar -UST um Heilbrigðiseftirlit RVK eigi að nota nýja aðferð við að mæla hljóðmengun

sú aðferð er sama aðferð og landeigendur notuðum og sýndi heilsuspillandi hávaða. Með þessu er verið að taka íþyngjandi ákvörðun og Skotfélag RVK og nágrennis njóta vafans varðandi heilsuspillandi hávaða auk þess að ívilna með lengri tíma. Með þessari aðgerð er verið að minnka verðmæti lands á Kjalarnesi og sérstakalega úr landi Móa þar sem hávaðamengun er hvað mest. Þetta er aðför að stjórnarskrárvörðum réttindum okkar er snúa að eignarhaldi og verðmætum. Því getur skapast bótakrafa í kjölfarið þar sem fordæmi eru fyrir slíku vegna hljóðmengunar.

Undirrituð er eigandi að landi í Móavík landsnúmeri 125732 og 125851

Reykjavíkurborg - Umhverfis- og skipulagssvið. Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 1. nóvember 2023

Efni: Umsögn um drög að breytingu á aðalskipulagi vegna skotípróttasvæðis á Álfsnesi

Ég hef kynnt mér drög að breytingu á aðalskipulagi vegna skotípróttasvæðis á Álfsnesi sem nú er til umsagnar. Hér á eftir fara athugasemdir mínar, en áður en lengra er haldið vil ég leggja fram alvarlegar athugasemdir við kynningarferlið

Sjá skjal Kynningarferlið.

og samráð við íbúa og landeigendur á Kjalarnesi.

Sjá skjal samráð við íbúa og landeigendur

Hávaðamengun er viðvarandi meðan skotvellingarnir eru opnir og hef ég ásamt öðrum íbúum og landeigendum margoft óskað eftir við Reykjavíkurborg að sjálfstæð óháð verkfræðistofa með sérþekkingu á hljóðmælingum framkvæmi hljóðmælingar á svæðinu öllu þar á meðal í Esjuhlíðum og næsta nágrenni, þar sem nú er vinsælasta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins meðal göngufólks, fjallaklifrara, fuglaljósmyndara, hestamanna, hundabjálfa, kajaksiglinga, fjallareiðhjóla og almennra útivistaráhugamanna.

Sjá skjal um hávaðamengun og mælingar

Aldrei verður of oft á því tuggið að því betra sem samráð er, og þá samstaða, því meiri verða gæði afurðarinnar og hún líklegri til að virka.

Skotvellinga burt af Álfsnesi.

Sigríður Ingólfssdóttir

Kynningarferlið.

1. Skv. 2.mgr. 30.gr skipulagslaga, er ferill málsins athygliverður. En á borgarráðsfundi **12.okt.2023**
<https://reykjavik.is/fundargerdir/borgarrad-fundur-nr-5719>
8.liður er lagt til að vinna að aðalskipulagsbreytingunni.. ...til endanlegrar samþykktar borgarstjórnar. Borgarstjórnarfundur var þann **17.okt. 2023**
<https://reykjavik.is/fundargerdir/borgarstjorn-borgarstjorn-17102023> liður 14.
2. Á fundi Íbúaráðs Kjalarness 19.04.2023
<https://reykjavik.is/fundargerdir/ibuarad-kjalarness-fundur-nr-37> liður 1 er óskað eftir fundi með samráðshóp um skotvellinga. Því miður hefur sá fundur enn ekki verið haldinn, a.m.k. ekki opinberlega. Enn eitt dæmi um **samráðsleysi** við íbúa og landeigendur
3. Auglýsing um íbúafund Íbúaráðs Kjalarness á Facebook síðu Grænt Kjalarnes fundurinn er boðaður **12. okt. 2023**. Annar liður fundarins er
„Málefni skotsvadisins á Alfsnesi. Til kynningar. MSS22100061“. Ég fór á fundinn og átti von á kynningunni frá samráðhópnum sem óskað hafði verið eftir á fundi Í.K. 19.04.2023. Nei. Dagskrá fundarins var breytt á fundinum (sem þó er ekki getið í fundargerð)
<https://reykjavik.is/fundargerdir/ibuarad-kjalarness-fundur-nr-41>
Haraldur Sigurðsson kom frá Reykjavíkurborg með kynningu um breytingu á aðalskipulagi v. skotvallanna. Þetta kom hvergi fram í auglýsingum um fundinn, hvorki íbúar né landeigendur því upplýstir um kynninguna. Að mínu mati uppfyllir þetta ekki skilyrði 2.mgr. 30 gr. skipulagslaga . Reykjavíkurborg ber að kynna breytinguna með mun skilvirkari hætti þannig að íbúar og landeigendur geti kynnt sér / haft áhrif á málið, óska ég hér með að sú kynning fari fram. Sérlega mikilvægt vegna áralangra kvartana, athugasemda og kærur íbúa til UUA. Þetta veit stjórnkerfi Reykjavíkurborgar mæta vel.
4. Kynningin á Íbúaráðsfundi fer fram sama dag og borgarráð leggur til að vinna að aðalskipulagsbreytingunni. **12.okt.2023**

Samráð við íbúa og landeigendur v. skotvallanna.

Samráð við íbúa og landeigendur hefur ekkert verið og óskuðu því 5 aðilar eftir fundi með samráðsnefndinni. Sá fundur var haldinn 13.04.2023. Fyrir fundinn ákváðum við að setja niður nokkra punkta á blað til að skilja eftir á fundinum og óskuðum svara við þeim. Þau svör hafa enn **ekki** borist nú 6 og hálfum mánuði síðar.

Þessir punktar voru eingöngu fyrir samráðshópinn en ekki athugasemdir við aðalskipulagsbreytingunni enda hún ekki komin í auglýsingu. Við litum því ekki á þessa punkta sem opinber gögn. Því miður hafa þessir punktar farið í opinbera dreifingu með nöfnum okkar og fleiru sem er andstætt persónuverndarlögum vegna öryggissjónarmiða.

*Blaðið með punktunum fer hér með sem athugasemdir við Aðalskipulagsbreytingunni.

10.04.2023

Fundur íbúa og landeigenda með samráðshópi RVK 13.04.2022.

Hverra hagsmuna er Reykjavíkurborg að gæta við áætlaða gerð nýs aðalskipulags?

1. **Er það** fjöldi almenns útivistarfólks eða íbúar og landeigendur á Kjalarnesi sem hafa allt frá opnun svæðanna sent kvartanir til lögreglu og HER, auk þess að mótmæla með undirskriftalistum, gera fjölmargar athugasemdir við nokkrar útgáfur starfsleyfa HER og sent 4 kærur til ÚUA. **Eða** tiltölulega fámenns hóps skotveiðimanna sem stundar æfingasvæðin þótt félagafjöldinn sé mikill ?

Hvaðan koma tölurnar um iðkendur ? Eru þetta staðfestar tölur-t.d. skráningar ? Hversu marga iðkendur þarf til að réttlæta nýtt starfsleyfi/fjármagna skotsvæði á Álfsnesi?

28 manns á dag (250 daga) eða 7000 manns/á árinu á móti 1000 manns íbúar/landeigendur á Kjalarnesi og tugþúsunda útivistafólks (30-40 þúsund manns/ári) sem labba upp Esjunna ásamt kajakara í firðinum. Upplýsingar sýna að svæðin eru mun minna notuð en þau telja vera, t.d. er Skotfélag Reykjavíkur einungis búið að hafa opið á laugardögum allan veturinn og þegar Skotreyn hefur verið með opið svæði hefur verið erfitt að fá félagsmenn til að opna svæðið (of fáir sem vildi koma og æfa ?). Lögreglan og UST hafa farið og æft sig annas staðar nú þegar!

2. Er áætluð gerð nýs aðalskipulags eingöngu til að koma til móts við skotfélögin ? Gerð nýs aðalskipulags er bæði tímafrekt og kostnaðarsamt ferli auk þess sem margkallað hefur verið eftir heildarskipulagi AR2040 á Kjalarnesi sem ítrekað hefur verið lofað en ítrekað frestað. Er það til að hægt sé að búa svæðið niður eftir stundar/sér hagsmunum þeirra sem þurfa að losna við ýmiskonar mengandi starfsemi ?

Hvorki hefur verið gert aðalskipulag, deiliskipulag, né afmörkun lóðar, ekkert framkvæmdaleyfi né byggingaleyfi fyrir starfsemi skotfélaganna. Afnot lóðanna til 2020 skv. samningi við RVK. auk þess sem starfsleyfisskilmálar hafa verið margbrotnir allt frá upphafi. Er nú verið að verðlauna skotfélögin fyrir háttsemina með ætlaðri breytingu á aðalskipulaginu? Hefur réttarstaða íbúa og landeigenda verið könnuð vegna fyrirhugaðra fyrirhugaðra breytinga á skipulaginu? Íbúar leggjast hart á móti gerð þessa nýja aðalskipulags á Álfsnesi og ítreka óskir sínar um „Skotvellinga burt af Álfsnesi“

3. Í skýringum -SKOT-Lýsing skipulagsgerðar er alloft vísað í „ til **skemmri tíma** litið og **tímabundinn**“. Þetta þarf að útskýra betur, en óskráð regla er að aðalskipulag er gert til langs tíma. Skilmálar eiga að vera mjög skýrir. Í Evróputilskipun eru ákvæði um að meta skuli umhverfisáhrif breytinga.
4. Staðsetning skotsvæðanna er og hefur verið óásættanleg við fjöru og sjó þar sem almannaréttur um frjálsta för er á 50 metra belti skv.skipulagsreglugerð 5.3.2.14gr. Enginn getur verið þar á ferð nema vera í mikilli lífshættu. Kajakræðarar nota einnig Kollafjörðinn. Auk þess sem alla tíð hefur verið vitað um uppsöfnuð blýhögl í tonnavís í fjöru og sjó og eru þar enn.. Klettabeltin í Esju endurkasta skothvellingum um stórt svæði m.a. um fjölsótt útivistasvæði í hlíðum Esjunnar. Er stefnan nú að tryggja skotveiðimönnum áframhaldandi starfsemi á kostnað rétt almennings til kyrrlátrar útiveru?

Til hvaða aðgerða ætlar Reykjavíkurborg að grípa EF opna á skotvellinga aftur, verði af ætluðum skipulagsbreytingum?

5. Árósasamningurinn tekur m.a. einnig á þessu „Samkvæmt lögnum er stjórnvöldum einnig skylt að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf sé ástæða til að ætla að mengun geti haft í för með sér hættu eða skaðleg áhrif á umhverfi eða heilsu fólks og dýra.

6. Allt frá opnun skotvallanna hefur **ekki** verið framkvæmt það sem áskilið hefur verið í mismörgum starfsleyfum, m.a. að leggja yfirborðsefni, gera jarðvegsmælingar v. mengunar jarðvegsins (þrátt fyrir óháða dýra rannsókn HER -Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020-)á að minnka eins og mögulegt er hávaðamengun, hreinsa svæðið þegar starfsemi hættir o.fl. HER hefur ekkert sinnt eftirlitshlutverki sínu að þessu leiti, en hefur þó ýmis verkfæri í kistunni til að bregðast við. **En gerir ekki og hefur ekki gert í 15 ár.** Meðf. eftirlitsskýrsla HER 2020. Hvernig hyggst Reykjavíkurborg standa að eftirliti með að starfsleyfisskilyrðum sé fullnægt?
7. Í markmið og tilgangur (bls. 7) er tekið fram að „...leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif...“ og á bls. 10 eru talin upp þau umhverfisáhrif sem þarf að taka tillit til. Breytingar og aðgerðir sem lagðar eru til á svæðinu er ómarktækar vegna þess að þarna þyrfti sérfræðinga til að gera mælingar/rannsóknir og veita ráðleggingar en ekki óljósar tillögur um einhverjar aðgerðir sem mögulega grípa ekkert. Stóra spurningin er af hverju á að gera eitthvað núna, ef það hefur ekki verið gert neitt hingað til?
- Auk þess eru allar tillögur sem taldar eru upp í kaflanum „umhverfisáhrif „. ágætis tillögur, þær hafa þó verið svipaðar eða eins árum saman í starfsleyfisskilyrðunum
- Auk þess má geta að orðalagið „má beita“, „mætti“, „gæti“ vekja ekki traust okkar um að þeim leiðbeiningum verði nokkuð fylgt eftir í framtíð!
- Hvaðan eiga raunhæfar tillögur um að draga úr hávaða og annari mengun að koma og gera mat á því hvaða aðgerðir skili árangri? Frá sérhæfðu óháðu fyrirtæki eins og margoft hefur verið óskað eftir eða HER?**
- Er áætlað að meta þessa þætti ÁÐUR skipulagsbreytingin verður gerð ? Nauðsynlegt er að klára ætlaðar umbætur áður en væntanleg starfsleyfi verða veitt.**

ANNAÐ

8. Íbúar fögnuðu mjög tillögu borgarstjóra frá 03.01.2023 og samþykkt hennar í borgarráði 05.01.2023 um að „Mannvirki íþróttamiðstöðvar skotíþróttar yrðu reist utan alfaraleiða og fjarri byggð og nýttast öllum skotíþróttafélögum á höfuðborgarsvæðinu og víðar. Mikilvægt er að sátt náist um málið og að staðinn verði vörður um þetta mikilvæga íþróttastarf. Finna varanlegan stað fyrir skotfélögin á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar „ Okkar skilningur á stofnun og verkefnum starfshópsins væri að finna nýjan stað eða/og samnýta með öðrum félögum sambærilegt og skíðafélögin hafa gert í Bláfjöllum. En **ekki** að fara í þá vinnu að breyta skipulagi til að skotvöllirnir geti verið áfram á Álfsnesi til „**skamms tíma/tímabundið**“ án tiltekinnar dagsetningar. Þetta veldur íbúum verulegum vonbrigðum. Það er ekkert nýtt að leita eigi að nýju svæði það hefur verið gert síðan á síðustu öld sjá skjal - og í umsögnum frá skipulagi borgarinnar.

Hefur starfshópurinn unnið kostnaðaaætlanir vegna þessarar kostnaðarmiklu breytinga ? s.s. vinnu við aðal- og deiliskipulagsbreytingar ásamt kynningum, Hreinsun svæðanna af blýmengun á landi sjó og í fjöru. Rannsóknir og skýrslugerðir af sérfræðingum. Hljóðmælingar sérfræðinga og heildaraðgerðum sem nauðsynlegar eru til að koma svæðunum í það horf sem ætlast verður til.

Kostnaður við vinnu á þessum skipulagsbreytingum og þeim aðgerðum sem fylgja skotsvæðunum fyrir þessa skammtímalausn er ekki skynsamlegur að okkar mati. Þennan kostnað ætti frekar að nýta fyrir nýja „íþróttamiðstöð skotíþróttar“ eins og borgarráð hefur samþykkt.. Skotvöllirnir og starfsemin hefur verið ólögleg alla tíð.

Hefur Reykjavíkurborg íhugað réttastöðu íbúa og landeigenda vegna þessa og í framhaldinu fyrirhugaðra breytinga á skipulaginu?

Áhrifin eru m.a.

Verðfall á eignum okkar.

Eignin er óseljanleg.

Heilsuspillandi hávaði - ekki hægt að nýta eignirnar.

Óskað er svara, svo fljótt sem auðið er við spurningum okkar.

Með ósk um gott og farsælt samstarf við íbúa og landeigendur.

**Vinsamlega hafið samband við:
Anja Þórdís Karlsdóttir
Sigríður Ingólfssdóttir**



Reykjavík 22. janúar 2021

Varðar: Álfsnes, ósk um umsögn vegna endurnýjunar starfsleyfis.

Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 3. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir skotæfingasvæði í Álfsnesi. Óskað er eftir umsögn um hvort starfsemin samræmist skipulagi og hvort fyrirhugaðar séu breytingar á skipulagi sem gætu komið í veg fyrir endurnýjun starfsleyfis í 12 ár.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið en skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þá er svæðið skilgreint sem I2/H6/E5 Álfsnes, hafnar- og iðnaðarsvæði. Núverandi skotsvæði á Álfsnesi. Frá upphafi hefur umrætt svæði alltaf verið ráðgert til tímabundinna afnota, en en skv. gildandi aðalskipulag er gert ráð fyrir 20 ha hafnar- og iðnaðarsvæði fyrir lóðir undir hafnsækna og landfreka athafna- og iðnaðarstarfsemi. Jafnframt er gert yrði ráð fyrir hafnaraðstöðu við Kollafjörð vestast á svæðinu með landfyllingum og varnargörðum.

Skotveiðifélag Reykjavíkur hefur haft svæðið sem um ræðir til tímabundinna afnota undanfarin ár og hafa íbúar í nágrenni svæðisins látið í ljós óánægju sína með hávaða o.fl. frá æfingasvæðinu árum saman. Í ljósi þeirra ábendinga sem borist hafa og þeirrar óánægju sem ríkt hefur með núverandi staðsetningu svæðisins telur skipulagsfulltrúi nauðsynlegt að setja strangari skilyrði um starfsemina s.s. opnunartíma og notkun á blýhöggjum samhliða því að kanna til hlítar aðrar staðsetningar fyrir starfsemina á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að finna varanlegri aðstöðu fyrri skotæfingar á höfuðborgarsvæðinu.



Núverandi aðstæður skotsvæðisins á Álfsnesi, mynd tekin 2020.

Nýtt skotsvæði á nýjum stað yrði að byggjast upp sem framtíðar æfinga- og keppnissvæði fyrir þau skotfélög sem eru með starfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Á nýjum stað þyrfti að setja viðeigandi skilyrði og takmarkanir á notkun svæðisins og þeirri starfsemi sem þar fer fram til að lágmarka neikvæð áhrif frá starfseminni. Jafnframt þyrftu allar öryggisreglur innan skotsvæðisins að uppfylla alþjóðlega staðla um öryggissvæði skotsvæða. Fyrirnefnda umhverfispætti þarf að skoða vel þegar metnar eru nýjar tillögur að staðsetningu sem geta orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmda og starfsemi á svæðinu. Forsenda fyrir staðarvaliyrðu m.a. skoðuð út frá eftirfarandi umhverfispáttum: Hljóðvist, landslagi og sjónrænum þáttum, núverandi landnotkun og eignarhaldi, menningarminum, gróðurfari, náttúru og dýralífi, verndargildi, samgöngum o.fl.

Niðurstaða

Í ljósi ofangreinds þá er ekki mælt með því að gefa út starfsleyfi lengur en til tveggja ára og þá aðeins með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum sem fjölluðu um eftirfarandi þætti:

Skilyrt verði að opnunartími (heimilaður skottími) verði skertur talsvert umfram það sem er í dag, þannig að ekki eigi að hljótask ónæði af og tekið sé fram að misbeiting á því geti varðar riftun á tímabundnu starfsleyfi.

Skilyrt verði í ljósi sjónarmiða um umhverfismengun og neikvæðum áhrifum á vistkerfið að blýnotkun verði ekki heimil á þessu tímabili.

Skilyrt verði að svæðið sé vaktað með reglubundnum hætti af HER eða óháðum aðila og þá jafnframt m.t.t. hljóðmengunar og opnunartíma.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson, Ólafur Melsted.**



Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020

Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur (HER) barst á síðast liðnu ári umsókn frá Skotfélagi Reykjavíkur um endurnýjun starfsleyfis fyrir skotvöll félagsins að Álfsnesi. Dagana 3.-18. september 2020 fóru fram rannsóknir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi og voru þær liður í vinnslu nýrra starfsleyfisskilyrða auk þess sem rannsakaðar voru kvartanir sem borist hafa embættinu. Rannsókninni var skipt í tvennt.

Rannsóknir á blýmengun:

Forkönnun

Þann 3. september fór fram forkönnun á svæðinu og var þá svæðið sem nær frá enda skotbrauta og niður í fjöru gengið og jarðvegur skoðaður. Teknar voru myndir auk sýna af höglum. Niðurstöður þeirra skoðunar voru þær að talsvert magn af höglum var að finna í jarðvegi og var um að ræða bæði ný og gömul högl. Högl fundust á nokkuð stóru svæði og voru þau greinanleg í opnum jarðvegi sem er víða á svæðinu en erfiðara var að greina högl í gróðri eða í fjörusandi þó að tilvist þeirra þar hafi verið staðfest. Staðfest var að högl berast niður í fjöru frá skotsvæðunum.



Mynd 1 sýnir dæmi um opinn jarðveg á svæðinu með greinilegum höglum á yfirborði

Talning á höglum í jarðvegi

Þann 18. september fór fram talning á höglum í jarðvegi. Eins og kom fram í forkönnun þann 3. september þá voru högl greinanleg í opnum jarðvegi en illgreinanleg annars staðar. Var því ákveðið að talning hagla færi fram með því að setja út talningareiti í opnum jarðvegi dreift á svæðinu og fjöldi hagla talinn á yfirborði. Reitum var reiti dreift um svæðið til að fá sem besta mynd af fjölda og dreifingu hagla á svæðinu og voru þeir í c.a. 100-150m fjarlægð frá hvoru skotsvæði. Niðurstöður voru aðgreindar milli skotsvæða.



Mynd 2 er yfirlitsmynd fyrir bæði skotsvæði. Vinstra megin er skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur og hægra megin er skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur. Sýnatökustaðir þar sem högl voru talin eru merktir með brúnum punkti.



Mynd 3 sýnir talningareit staðsettan á dæmigerðum sýnatökureit (vinstri) og hvernig reitum var gefið nafn (hægri)

	A	B	C	D	E
1	A1	B1	C1	D1	E1
2	A2	B2	C2	D2	E2
3	A3	B3	C3	D3	E3
4	A4	B4	C4	D4	E4
5	A5	B5	C5	D5	E5

Við talningar var settur niður rammi á hverjum sýnatökustað sem var 50 x 50 cm á stærð með innri reiti sem voru 10 x 10 cm (mynd 3). Við greiningu gagna fékk hver 10 x 10 reitur heiti. Mynd var tekin af hverjum ramma og staðsetning skráð og fjöldi hagla í hverjum 10 x 10 cm reit talinn. Við hvern sýnatökustað var einn 10x10 cm reitur valinn og höglum safnað í sýnapoka sem var merktur þeim reit til að nota við hlutfallsgreiningu á blýhöglum. Til að reikna út fjölda hagla á fermetra (m^2) var fjöldi talinna hagla í hverjum 10x10 cm reit margfaldaður með 100, (þ.e. 100 10x10 cm reitir eru 1



m²) og áætlaður fjöldi hagla á fermetra fyrir sýnatökureitinn fenginn með því að reikna út meðaltal þessara 25 reita. Staðalskekkja við þessa útreikninga var reiknuð með eftirfarandi formúlu.

$$\text{Staðalskekkja} = \frac{\text{Staðalfrávik}}{\sqrt{n}}$$

Niðurstöður talninga hagla

Tafla 1 niðurstöður reitatalninga á höglum og reiknaður fjöldi hagla á fermetur (m²) við skotsvæði Skotfélags Reykjavíkur (SR).

Reitur	Heildar fjöldi talinna hagla á sýnatökustað:	Reiknað meðaltal hagla á fermetur (m ²)	Staðalskekkja (+/-)
1	84	336	52
2	41	164	28
3	65	260	34
4	144	576	66
5	129	516	45
6	114	456	65
7	276	1104	87
8	99	396	50
9	101	404	45
10	15	60	26
11	69	276	39
12	145	580	68
13	150	600	54
14	429	1716	149
15	213	852	73
16	283	1132	136

Tafla 2 niðurstöður reitatalninga á höglum og reiknaður fjöldi hagla á fermetur (m²) við skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreyrn).

Reitur	Heildar fjöldi talinna hagla á sýnatökustað:	Reiknað meðaltal hagla á fermetur (m ²)	Staðalskekkja (+/-)
17	52	208	42
18	400	1600	107
19	639	2556	168
20	503	2012	194
21	349	1396	128
22	534	2136	139
23	207	828	112

Niðurstöður talninga voru notuð til að reikna áætlaðan fjölda hagla á fermetur fyrir hvert skotsvæði og má sjá þær niðurstöður í töflu 3 hér að neðan.



Tafla 3 sýnir reiknað meðaltal hagla á fermeter (m²) fyrir alla sýnatökustaði skipt eftir skotfélögum.

	Skotfélag Reykjavíkur (SR)	Skotveiðifélag Reykjavíkur (Skotreyn)
Áætlaður fjöldi hagla á fermetra (m ²)	589,3	1533,7
Staðalskekkja	103,2	282,8
Fjöldi sýna (n)	16	7

Talningar á höglum samantekt

Þegar áætlaður fjöldi hagla á fermetra (m²) er skoðaður fyrir bæði svæðin sést að talsvert magn af höglum er að finna í jarðveginum við skotsvæðin en það var ekki óviðbúið. Greinilegur munur er á áætluðum fjölda hagla á fermetra (m²) milli skotsvæða. Rétt er að taka fram að aðstæður eru mismunandi milli skotsvæða og er að jarðvegsmön sem er við skotvöll Skotfélags Reykjavíkur (SR) taki stóran hluta af höglum sem þaðan berst. Við skotsvæði Skotveiðifélags Reykjavíkur (Skotreyn) er engin slík jarðvegsmön og sýnatökustaðir í beinni sjónlínu við skotsvæðið.



Mynd 4 sýnir drægni haglaskota ef miðað er við 250 m radius

Skv. upplýsingum frá skotsfélögunum getur drægni haglaskota verið allt að 250 m frá skotstað og þar sem skotstefna beggja skotsvæða vísar út að sjó er víst að haglaskot berast niður í fjöruna neðan við skotsvæðin og var það staðfest í forkönnun HER á svæðinu.

Greining á hlutfalli blýhagla

Til fá hugmynd um hlutfall blýhagla á móti stálhöglum var ákveðið að senda högl til greiningar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands sem voru tekin í forkönnun þann 6. september á mismunandi stöðum á svæðinu.

*Niðurstöður greiningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands*

Skoðuð voru massahlutföll frumefna í 33 höglum og reyndust 12 þeirra vera úr stáli en 21 þeirra úr blýi. Einnig var skoðað hvort að högl væru segulmögnuð og reyndust 10 af 12 stálhöglum taka segul en þau tvö sem ekki tóku segul voru ryðguð. Við skoðun reyndust engin blýhögl taka segul. Massahlutfall af blýi í höglum var nokkuð breytilegt en blýhögl innihéldu frá 76,9 til 92,48% en stálhögl innihéldu frá 0,6 til 8,6 %. Niðurstöður greiningar eru meðfylgjandi sem fylgiskjal 1.

Niðurstöður greiningar HER á hlutfalli blýhagla

Niðurstöður greiningar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands sýndu að fjöldi blýhagla var talsverður en einnig að blý var að finna í bæði stál- og blýhöglum í mis miklum mæli. Einnig sýndi rannsóknin að öll heilleg stálhögl væru segulmögnuð en blýhöglin ekki og var því hægt að greina í sundur högl með segli.

Tafla 4 sýnir þá talningareiti þar sem högl voru tekin til hlutfallsgreininga


Sýnatökureitur	Blýhögl tekin úr reit	Skotsvæði
1	A1	Skotfélag Reykjavíkur
2	B1	Skotfélag Reykjavíkur
3	C1	Skotfélag Reykjavíkur
4	D1	Skotfélag Reykjavíkur
5	E1	Skotfélag Reykjavíkur
6	A2	Skotfélag Reykjavíkur
7	B2	Skotfélag Reykjavíkur
8	C2	Skotfélag Reykjavíkur
9	A1	Skotfélag Reykjavíkur
10	B1	Skotfélag Reykjavíkur
11	C1	Skotfélag Reykjavíkur
12	D1 & D3	Skotfélag Reykjavíkur
13	E1	Skotfélag Reykjavíkur
14	A2	Skotfélag Reykjavíkur
15	B2	Skotfélag Reykjavíkur
16	C2	Skotfélag Reykjavíkur
17	D2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
18	E2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
19	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur
20	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur
21	D2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
22	E2	Skotveiðifélag Reykjavíkur
23	Ekki tekið sýni	Skotveiðifélag Reykjavíkur

Eins og áður hefur komið fram var öllum höglum í einum reit á hverjum sýnatökustað safnað og voru högl hvers sýnis aðgreind með segli. Heildarfjöldi hagla var 200 og var hlutfall blýhagla af heildarfjölda um 47%. Ekki var talin ástæða til að greina sérstaklega mun á milli svæða Skotfélags Reykjavíkur og Skotveiðifélags Reykjavíkur hvað þetta varðar



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Umhverfiseftirlit

HLUTFALL BLÝHAGLA Á MÓTI STÁLHÖGLUM



Hlutfall úr heildarfjölda greindra hagra

Mynd 5: Myndin sýnir hlutfall blýhagra af heildarfjölda í greiningu HER.

Samantekt rannsókna á hlutfalli blýhagra

Niðurstöður greiningar benda til þess að hlutfall blýhagra sé hærra en búist var við út frá upplýsingum sem HER hefur haft fram að þessu. Telur HER að verði blýhögl notuð á svæðinu í sama hlutfalli og niðurstöður sýna geti það valdið jarðvegsmengun.

Hávaðamengun og mælingar

4.mgr. 40gr. Skipulagslaga 123/2010 er skýrt kveðið á um umhverfismat deiliskipulags. Því er áréttuð sú skýlausa krafa að fram fari viðurkenndar hljóðmælingar. Hljóðmælingar HER eftir árið 2008 eru mjög villandi og ómarktækar. Aldrei hafa verið gerðar mælingar í Esjuhlíðum af HER, en Trivium gerði þar hljóðmælingar sem eru langt umfram leyfilegan hámarkshávaða á útivistasvæðum. Á fundi borgarstjórnar 17.10.2023 liður 14 eru lagðar fram tillögur starfshóps um framtíðarstaðsetningu svæðis fyrir skotípróttir. <https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/10%202%202%20Tillögur%20starfshóps%20um%20framtíðarstaðsetningu%20svæðis%20fyrir%20skotípróttir.%20MSS23100050.pdf>

Úr tillögum starfshópsins og athugasemdir mínar við þær.

Í skilgreiningu svæðanna í greinargerð verði hinsvegar settir skýrir fyrirvarar um tímalengd starfsleyfa og ákvæði um endurskoðun viðkomandi stefnu um landnotkun (sjá kafla 4). Lagt er til að tímamörk endurnýjunar starfsleyfa miðist við árslok 2028 og stefna um landnotkun á svæðinu verði tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára.² Þar sem breytingartillaga leiðir til tímabundinnar skerðingar á framtíðar iðnaðarsvæði, er gerð grein fyrir áhrifum þess í kafla 5 um umhverfisáhrif.

Aðstaða á svæðinu hefur verið byggð upp og kostuð af Reykjavíkurborg og hefur töluverðu verið kostað til vegna landmótunar og annarra mannvirkja.⁴ Segja má að skotsvæðið á Álfsnesi komist næst því að vera

Í grennd við svæðið er einnig veghelgunarsvæði Sundabrautar og græn útivistarsvæði með strandlengjunni (OP28).

Athugasemd: Þessi tímalengd ætlaðra starfsleyfa er algjörlega óboðleg íbúum og útivistafólki sem hefur mátt þola starfsemina öll síðustu 15 ár. Þegar breyting er gerð á aðalskipulagi er viðtekin venja að það sé til langs tíma því er að mínu mati mikil hætta á að skotsvæðin verði á Álfsnesi um langa framtíð, enda er starfshópurinn búinn að „leita „ að öðru svæði í 9 mánuði, án árangurs. Til langs tíma hefur áður verið „leitað“ að stað til að færa skotvöllina, en árangurs. Það eru margir mismunandi hópar útivistafólks innan áhrifasvæðisins og óboðleg stjórnsýsla þegar einum hópi er afmarkaður staður sem hefur mjög truflandi áhrif á aðra hópa. Skothvellir eru óvenjuleg og mikil neikvæð truflun á annars friðsömu Íslandi. 1.mgr. C 1gr. 60/2013 lög um náttúruvernd.

(OP28) er 50 metra svæði í fjöruborðinu sem er frjáls för manna. Það er andstætt lögum að fólk sé þar í stórkotlegri lífshættu fyrir neðan skotvöllina.

3. Markmið og tilgangur

Megin markmið tillögugerðar:

- Að tryggja aðstöðu fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, meðan unnið er að því að finna framtíðarstað fyrir skotæfingar og íþróttamiðstöð skotíþróttar á höfuðborgarsvæðinu.
- Að tryggja tímabundnar landnotkunarheimildir um íþróttastarfsemi (skotæfingasvæði) á Álfsnesi.
- Að leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingasvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi.

Athugasemd: Ekkert hefur komið fram hvernig á að leita leiða til að draga úr umhverfisáhrifum. Í öllum fyrri starfsleyfum hafa verið kvaðir þar um en engu sinnt af starfsleyfishöfum, né því fylgt eftir af HER. Staðsetningin er frá byrjun ómöguleg vegna nálægðar við Esju þar sem skothvellir bergmálást úr klettunum, engar hljóðmanir ráða við það !!! Væntanlega verulega kostnaðarfrekar framkvæmdir við að uppfylla skilyrði fyrir starfseminni. Hver borgar ? Væntanlega nágrannar, útivistafólk og aðrir skattgreiðendur Reykjavíkurborgar.

- „Íþ9. Skotæfingasvæði Álfsnesi. Íþróttasvæði þar sem heimilt er að stunda skotæfingar, skotíþróttir og skylda íþróttastarfsemi. Heimilt verði að endurnýja starfsleyfi til félaga á svæðinu til til ársloka 2028. Stefna um landnotkun á svæðinu verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára og þá á grundvelli niðurstaðna um staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar litið. Ljóst er að sú vinna, skipulagsbreytingar og mat á umhverfisáhrifum og undirbúningur framkvæmda getur tekið drjúgan tíma og því mikilvægt að skapa hæfilegt svigrúm í aðalskipulaginu fyrir núverandi starfsemi til skemmri tíma litið.“
- Fyrirhuguð breyting, sem felur það í sér að núverandi og óbreytt starfsemi verði áfram á svæðinu til skemmri tíma, mun ekki leiða til nýrra eða aukinna umhverfisáhrifa. Markmiðið er að leita leiða til að draga enn frekar úr umhverfisáhrifum frá skotvöllum og skerpa á því við útgáfu starfsleyfa. Neðangreind umfjöllun byggir á þeim gögnum og upplýsingum sem þegar liggja fyrir um líkleg umhverfisáhrif.

Athugasemd: Eftir áralanga baráttu, athugasemdir og undirskriftalista við útgáfu starfsleyfa HER er traust til þeirra löngu horfið. Eftirlitið ekki í samræmi við starfsleyfi.

- **Hávaði:** Starfsemi skotvalla fylgir hávaði og ónæði. Hávaðinn ræðst af gerð byssu og skota og náttúrulegum aðstæðum t.d. hvort landslag getur skýlt fyrir áhrifum og hvort bergmál getur orðið. Til að draga úr áhrifum af völdum hávaða má beita ýmsum ráðum s.s. að gera hljóðveggi eða -manir við skotvöllinn, nota hljóðisogandi efni í skothúsum, breyta skotstefnu til að minnka hávaðaónæði eins og því verður við komið, nota hljóðdeyfa þegar það er hægt eða takmarka

opnunartíma. Við velli SR eru hljóðmanir en þær gera takmarkað gagn vegna legu lands sem hallar til sjávar og gæti reynst erfitt að koma slíkum hljóðvörnum við. Skoða þyrfti með frekari aðgerðir, byggðar á útreikningum og hönnun hljóðmana, til að draga úr hávaða. Einnig ætti að athuga með að bæta við hljóðeinangrandi eða ísogandi efni í riffilskothús. Á velli Skotreytnar ætti að skoða vel möguleika á að snúa skotstefnu en vísbendingar eru úr hljóðmælingu HER um að færsla skotstefnu til NA gæti dregið úr hávaða frá starfseminni.

Athugasemd: Færa skotstefnu til NA, engar fyrirbyggjandi óháðar hljóðmælingar sem liggja til grundvallar. Skotstefnan yrði þá í átt að Kistufelli inn allan Kollafjörðinn með mikilu endurkasti. Fráleitt.

- **Mengun:** Skotum og höglum fylgir mengun. Helst er hún út frá málmum og efnasamböndum í skotunum og höglum, einkum meðan blý var algengt. Á starfstíma skotvallanna hafa verið notuð haglaskot með blýhöglum sem dreifast í ákveðinn skotgeira út frá byssunni. Samkvæmt upplýsingum frá skotfélögunum hefur dregið úr notkun skota með blýhöglum en ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um það. Notkun blýhagla var bönnuð frá og með starfsleyfum gefnum út árin 2021 og ekkert bendir til þess að notkun þeirra verði leyfð á ný. Riffilskot fara í jarðvegsbana að baki skotmarki og sitja þar og er hægt að hreinsa þau úr bananum þegar og ef ástæða þykir til. Högl frá haglaskotum dreifast í ákveðinn geira út frá byssunni við hvert skot, háð veðri og vindum. Þessi dreifing nær alveg út að strandlengjunni og út í sjó og veldur því mengun í jarðvegi, á ströndu og í sjó. Mengunin getur einnig hafa borist lífríki t.d. smádýr og hryggleysingja og fugla sem nýta þá sem fæðu, en ekki hafa verið gerðar rannsóknir á því. Æskilegt væri að á skotvöllum sjálfum væri efni sem bindur mengunin og auðvelt væri að hreinsa svo unnt væri að fjarlægja mengunina. Eins væri æskilegt að hreinsa högl af landi, úr fjöru og sjó ef til þess væru tækifæri og aðstæður.

Athugasemd: Þessi atriði hafa verið í öllum fyrri starfsleyfum en ekkert gert. Hvað er búist við að breytist? Skotvöllirnir hafa verið þarna í 15 ár.

Í kafla 7 í starfsleyfum er einnig tekið að hreinsun skotvallanna. Ekkert hefur enn verið gert í þeim hluta starfsleyfisins.

Úr skýrslu EFLU um kostamat.

Viðbúið er að við frekari rýni komi fram nýjar upplýsingar sem geta gert kost álitlegri eða síðri.

TIL ATHUGUNAR:

Staðsetning valkosta er gróf og byggir á því að þetta er hugmyndavinna og skrifborðsúttekt með starfshópi Reykjavíkurborgar. Fyrir valkosti utan Reykjavíkur verður haft samráð við viðkomandi sveitarfélag um afstöðu þess til valkostarins í næsta áfanga. Fram kemur í kostamatinu hvort land er í eigu einkaaðila eða sveitarfélags, þar sem slíkar uppl. liggja fyrir.

Á bls 37 og 38 er fjallað um Álfsnes, þar fær hljóðvist grænt merki, sem er aldeilis kolrangt mat, enda ekki byggt á mælingum frá Eflu. Aðrir þættir eru einnig frekar rangt metnir miðað við það sem ég hef áður látið koma fram m.a með tilliti til annara útivistarhópa og íbúa í nærumhverfinu.

Esjuhlíðar

Dags: 15.9.2020

Mæling 5

Hljóðmæli B&K 2250

LAeq, aflesið gildi mælis	50,89 dB
LAFmax, aflesið gildi mælis	66,19 dB
Lceq, aflesið gildi mælis	100,07 dB
Leiðrétting fyrir persónuborinn hljóðnema, K1	0,0 dB
(Leiðrétting á brotinni mælingu á LAeq1h, K2)	dB

Staðalfrávik mælitækis, σ_1 0,50 dB

Mælióvissa, MO_A 1,0 dB
Leiðrétting fyrir mælióvissu, K4_A 0,8 dB

Niðurstöður:

Leiðrétt LAeq	50 dB
Leiðrétt LAFmax	65 dB
Leiðrétt Lceq	99 dB

Upphaf mælingar: 15.9.2020 14:48
Lok mælingar: 15.9.2020 14:59
Mælitími: 00:10:44
Frávik frá síðustu mælingu [dB] 0,01

Measurement	Start Time	Stop Time	Elapsed Time	LAeq [dB]	LCpeak [dB]	LAFmax [dB]
Total	15.9.2020 14:48:59	15.9.2020 14:59:43	00:10:44	50,9	100,1	66,2



Mæling 6

Hljóðmæli B&K 2250

LAeq, aflesið gildi mælis	52,32 dB
LAFmax, aflesið gildi mælis	61,88 dB
Lceq, aflesið gildi mælis	97,51 dB
Leiðrétting fyrir persónuborinn hljóðnema, K1	0,0 dB
(Leiðrétting á brotinni mælingu á LAeq1h, K2)	dB

Staðalfrávik mælitækis, σ_1 0,50 dB

Mælióvissa, MO_A 1,0 dB
Leiðrétting fyrir mælióvissu, K4_A 0,8 dB

Niðurstöður:

Leiðrétt LAeq	52 dB
Leiðrétt LAFmax	61 dB
Leiðrétt Lceq	97 dB

Upphaf mælingar: 15.9.2020 14:59
Lok mælingar: 15.9.2020 15:07
Mælitími: 00:07:12
Frávik frá síðustu mælingu [dB] 0,01

Measurement	Start Time	Stop Time	Elapsed Time	LAeq [dB]	LCpeak [dB]	LAFmax [dB]
Total	15.9.2020 14:59:51	15.9.2020 15:07:03	00:07:12	52,3	97,5	61,9



SKJALAVER
HÖFÐATORGI

6. APR. 2009

Málsnr.: 2009020301
Bréfalykill: 25.3.7

Kollafirði 3.apríl 2009

Umhverfis og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Efni

Athugasemdir um starfsleyfistillögur til handa Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis á skotvelli í Álfsnesi.

Ég undirrituð _____ til heimilis að _____ í Kollafirði 116 Reykjavík geri athugasemdir við fyrirhugað starfsleyfi til Skotfélagsins.

Ég hef búið í Kollafirði í 17 ár og valdi það m.a. vegna friðsældar, kyrrðar og fjölbreyttrar náttúru enda þótt sú daglega sjálfsagða þjónusta sem tilheyrir borginni séu ekki til staðar.

Undanfarin ár hafa aukist mjög vinsældir þessa svæðis til allskyns útivistar og fristundaiðkana. Má þar nefna m.a. listflugsæfingasvæði, gönguferða um og á Esjuna, torfæruhjólaferðir, hestaferðir, veiðihundaæfingar, stangveiði, fuglaskoðanir, kajakróðrar og skotæfingasvæði.

Fyrir nokkrum árum voru jarðirnar Kollafjörður og Mógilsá deiliskipulagðar af skipulagssviði Reykjavíkurborgar sem útivistarsvæði (næsta Heiðmörk höfuðborgarsvæðisins) með sérstöku tilliti til m.a. fjölbreytts fuglalífs, þetta fjölbreytta fuglalíf er nú að glatast að mínu mati m.a. vegna skotæfingasvæðisins og æfinga veiðihunda eigenda. Glæsileg upplýsingaskilti um fuglategundir sem hér eru eða voru þarf vart að kosta til í nágrenni framtíð eins og til stóð skv. deiliskipulagi fyrirhugaðs útivistarsvæðis. Er þetta mjög miður og tækifæri að glatast.

Ég mótmæli eindregið framlengingu starfsleyfis Skotveiðifélagsins vegna reynslu síðustu ára af starfsemi þessarri.

Óþægindi og mikil hávaðamengun truflar inni og þó sérlega útiveru síðdegis virka daga, frá morgni til kvölds um helgar og hátíðisdaga. Þetta er ekki hægt að forðast nema flýja burt af heimili sínu og hávaðamengun þessi er ekki af venjulegum toga. Arnarhóll er mitt á milli klettabeltis Kistufellsins og klettanna í Álfsnesi þar sem skotæfingasvæðið er og kastast því skothljóðin þar á milli.

Ég og 4ra ára dóttir mín getum ekki notið sjálfsagðrar útiveru vegna skothvella. Ég hef margoft hringt og kvartað til lögreglu vegna skothvella þegar verst hefur verið og hefur það þá lagast þann daginn.

Hverju svara ég barninu sem foreldri "Mennirnir eru að skjóta, ég vil ekki fara ein út" eða "Mamma mennirnir eru að skjóta, afhverju eru þeir að skjóta" eða "Hvar eru mennirnir sem skjóta"

Sólríkan kyrran hvítasunnumorgunn kl 1030 á leið í messuna, opna ég útidyrnar skothvellirnir glymja um Kollafjörðinn.

"Mennirnir eru alltaf að skjóta ég er hrædd, það er ljótt að skjóta"

Að mínu mati samræmist skotæfingasvæði utandyra eins og þetta í Álfsnesi ekki nálægð við íbúabyggð, vinsælt útivistarsvæði né nálægðar við sérlega fjölbreytt fuglalíf.

Virðingarfyllst.



Mál nr. 716/2023 Skotæfngsvæði Álfnsesi – breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040



Barátta okkar síðustu 15 ár hefur haft gríðarlegar afleiðingar fyrir okkur íbúa og landeigendur og við óskum engum að ganga þá þrautagöngu. Reykjavíkurborg hefur keypt upp eignir vegna hávaðamengun af fjölskyldu sem hafa ekki getað búið við heilsuspillandi hávaða og selt aftur með kvöðum um að ekki megi kvarta undan hávaða frá skotsvæðunum. Þetta eru þau mannréttindin sem við í Kollafirði búum við af hálfu Reykjavíkurborgar. Margir hafa þurft að flytja og sumar eignir eru í eyði vegna hljóðmengunar. Blýmengun í sjó og fjöru er grafalvarleg og hefur HER hunsað beiðni Náttúrufræðistofnunar Íslands um að taka sýni í fjöru. Einnig hefur HER ekki sinnt neinu eftirliti á Álfnsesi á ráði og höfum við íbúar og landeigendur þurft að berjast í mörg ár fyrir því að rekstraraðilar fari eftir starfsleyfisskilyrðum án árangurs og vorum það við sem börðust hatrammlega við HER til að koma á blýbanni þar sem fjaran í Djúpuvík sem er mikilvæg sjófugla byggð er full af blýi. Evrópusambandið hefur bannað allt blý í kringum votlendi, þar sem yfir 1 milljón fugla deyja ár hvert í evrópu við að innbyrða blýhögl. En Reykjavíkurborg setur upp tvo skotvelli við mikilvæga sjófugla byggð og lítil sem ekkert eftirlit hefur verið með þeirri starfsemi í 16 ár. Tugir tonna af blýhöglum sem ekki enduðu niður í fjöru til að byrja með skolest nú niður í fjöru og sjó í hvert sinn sem það rignir. Engin svör höfum við fengið, en ansi mikið af lygum og útúrsnúningum. Við spyrjum okkur hvernig er það hægt að árið 2023 á Íslandi að borgarstarfsmenn hlæja af mannréttindum okkar og gera allt í sínu valdi til að þjóna hagsmunasamtökum. Það sem er einnig athyglisvert er að formaður og nefndarmaður í þessum skotfélögum eru fyrrverandi sviðsstjóri hjá Umhverfisstofnun og fyrrverandi

yfirlögfræðingur Umhverfis Og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar. Þetta er nú litla landið sem við búum í. Og ekki má gleyma þá borgarfulltrúa og alþingismenn sem eru félagsmenn í þessum samtökum, og lögregluna sem æfir þar. Einnig borgar Umhverfisstofnun 3 til 4 milljónir á ári til Skotfélags Reykjavíkur þar sem verklegu skotprófin á vegum UST fara fram á Álfsnesi. Það mætti kalla kaldhæðni að sú stofnun sem við treystum á til að vernda stendur okkar og haf, hefur verið þátttakandi í þeirri alvarlegu blýmengun sem á sér stað í djúpuvík sem er mikilvæg sjófugla byggð. Hvað varðar okkar samskipti við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þá förum við fram á að umhverfiseftirlitið og heilbrigðisnefnd Reykjavíkur verði rifin upp með rótum og byggð verði ný stofnun sem verði óháð og vaktar íbúa og umhverfið gegn mengun í stað þeirri pólitískri svipu hagsmunasamtaka, eins og staðan er í dag.

Blýmengun frá skotfélögunum á Álfsnesi

[ÁLFSNES on Vimeo](#)

Video: blýhögl skolast niður í fjöru og sjó í gríðarlegu magni í þessum umtöluðu orðum og hafa gert frá opnun. Á annan áratug.

[Sequence #1 on Vimeo](#)

Skothylki sem skolast upp á strönd til okkar frá skotsvæðunum

[Kollafjörður on Vimeo](#)

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur að viðurkenna að hljóðmælingar þeirra mæla ekki hljóðmengunina sem kemur frá skotsvæðunum á Álfsnesi. Sem við borgarbúar höfum þurft að lifa við frá opnun 2003.

[Hljóðmælingar HER Álfsnes on Vimeo](#)

Staðreyndin er sú að Reykjavíkurborg er búin að taka ákvörðun um að Skotfélag Reykjavíkur verði þarna til framtíðar. Við erum búin að heyra að verið er að leita af nýju svæði fyrir skotsvæðin í meira en áratug. Og alltaf er verið að gefa út bráðarbirgðarleyfi. Þetta verður fimmta bráðarbirgðarleyfið sem gefið er út. Fólk verður að gera sér grein fyrir því að þetta svæði er eitt fallegasta útivistarsvæði í Reykjavík með gríðarlegri mikilvægri sjófugla byggð. Þarna er Esjan, fólk á Kajökum, Elding kemur þarna inn fjörðinn með túrista einnig eru Zodiakar með túrista osfrv. Burt séð frá okkur íbúum, sem munu þurfa að fara í skaðabótamál við Reykjavíkurborg ef skotfélögin fá þetta starfsleyfi þá er það með ólíkindum að engin nennir að skilja hversu mikil áhrif sú heilsuspillandi hljóðmengun hefur á íbúa, útivistarfólk og fuglalífið og sú óafturkræfa blýmengun við mikilvæga sjófugla byggð sem því miður er mun alvarlegri en einhver gerir sér grein fyrir.

Skotfélögin ráða ferðinni, þau koma alltaf fram á samfélags og fjölmiðlum og láta vita hvernig starfsleyfin eru, hversu lengi þeir mega skjóta yfir daginn hvaða reglur hafa verið breyttar í starfsleyfisskilyrðum osfrv, langt áður en starfsleyfin eru gefin út, og við íbúar fáum aldrei að vita eitt eða neitt.. Einnig komu þeir fram núna fyrir stutta og sögðu að Skotfélag Reykjavíkur mun verða með framtíðarstaðsetningu á Álfsnesi. 2 mánuðum áður en svokölluð nefnd var búin

að skila af sér niðurstöðu (skýrslu) um að finna nýtt svæði fyrir skotfélögin. Skýrsla sem við höfum ekki séð. Það eru skotfélögin sem ákveða hvernig hlutirnir verða og HER eða borgarfulltrúar þjóna þeim. Þegar hagsmunasamtök eru komin með það mikið vald, að þau geta traðkað á mannréttindum íbúa og komist upp með að menga með óafturkræfum hætti mikilvæga sjófugla byggð og lífríkið þar í kring, þá erum við sem samfélag virkilega komin á vandan stað.

Þegar rekstraraðili (hagsmunasamtök) er komið með svona mikið vald að þau þurfa ekki að fara eftir reglum og lögum þá gerist það sem hefur gerst á Álfsnesi þar sem óafturkræft mengunarslys þar sem tugir tonna af blýi liggur í fjöru og sjó við mikilvæga sjófugla byggð og engin leið er að þrifa blýmengunina nema með gríðarlegum kostnaði. Í reglugerð segir að rekstraraðili mun þurfa að kosta út þrif og allir vita að það mun aldrei gerast. Það er ástæðan af hverju HER hefur alltaf neitað að fara niður í fjöru og rannsaka blýmengun sem þar er.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur er nýbúin að taka út einn mikilvægasta þátt í starfsleyfisskilyrðunum fyrir skotfélögin “ að á fimm ára fresti þurfa skotfélögin að gera jarðvegsmælingar. Ástæðan er að HER veit að blýjarðvegsmengun er á öllu svæðinu og í sjó og fjöru. Rök HER af hverju Skotfélögin hafa aldrei þurft að framkvæma þau starfsskilyrði var að ekki voru til nein viðmið í íslensku regluverki. Síðan komu viðmið fyrir 2 árum, og við kröfðust að núna loksins í fyrsta skiptið í á annan áratug frá opnun skotfélagana yrði teknar jarðvegsmælingar þá væri ekki neinn tilgangur því það eru nokkur ár síðan að bannað var að nota blý. Þó blýbann er sett á, þá þýðir ekki að öll þau tugir tonna af blýi síðustu 17 ár hverfi úr jarðvegi, sjó og fjöru. Fyrir utan þeirri ótrúlegri staðreynd að staðsetning skotvallanna og hönnun þeirra gerir það að verkum að stór hluti af blýi endi í sjónum og fjörunni. Þá er í starfsleyfisskilyrðum að leggja eigi jarðveg sem er auðhreinsanlegur. Á öllum skotæfingarsvæðum um allan heim, þá er jarðvegur fjarlægur ár hvert og nýr settur í stað til að komast hjá jarðvegsmengun. En eins og með flest öll starfsleyfisskilyrði þá var það aldrei gert frá upphafi starfsemi skotfélagana á Álfsnesi. Og ekkert eftirlit var á staðnum.. Skotfélögin eru búin að vera að skjóta samkvæmt eftirlitsskýrslum tugum tonna af blýi í kringum skotsvæðin fjöruna og sjóinn frá opnun. Á annan áratug. Og nú snýst allt um að hylma yfir þetta mengunarslys.

Rannsóknir á blýmengun:

Forkönnun

Þann 3. september fór fram forkönnun á svæðinu og var þá svæðið sem nær frá enda skotbrauta og niður í fjöru gengið og jarðvegur skoðaður. Teknar voru myndir auk sýna af höglum. Niðurstöður þeirra skoðunar voru þær að talsvert magn af höglum var að finna í jarðvegi og var um að ræða bæði ný og gömul högl. Högl fundust á nokkuð stóru svæði og voru þau greinanleg í opnum jarðvegi sem er víða á svæðinu en erfiðara var að greina högl í gróðri eða í fjörusandi þó að tilvist þeirra þar hafi verið staðfest. Staðfest var að högl berast niður í fjöru frá skotsvæðunum.



Mynd 1 sýnir dæmi um opinn jarðveg á svæðinu með greinilegum höglum á yfirborði



Greinargerð með fyrirspurn íbúaráðs Kjalarness sem lögð var fram á fundi ráðsins þann 13. febrúar sbr. 9. lið fundargerðar s.d.

Spurningar til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur varðandi skotæfingasvæðin á Álfsnesi

Í fyrstu grein starfsleyfisskilyrða skotsvæðanna er talað um endurskoðun starfsleyfa ef mengun er meiri en búast má við af starfsemiinni.

Hefur þessi endurskoðun starfsleyfa farið fram í ljósi nýrra upplýsinga?

Svar: Ekki er ljóst í hvaða nýju upplýsingar er verið að vísa í fyrirspurninni en væntanlega er verið að vísa í skýrslu íbúa sem lögð var fyrir fund íbúaráðsins á fundi þess í desember 2019. Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði hafa ekki verið endurskoðuð í ljósi upplýsinga í skýrslunni. Starfsleyfi og starfsleyfisskilyrði fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur hefur verið óbreytt frá útgáfu leyfisins. Gerð var breyting á starfsleyfisskilyrðum fyrir starfsemi Skotveiðifélagsins árið 2015 og var sú breyting unnin í samræmi við þágildandi rg. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, m.a. hvað varðar auglýsingu á tillögu að breytingunni. Starfsleyfi fyrir starfsemi á skotvöllum renna nú í ár 2020 og á næsta ári 2021. Starfsleyfisskilyrði eru endurskoðuð í umsóknarferli vegna umsókna um endurnýjun leyfanna.

Í annarri grein en talað um að leggja yfirborðsefni til að binda þungmálma og samráð við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur um val efnis.

Hefur þetta samráð farið fram og er það til skjalfest?

Svar: Yfirborðsefni var ekki sérstaklega valið með tilliti til þess að binda þungmálma. Miðað var við að endurnýja yfirborðsefni, væri ástæða talin til, og farga því efni sem tekið yrði sem spilliefni. Samráð fór fram varðandi það og það er til skjalfest.

Einnig er þess getið að mæla hversu djúpt þungmálmar hafa borist og yfirborðsefni hreinsað áður en þungmálmamengun berst niður úr því.

Hafa farið fram mælingar á þungmálum og PAH á skotæfingasvæðunum, og eru þessar upplýsingar aðgengilegar?

Svar: Mælingar hafa ekki farið fram. Þess ber að geta að í íslenskum lögum og reglugerðum er ekki að finna viðmið fyrir styrk efna í jarðvegi með tilliti til mengunar. Því er ekki ljóst hvernig túlka ætti eða nýta niðurstöður slíkra mælinga.

Hefur yfirborðsefni verið hreinsað og eru til staðfestingar á því?

Svar: Nei, það hefur ekki verið gert svo Heilbrigðiseftirlitið viti til.

Hafa farið fram athuganir á blýmengun í fjöru og sjó í nágrenni við skotæfingasvæðin og magn verið metið?

Svar: Nei, það hefur ekki verið gert.

Af Hverju er verið að hylma yfir þetta mengunarslys. Ástæðan er sú að HER vissi frá upphafi að gríðarlegt mengunarslys yrði ef skotsvæðin fengu starfsleyfi á Álfsnesi. En af einhverjum ástæðum stakk hausnum í sandinn og gaf skotfélagi Reykjavíkur samt sem áður starfsleyfi.

Bréf Árný Sigurðardóttur/Heilbrigðiseftirlit til Skotfélags Reykjavíkur 1 jún 2007

Erindi ykkar vegna bráðabirgðaleyfis fyrir landsmót STÍ um helgina hefur nú verið lagt fyrir yfirstjórn Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar og telur hún að ekki sé hægt að veita undanþágu fyrir notkun á haglabyssuskotvelli nema tryggt sé að blýhögl berist ekki í jarðveg sem ekki er hægt að hreinsa skv. kröfum í starfsleyfi. Til að undanþága verði veitt þyrftu að koma til aðgerðir til að hindra að blýhögl berist í jarðveg neðan við skotæfingasvæðið. Umhverfissvið Reykjavíkurborgar getur því ekki veit Skotfélagi Reykjavíkur undanþágu frá notkun á haglabyssuskotæfingasvæði í Álfsnesi fyrir umrætt landsmót og æfingar tengdar því, miðað við aðstæður eins og þær eru í dag. Frekari upplýsingar um þennan úrskurð sviðsins má fá hjá Erni Sigurðssyni sviðsstjóra Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar eða Árnýju Sigurðardóttur skrifstofustjóra Heilbrigðiseftirlit og vöktunar hjá Umhverfissviði, í orn.sigurdsson@reykjavik.is, arny.sigurdardottir@reykjavik.is, eða í síma 411 8500.

2. júní 07. Svar stjórnar SR vegna lokunar Skeetvalla félagsins. Bréfið var sent til stjórnsýslunnar í Reykjavík og lþróttayfirvalda m.a. Þá er það orðið ljóst að Reykjavíkurborg veitir Reykjavíkurborg ekki leyfi til að nota nýtt haglabyssusvæði sem hefur verið að rísa á undanförunum 5 árum eða frá því að lokað var á starfsemi

Skotfélags Reykjavíkur í Grafarholti. Krafan um að hægt sé að skipta um jarðveg á haglavöllum gerir það að verkum að viðbótarkostnaður við þá aðgerð mun verða á bilinu 20-25 milljónir ! (magnið af jarðvegi sem keyra þarf á svæðið er á bilinu 150-200þús rúmmetrar) Telja verður að það sé aðgerð sem muni seint hljóta samþykki innan stjórnsýslunnar, þannig að enn og aftur á að draga Skotfélag Reykjavíkur á asnaeyrunum og hindra það í að opna svæði sitt. Tillaga okkar um lausn er að einfaldast sé að leyfa skotfimi ofaní urðina, þar sem hvort eð er nánast ekkert líf er, nema hvað rottur og minkar eru þar á víð og dreif, og síðan eftir einhver 10-15 ár verði fundin leið til að hylja það svæði eða hreinsa, með það í huga að þá verði komin lausn á því hvernig koma skal slíkum jarðvegi til varanlegrar geymslu eða eyðingar, en slíkt er ekki hægt hér á landi sem stendur. Reyndar er það álitamál hvaða skaða blý í jarðvegi sem er á Álfsnesinu hafi og margir á þeirri skoðun að þar sem það sé staðbundið í urð og grjóti og engin hætt á að það berist í neysluvatn, sé því vel fyrir komið í slíkri geymslu. Heyrst hefur að meginástæðan sé að orðið BLÝ sé neikvætt í umhverfisumræðunni og því beri að hindra notkun þess sem við mest getum. Sem dæmi má nefna að jarðvegur sá sem skafinn var ofan af gamla svæði Skotfélagsins í Grafarholti, er í nokkrum opnum gámum á geymslusvæðinu í Hafnarfirði og hefur verið þar óhreyfður síðan haustið 2000. Komið hefur í ljós að embætti Borgarverkfræðings

Við íbúar og landeigendur borguðum fyrir óháða aðila sem séhæfa sig í hljóðmælingum að mæla hljóðmengunina frá skotfélögum á Álfsnesi og niðurstaðan kom okkur ekki á óvart.

Hávaðamengunin var langt yfir mörkum. Og eins og ólafur hjá Trivium sagði **“Það var mér alveg ljóst, þar sem ég stóð við hljóðmælingar þann 19.10.2019, að aðstæður fyrir viðkomandi íbúa eru algjörlega óboðlegar m.t.t. Hljóðvistar”**

From: Ólafur Hjálmarsson <olafur@trivium.is>

Sent: Tuesday, January 12, 2021 9:15 PM

To: Gunnar Alexander Ólafsson <gunnar.olafsson@umhverfisstofnun.is>

Subject: Skotsvæði í Álfsnesi - Hljóðmælingar og viðmiðunarmörk

Heiðraði Gunnar Alexander

Gleðilegt ár og takk fyrir ánægjuleg samskipti á liðnum árum.

Ég sendi þér þetta erindi þar sem alvarlegur misskilningur virðist vera á ferðinni gagnvart skotsvæði í Álfsnesi og áhrifum þess á nálæga byggð í Kollafirði m.t.t. hljóðvistar. Við hjá Trivium ráðgjöf höfum glímt um tveggja áratuga skeið við skotsvæði og kortlagningu á helsta áhrifasvæði þeirra m.t.t. hljóðvistar. Við höfum leitast við að gefa sveitarstjórnarmönnum sem allra best ráð til þess að forða átökum. Þar sem engar viðhlýtandi reglur eða reglugerðir eru skotsvæði í íslensku regluverki höfum við stuðst við meðfylgjandi sænskar leiðbeiningar; sem við höfum talið með þeim bestu á Norðurlöndum; Buller från skjutbanor och skjutfält –Naturvårdverket. Ég hef sent þér þær áður. Hvorki gildandi reglugerð um hávaða nr.724/2008 né leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits frá mars2011 eiga við um skotsvæði. Þetta hef ég sömuleiðis nefnt við þig áður í tengslum viðendurskoðun á reglugerð um hávaða sem og meðfylgjandi athugasemdir sem ég setti fyrst fram íumboði Verkfræðingafélags Íslands árið 2007.

Skothvellir eru mjög snarpir og því þarf mælitími og viðbragð hljóðmælis, þ.e.a.s. tímastilling áhljóðmæli að endurspegla það með I stillingu (Impuls, 35 ms mælitími). Mælikvarðinn er eins og meðfylgjandi sænskt regluverk ber með sér dBAI. Þessi mælistika gefur best til kynna truflandi áhrif af skothvillum eins og sænsku leiðbeiningarnar bera með sér. Að velja S (Slow, 1000 ms mælitími) eða F (Fast, 125 ms mælitími) tímastillingu á hljóðmæli þegar skothvellir eiga í hlut er eins og að mæla vindhraða í °C. Mælikvarðinn er hreinlega rangur og villandi. Hljóðmælir á S og F tímastillingu missir af hávaðatoppnum og hann er fluttur út. Niðurstaðan er kolröng eins og meðfylgjandi hljóðmælingar Reykjavíkurborgar sýna. Það sést í samanburði við okkar hljóðmælingar. Meðfylgjandi eru stuttorðar skýringar á mismun þessara tímastillinga á hljóðmæli.

Ég sendi þér til samanburðar hljóðmælingar okkar í Kollafirði sem og kortlagningu helsta áhrifasvæðis skotsvæðisins í Álfsnesi; þar sem skotstefna er til norðurs í leirdúfuskotfimi. Kortið tekur ekki tillit til hljóðendurkasts frá Esju og ætti því í raun að stækka. Helsta áhrifasvæði nær um 2 km út í skotstefnu og í 45° geira til hvorrar handar út frá henni; annars um 1 km út frá

skotsvæði. Svæðið er skástrikað á myndinni. Innan þessa áhrifasvæðis ætti ekki að vera nokkur viðkvæm byggð s.s. útivistarsvæði, frístunda- og íbúðabyggð.

Meðfylgjandi hljóðmælingar okkar sýna hávaða frá skotsvæðinu í Álfsnesi hátt yfir leyfilegum mörkum sænska regluverksins. Það var mér alveg ljóst, þar sem ég stóð við hljóðmælingar þann 19.10.2019, að aðstæður fyrir viðkomandi íbúa eru algerlega óþóðlegar m.t.t. Hljóðvistar. Það er synd að Reykjavíkurborg og Umhverfisstofnun hafi aldrei séð ástæðu til þess að leita til okkar með þetta mál; þann fjölda ára sem deilur hafa staðið. Hafa skal það sem sannara reynist.

Ég væri þakklátur, Gunnar, að þú staðfestir móttöku þessa erindis.

Með vinsemd og virðingu,

Ólafur

Ólafur Hjálmarsson, verkfr.

Borgartúni 20 105 Reykjavík

Sími / telephone: +354 578 1600

Farsími / mobile: +354 824 1650

Skotsvæði á Álfsnesi

Trivium ráðgjöf

Hljóðmælingar við frístundabyggð og íbúðabyggð í Kollafirði

19.10.2019

Niðurstöður mælinga bornar saman við leyfilegan hávaða skv. meðfylgjandi sænskum leiðbeiningum ¹⁾

Haglabyssuskot

Staðsetning mælingar	Mæling nr.	LAI _{max}	Íbúðarbyggð - neðrimörk	Íbúðarbyggð - efrimörk	Útivistarsvæði - neðrimörk	Útivistarsvæði - efrimörk
Móavík - Frístundabyggð	1	85	65	70	60	65
Móavík - Frístundabyggð	2	86	65	70	60	65
Krummavík - Frístundabyggð	3	84	65	70	60	65
Krummavík - Frístundabyggð	4	81	65	70	60	65
Móaberg - Hellsárshús	5	72	65	70	60	65
Móaberg - Hellsárshús	6	60	65	70	60	65

¹⁾ Naturvårdsverket : Buller från skjutbanor och skjutfält. Vägledning om buller från skjutbanor för finkalibrig ammunition. Svipjöd 17.05.2016

Þessi tvö skotfélög hefðu aldrei fengið leyfi til að vera á Álfsnesi hefði HER farið eftir lögum og reglum frá byrjun hvað varðar mörg mál. Mæliaðferð sem HER hefur stuðst við frá byrjun hljóðmælinga á Álfsnesi 2002 vegna fyrirhugað skotæfingasvæðis var sama mæliaðferð og hefur verið notuð hingað til Metod för immissionsmätning av externt industribuller Það er mjög mikilvægt að skilja þá staðreynd að hvergi í heiminum er þessi mæliaðferð notuð til að mæla

hávaða frá skotsvæðum. Ástæðan er mjög einföld því það er ekki hægt. Mæliaðferðin Metod för immissionsmätning av externt industribuller mælir meðalhávaða og hávaðatopparnir eru þurrkaðir út og þegar þú ert að mæla skot hávaða þá ertu eingöngu að mæla hávaðatoppa, ekkert annað. Svo niðurstaðan verður kolröng og villandi, öll verkfræðifyrirtæki á Íslandi sem sérhæfa sig í hljóðmælingum vita að HER hefur verið að mæla með röngum mæliaðferðum á skotsvæðunum á Álfsnesi á anna áratug og hafa margsinnis bent á það við UST. Norðurlöndin nota aðra mæliaðferð sem er sérstaklega hönnuð til að mæla hávaða (hávaðatoppa) frá skotsvæðum t.d.sænsku mæliaðferðina Allmänna råd om buller från skjutbanor. HER hefur loksins á undanförunum árum eftir að við íbúar höfum kvartað ítrekað yfir þessum falsk mælingum viðurkennt að þetta sé ekki heppilegasta mæliaðferðin og jú hávaða topparnir - skothvellirnir eru þurrkaðir út og mælast því ekki .

En HER hefur einnig ítrekað sagt að þeir eru eingöngu að vinna eftir íslensku regluverki svo ekki er hægt að benda á þau. Það er mikilvægt að benda á, að út af sérkennilegum ástæðum er brottfallinn reglugerð um hávaða nr. 933/1999 í 1. gr. í viðauka undir kafla um reglur um hávaða utanhúss: „Ef upp koma tilvik þar sem þessar reglur ná ekki yfir, skal velja viðurkennda hávaðareglu sem stuðst er við í slíkum tilvikum í einhverju hinna Norðurlandanna.“ Sambærilegt ákvæði er ekki að finna í gildandi reglugerð um hávaða nr. 724/2008. Það er furðulegt að þessi reglugerð var tekin út ári eftir að skotfélag Reykjavíkur fékk aðstöðu á Álfsnesi og enginn getur útskýrt af hverju það var gert hvorki UST né HER. En hún var samt í gildi þegar HER var að taka hljóðmælingar til 2008 en af einhverjum ástæðum ákvað HER að notast við Metod för immissionsmätning av externt industribuller sem mælir ekki hávaða frá skotvöllum og engin hávaða viðmið eru til frá landbúnaðarsvæðum eða opnum svæðum í stað að fara eftir lögum og notast við reglugerð um hávaða 933/1999 í 1. gr og nota reglugerð hinna Norðurlandanna. HER ber að starfa eftir gildandi lögum og reglugerðum á Íslandi. Var það ekki gert við hljóðmælingar á Álfsnesi til ársins 2008 þegar reglugerð um hávaða nr. 724/2008 tók gildi. Í sænsku mæliaðferðinni Allmänna råd om buller från skjutbanor eru þau viðmið sem ekki eru að finna í íslensku regluverki. Eftir tvo áratugi af falsk mælingum þá loksins leiðbeinir UST HER að notast við mælaðferðina Allmänna råd om buller från skjutbanor sama HER sem hafa í áratug sagt að þeir fara eingöngu eftir leiðbeiningum frá UST ákveða allt í einu að neita að fara eftir þeim leiðbeiningum frá UST og gefa frá sér yfirlýsingu” HER telur, að höfðu samráði við lögfræðinga Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, sem veita HER lögfræðilega ráðgjöf, að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á mælingum framkvæmdum samkvæmt tilvísuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er vísað til þeirra í íslenskum lögum eða reglugerðum”.

Video: HER að útskýra að hljóðmælingarnar þeirra síðustu 17 ár á Álfsnesi mæla ekki hávaðamengunina sem kemur frá skotfélögunum á Álfsnesi.

[Hljóðmælingar HER Álfsnes on Vimeo](#)

Athugasemd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): Að ígrunduðu máli og að höfðu samráði við lögfræðinga telur HER að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á tilvisuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er stöð í íslenskum lögum eða reglugerðum fyrir notkun þeirra.

Fylgiskjal 3 -

STEINNUNN KARLSDÓTTIR
Famennir 210200-0000
2022-03-11 13:39:42 GMT
Ástæða: Skjalavirki

SIGRÚN ÁGÚSTSDÓTTIR
Kannatala: 8372095310
2022-03-11 13:39:24 GMT
Ástæða: Skjalavirki



UMHVERFIS
STOFNUN

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Akureyri, 11. mars 2022
UST202202-218/S.K.
06.04.08

Efni: Fyrirspurn - leiðbeiningar um hávaðamælingar við skotvelli

Visað er til erindis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), dags. 17.2.2022, þar sem óskað er eftir leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun um val á aðferðafærðri við hljóðmælingar vegna starfsemi skotvalla þar sem ekki að finna viðmið fyrir slíka starfsemi í íslensku regluverki.

Tveir skotvellar hafa verið starfræktir í Álfnesi, á svæði heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Í gengum árin hafa borist mikið af kvörtunum vegna hávaða frá starfsemi. Árið 2021 voru auglýstar tillögur að nýjum starfsleyfum fyrir báða vellina og bærust athugasemdir við báðar tillögurnar er vörðuðu hávaða frá starfsemi. Í þeim var m.a. vitnað í hljóðmælingar sem íbúar hafa látið framkvæma sem byggja á sænskum leiðbeiningum um hljóðmælingar frá skotvöllum. Gagnrýnt hefur verið, í andmælum við tillögur að starfsleyfum, að HER hafi ekki notast við hljóðmælingar sem eru sérstaklega gerðar fyrir skotvelli. HER hefur bent á að ekki sé fjallað um sérstök viðmið fyrir hljóðamælingar frá skotvöllum í íslenskum lögum og reglugerðum né sé fjallað sérstaklega um þau í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um hljóðmælingar.

Engin starfsemi er á skotvöllum í dag þar sem útgefin starfsleyfi frá 2021 voru kærð til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi þau úr gildi, á grundvelli skipulags á svæðinu. Í úrskurðinum er ekki tekið afstaða til hljóðmælinga. Tekið hefur gildi nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík og á grundvelli þess hefur HER borist umsókn um nýtt starfsleyfi fyrir annan skotvöllinn.

Samkvæmt 11. gr. reglugerð 724/2008 um hávaða skal Umhverfisstofnun í samstarfi við önnur stjórnvöld gefa út leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits. Umhverfisstofnun telur rétt að HER noti sænskar leiðbeiningar fyrri hljóðmælingar frá skotvöllum við eftirlit, þ.e. *Allmänna råd om buller från skjutbanor* sem gefnar eru út af Naturvårdsverket.

Virðingarfyllt,

Steinnunn Karlsdóttir
sérfræðingur

Sigrún Ágústs dóttir
forstjóri

Athugasemd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): Að ígrunduðu máli og að höfðu samráði við lögfræðinga telur HER að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á tilvisuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er stöð í íslenskum lögum eða reglugerðum fyrir notkun þeirra.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08.2026

Traust Legal
Lágmúla 7
108 Reykjavík

Reykjavík 10. maí 2021
UST202102-329/G.A.Ó.
06.04.00

Efni: Fyrirspurn - Skotsvæðin Álfnesi - blýmengun - hávaðamengun

Vísað er til bréfs frá Traust Legal, dags. 15. febrúar 2021, til Umhverfisstofnunar þar sem spurt er um hljóðmælingar frá skotvelli í Álfnesi, blýmengun á skotsvæði og um samning milli Umhverfisstofnunar og skotveiðifélaga í Álfnesi.

Það eru tvær spurningar sem snúa að hljóðmælingum og þær eru eftirfarandi:

1. Telur Umhverfisstofnun leiðbeiningar um mæliaðferðir frá 2011 nothæfar fyrir hljóðmælingar á skothljóðum frá skotvöllum? Ef já, hvers vegna? Að mati Umhverfisstofnunar eru leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits, sem stofnunin gaf út árið 2011, fullnægjandi við eftirlit á hávaða frá atvinnustarfsemi, þmt. skotvöllum. Þessar leiðbeiningar hafa verið aðgengilegar eftirlitsaðilum við hljóðmælingar síðan þær voru gefnar út. Eftirlitsaðilar hafa stuðst við þessar leiðbeiningar við hljóðmælingar.
Hingað til hefur Umhverfisstofnun ekki fengið neinar rökstuddar ábendingar frá eftirlitsaðilum um að áðurnefndar leiðbeiningarnar um hljóðmælingar séu á einhvern hátt ófullnægjandi eða ekki í takt við tímann varðandi mælingar á hávaða frá skotvöllum. Aftur á móti fékk Umhverfisstofnun kvörtun frá íbúa í Kollafirði vegna hávaða frá skotvöllum Skotfélags Reykjavíkur í Álfnesi. Í framhaldi af þeirri kvörtun fékk stofnunin ábendingu um að til væru sænskar leiðbeiningar um hávaða frá skotvöllum sem heita: Buller frá skjutbanor og skjutfält.

Eftir að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þurfti loksins að viðurkenna að þau hafa verið með falsk mælingar á Álfsnesi á annan áratug, og margsinnis sagt að íbúar væru með aðdróttanir og ekkert væri til í þeim rökum. Þá allt í einu breyttu þau um taktík og byrjuðu að kenna Umhverfisstofnun um þessar falsk mælingar og sögðu að þau verða að fara eftir íslensku regluverki og leiðbeiningum UST. Og að þau hafa margsinnis bent á að þessar mælingar væru ekki heppilegar. En staðreyndin er allt önnur, við sem höfum hlustað á HER staðhæfa að þeirra mælingar væru bestu og nákvæmustu mælingar fyrir skotsvæði í meira en áratug spurðum UST ef einhverjir eftirlitsaðilar hafa kvartað undan þessum mælingum og svarið var augljóslega nei.

Starfsemi skotvalla fylgir hávaði og ónæði. Í íslenskum lögum og reglugerðum eru ekki viðmið fyrir hávaða fyrir starfsemi af þessum toga. Íslenskar viðmiðunarreglur miða við jafngildishljóðstig (LAeq) og gefur sá mælikvarði hugmynd um það heildarónæði sem af hávaða stafar. Sú mæliaðferð sem vísað er til í leiðbeiningum um mæliaðferðir við eftirlit (UST 2011) sem gefnar eru út í samræmi við ákvæði 11. gr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, er ekki hentug til mælinga á hávaða frá skotvöllum. Það hefur HER bent á og tekið undir með öðrum sem hafa gagnrýnt mæliaðferðina og segja hana ekki gefa rétta mynd af hávaða frá skotvöllum. HER fær þó ekki séð að hægt sé að byggja kröfur í starfsleyfi á mælingum samkvæmt annarri mæliaðferð en þeirri sem vísað er til í leiðbeiningum sem gefnar eru út með stoð í reglugerð um hávaða. Á meðan ekki eru gerðar breytingar á regluverkinu fylgir HER þeim leiðbeiningum sem er að finna í núverandi regluverki. Hvað varðar tilvísun í eldri reglugerð um að styðjast skuli við viðurkennda hávaðareglu frá Norðurlöndunum komi upp tilvik sem reglur ná ekki yfir þá bendir HER á að UST sem yfirstofnun heilbrigðiseftirlits gaf ekki út aðra leiðbeiningu en að stuðst skyldi við viðmiðunarmörk í þágildandi hávaðareglugerð og þá staðla sem vísað var í skv. henni.

HER minnir einnig á að áhrifasvæði skotvallanna er að meginhluta skilgreint landbúnaðar- og opið svæði í AR2040, einnig þar sem sumar- og íbúðarhús eru staðsett, en hvorki íbúðarbyggð né frístundabyggð. Í reglugerð um hávaða eru ekki skilgreind mörk fyrir hávaða þar sem skilgreind



HER hefur gert ekkert annað en að matreiða niðurstöður svo skotfélögin geta haldið sinni starfsemi áfram á Álfsnesi. Árið 2007 gerði HER hljóðmælingar á Álfsnesi vegna hávað frá skotsvæðunum og sýndu þær mælingar að hver skothvellur (toppur) var í kringum 100db. Á Álfsnesi eru tveir skotfélög með yfir 7 haglabýssu velli, þarna eru íbúar að hlusta á hverjum degi mörg þúsund hvelli með hljóðstig í kringum 100db. Hvernig Reykjavíkurborg hefur komist upp með þessi mannréttindabrot á þessum skala á annan áratug gegn sínum borgarbúum er með ólíkindum.

Mæling nr. 8. Skotið úr haglabyssu á æfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 15:34 og stóð í tæpar 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá gosbrunni, skotæfingu og umferð á Vesturlandsvegi. Útprint hljóðmælis

```

-----
Bruel & Kjaer
SLM Type 2236
SETTINGS:
-----
F                20-100 dB
RMS: A           Peak: C
RECORD NO.: 8
-----
11 Sep 2002      15:34:24
Elapsed Time     0000:04:49
Pauses          0
Overload        0.0 %
MaxP            101.1 dB Hæsti hljóðtoppur 101 dB(A)
MaxL            78.2 dB
MinL            44.8 dB
Leq             52.2 dB => Jafngildishljóðstig 52 dB(A)
SEL             76.8 dB
LEPd (Te= 7h30) 51.9 dB
LS              49.0 dB
L95             36.5 dB

```

Mæling nr. 9. Skotið úr riffli á æfingasvæði. Mælt á sama stað og áður. Mæling hófst kl. 14:41 og stóð í tæpar 5 mínútur. Engin hlé gerð á mælingu. Ríkjandi umhverfishávaði var frá vinnuvélum á urðunarstaðnum. Útskrift hljóðmælis:

```

-----
Bruel & Kjaer
SLM Type 2236
SETTINGS:
-----
F                20-100 dB
RMS: A           Peak: C
RECORD NO.: 9
-----
11 Sep 2002      15:40:09
Elapsed Time     0000:01:35
Pauses          0
Overload        0.0 %
MaxP            97.5 dB = Hæsti hljóðtoppur 98 dB(A)
MaxL            74.8 dB
MinL            35.1 dB
Leq             50.0 dB => Jafngildishljóðstig 50 dB(A)
SEL             73.8 dB
LEPd (Te= 7h30) 48.9 dB
LS              47.0 dB
L95             36.5 dB

```

Sanna S. Steinaradóttir

Ef bornar eru saman mælingar nú og frá því í fyrra er ljóst að hávaði berst bæði frá vélhjólasmæði og skotæfingasmæði yfir á alla þrjá mælistaði. Hávaði hjá bílavog er umtalsverður fyrir út af urðunarstaðnum og meginstarfsemi á æfingasmæðunum kemur til með að fara fram utan þess tíma sem opið er. Það má því ætla að æfingasmæðin valdi ekki auknum óþægindum fyrir starfsmann við vogina. Meiri hætta á óþægindum er við starfsmannabústað og við sumarbústað. Sérstaklega er hætta á því að hávaði berist yfir fjórðinn að bústaðinum þegar veður er stillt og kyrrt. Hvað varðar starfsmannabústaðinn er einnig hætta á að íbúar þar verði fyrir óþægindum. Óþægindi á svæðinu eru einhver nú þegar vegna urðunarstaðarins og umferðar stórra bifreiða um svæðið. Æfingasmæðin auka hljóðálagið við húsin umtalsvert. Einnig má benda á þó að hávaði liggi undir mörkum í reglugerð getur hávaðinn valdið óþægindum ef hann er endurtekinn yfir lengri tíma. Byssuskotín valda háum hljóðtoppum sem geta verið óþægilegir, en erfitt getur verið að draga úr þeim hávaða.

Þegar á heildina er litið er það afar afmarkað svæði þar sem hætta er á óþægindum frá þessum svæðum. Því ætti að vera nauðsynlegt að grípa til aðgerða til að minnka hávaðamengun á þessum stöðum. Nauðsynlegt er að kynna fyrirhuguð æfingasmæði fyrir eigendum sumarbústaðarins og íbúum starfsmannabústaðar. Þegar reynsla er komin á notkun svæðana er hægt að grípa til aðgerða til að draga úr óþægindum. Meðal þess sem hægt væri að gera er að reisa skjólveggi og setja þrefalt gler í hús. Einnig er hægt að takmarka opnunartíma svæðanna.

Virðingarfyllt

f.h. Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar

Svava S. Steinarsdóttir

Heilbrigðisfulltrúi





Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08 2026



Stórgrýtt fjara fyrir neðan SR og mön SR séð í suður. Einnig sést mikið fuglalíf þar sem höglin hafa verið að lenda síðustu 14 ár. WHO telja að yfir 1 milljón fugla deyja árlega þegar þeir borða blýhögl sem þeir ruglast á litlum steinum sem þeir innbyrða til að melta matinn (fóarn) sem síðar dregur þá til dauða



Blý og stálhögl beint fyrir neðan haglabyssuvelli Skotfélags Reykjavíkur





Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08 2026

Hér sést Lundinn fljúga inn Kollafjörðinn í leit að æti.



Hér er Lundinn í leit að æti í kringum allt blýið, beint fyrir neðan Skotfélag Reykjavíkur.



Kvóð er um að starfrækt er skotæfingasvæði á Álfsnesi og geta þinglýstir eigendur ekki gert kröfu á hendur Reykjavíkurborg vegna hávaða frá skotæfingasvæðinu.

[illegible]

Kaupsamningur

Befragter	Vorname	Nachname	Funktel.	Hausnr.
Roth/Jankowsky	000206-7890	-	-	100,0%
Maria Altmann Kriemhild 10	001173-9129	-	001-7987	50,0%
Györfi Gábor Kriemhild 10	100275-3206	-	-	50,0%

Slutsk. påskrivning 22.10.2015	Gjeld. skrivning 25.06.2015	Offisiell kopi 02.11.2015	Antall	Pris/Innholdstid 22.10.2015	Saknummer/Pris 22.10.2015
Byggetid / ant 100%	Byggetid / ant 100%	Byggetid / ant Tryggingens betalt Tryggingens betalt	Byggetid / ant Sjøløst	Byggetid / ant 43.950.000 kr.	Byggetid / ant 45.190.000 kr.

[illegible]

Ennsatz (Prüfungsklausur)
Yin-Yang ist eine 411-001000000
Yin-Yang ist eine 411-5-000000000

Reykjavíkurborg samþykkir að granna- 1034000 - fyrir tekulagningu af húsnæði og sál þá dragna frá atvikaagæðis. Raupandi munarnæði að hlaði til tekulagningu og þó að kostnaður verði hærri þó er græðsla Reykjavíkurborgar endanleg fyrir tekulagningu.

Samþykkt á milli 40.000 í skali af kaupverði vegna þess á húsnæði en miðað er við að hversugæði sál verði þá.

Häufiger Kontakt mit neuem Personal ist ein wichtiger Faktor für die Reduzierung von Infektionsrisiken.

INNFAERT
27. NOV. 2015

Skala B
Mantecado III p: Hsingar
24 NOV. 2015

Þráttur og að minnstaðs tvö hundruð og fimmtíu þúsund kr.				
Tíðni (1 útgáfa) 37.250.000 kr.	Gæðaflokkur, sk. númer 3 37.250.000 kr.	Tíðni (1 útgáfa) 0 kr.	Gæðaflokkur, sk. númer 3 0 kr.	Tíðni (1 útgáfa) 0 kr.
A. Öðurgættur: Ráttgættur sem gættur á mál.				
Gæðaflokkur Öðurgættur: Reykjavíkurborg				
Lýsing:				
1. Gætt (1 útgáfa) lánsum samkvæmt skilyrði vefbætt. Gætt (1 útgáfa) lánsum samkvæmt skilyrði vefbætt.				
2. Gætt (1 útgáfa) lánsum samkvæmt skilyrði vefbætt. Gætt (1 útgáfa) lánsum samkvæmt skilyrði vefbætt.				
3. Gætt (1 útgáfa) lánsum samkvæmt skilyrði vefbætt. Gætt (1 útgáfa) lánsum samkvæmt skilyrði vefbætt.				



UMHVERFIS
STOFNUN

Alls hefur Umhverfisstofnun greitt til Skotfélags Reykjavíkur 10.283.000 kr fyrir tímabilið 2018-2020.

Virðingarfyllst

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Gunnar Alexander Ólafsson
sérfræðingur

Hér eru nokkrar kvartanir fyrir fimmtán árum síðan sem hafa aldrei fengið neinn hljóðgrunn frekar í dag. Bara svo þið sjáið hversu lengi okkar barátta hefur verið, og hversu lengi hefur verið brotið á okkar mannrétindum.

Fylgiskjal 5 -

2009-03-24

Kvörtun v. skotsvæðis í Álfsnesi

Vegna auglýsingar um starfsleifistillögur sem sendar voru í fréttablaðið 5 mars 2009 þar sem farið er fram á starfsleyfi af skotveiðifélags Reykjavíkur til 12 ára, vil ég taka fram. Árið 1969 keyptum við landarspildu úr landi á Kjalarnesi sem nær frá Þjóðveg 1 niður að sjó skáholt á mótí Álfsnesinu, þessi staður fékk nafnið „Parna byggðum við lítið sumarhús, löngu seinna hesthús og íbúðarhús með fasta búsetu. Þarna hefur fjölskyldan unað hag sínum vel stundað hestamennsku og fylgst með fuglunum gera sér hreiður, þarna var umtalsvert fuglalíf. En nú er orðin breyting á, skothvellirnir úr Álfsnesinu hveða látlaust við, á kyrrum dögum magnast á spegilsléttum firðinum og kastast til baka úr Esju hlíðum. Fugl sést ekki lengur í mýrum og móum. Ógerningur að stunda hestamennsku eða aðra útivist.

Kveðja,

SKJALAVER
HÖFÐATORGI

6. APR. 2009

Málsnr.: 2009020301

Bréfatykili: 25.37

Reykjavík, 29. Mars 2009.

Reykjavíkurborg-Umhverfis-og samgönguvið,
Borgartúni 12-14,
105 Reykjavík.

**SKJALAVER
HÖFÐATORGI**

6. APR. 2009

Málsnr.: 2009020301
Bréfalykill: 25.37

Með vísan til auglýsingar í Fréttablaðinu, dags. 5. Mars 2009, um starfsleyfistillögur varðandi skotvöll á Álfsnesi fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, vill undirritaður íbúi í Kollafirði mótmæla að veitt verði leyfi til áframhaldandi skotæfinga á þessum stað.

Helstu ástæður þessa eru:

1. Hættu sem íbúum og öðrum í nágrenni skotsvæðisins stafar af slíkri iðju. Má í því sambandi benda á mikinn fjölda göngumanna á Esjuna og eina mestu umferðaræð inn og út úr Borginni-Vesturlandsveginn. Langdrægir og öflugir riflar draga 3-5 km sem setur allt þetta fólk í hættu.
2. Hávaði sem stafar af skotkvellum, sér í lagi á göðviðrisdögum þegar undirtekur í bergmáli frá Fjallinu.
3. Siendurtekin brot á opnunartíma skotsvæðisins og algert eftirlitsleysi með misgætnum skotmönnum.
4. Mikil mengunarhætta vegna blýhagla og blýkúlna og eftirlisleysis yfirvalda með mælingum á slíkri mengun og varnaraðgerðum gegn henni.
5. Truflun á varpi fugla á svæðinu, en um 20 tegundir fugla eiga hér varpland.

Það er mín skoðun að æfingasvæði skotmanna eigi engan veginn heima á Álfsnesi og finnst furðulegt að þetta skuli koma til álita hjá yfirvöldum borgarmála.

Virðingarfyllt,



116 Reykjavík.

HÖFÐATORGI
6. APR. 2009
Málsnr.: <u>2009020301</u>
Bréfalykill: <u>25.37</u>

30.3.2009

Reykjavíkurborg

Umhverfis- og samgöngusvið

Borgartúni 12 – 14

105 Reykjavík

Málefni:

Starfsleyfistillögur fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis vegna skotsvæðis í Álfsnesi.

Við undirrituð ábúendur í Kollafirði, mótmælum kröftuglega framkomnum tillögum um starfsleyfi vegna skotsvæðisins í Álfsnesi.

Við höfum orðið fyrir verulegu ónáði af völdum þessarar starfssemi og væri algjörlega óásættanlegt að búa við þetta áreiti til langrar framtíðar.

Fyrir okkur, sem búum í næsta nágrenni svæðisins og alla þá fjölmörgu náttúruvinnendur, sem vilja njóta útivistar, gönguferða og kyrrðar í hlíðum Esjunnar er þetta ástand óásættanlegt, og í hömrum fjallsins bergmála skothvellirnir og gera ótrúlegan hávaða. Hestar á reiðvegum neðan fjallsins hræðast mjög hvelina og drunur, sem koma óvænt þannig úr hömrunum fyrir ofan.

Við viljum því eindregið mælast til þess, að þessi starfssemi verði lögð niður í Álfsnesinu og flutt á e-n stað þar sem hún veldur ekki tjóni og óþægindum í sama mæli fyrir íbúa og útivistarfólk.

Förum við fram á að ekki verði veitt starfsleyfi til þessarar iðju í Álfsnesinu.

Að lokum viljum við benda á, að okkur er ekki kunnugt um, að þessi starfssemi hafi farið í grenndarkynningu eins og reglur kveða á um.

Með ósk um jákvæð viðbrögð

Með vinsemd og virðingu

hr. Björn Ingi Hrafnsson,
formaður borgarráðs
Ráðhúsi Reykjavíkur
150 Reykjavík

Skriðu 21. janúar 2007.

Efni: Ónæði frá skotæfingasvæði á Álfsnesi.

Komdu sæll Björn Ingi.

Við hjónin () festum kaup á einbýlishúsi ásamt landskíka úr landi Esjubergs á Kjalarnesi, nefnt í janúar árið 2003. Áður höfðum við búið í tæp 19 ár í Mosfellsbæ.

Með ofangreindri breytingu var ætlunin að flytja út í sveit, hér standa aðeins tvö hús, fjærri annarri byggð. Við urðum heldur ekki fyrir vonbrigðum, við vorum komin í algera kyrrð. Hér var ekkert sem raskaði ró okkar. Við gerðum ráð fyrir að ekki yrðu á því neinar breytingar, þar sem Reykjavíkurborg gerir ekki ráð fyrir deiliskipulagi á svæðinu fyrr en árið 2024.

En skjótt skipast veður í lofti.

Við komum heim úr ferðalagi síðdegis fimmtudaginn 21. júlí 2005. Það fyrsta sem við gerðum var að búa til gott íslenskt kaffi og setjast með það út á veröndina í veðurbliðunni sem þá ríkti. En þá fóru skothvellir að glymja í eyrum okkar. Við nánari eftir eftirgrennsan komumst við að því að opnað hafði verið skotæfingasvæði á Álfsnesi, í u.þ.b. 3ja km. fjarlægð frá og skotstefnan á Búamannsklettana hér fyrir ofan. Reykjavíkurborg hafði gert samninga við Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur til ársins 2020 um skotæfingasvæði á Álfsnesi og uppbyggingu þess.

Við sáum þann kost vænastan að flytja okkur inn í hús með kaffið, og þannig hefur það verið síðan. Nánast alla góðviðris eftirmiðdaga, kvöld og helgar á meðan birtu nýtur er skotið í sífelldu. Og það er ekki bara einn hvellur frá hverju skoti, heldur bergmálar hvert skot lengi frá Búamannsklettunum hér fyrir ofan.

Við teljum að Reykjavíkurborg hafi með ráðstöfun þessari brotið alvarlega á okkar rétti, því þetta er á skjön við aðalskipulag og engin grenndarkynning fyrir íbúum á svæðinu fór fram.

Krefjumst við þess að notkun skotæfingasvæðisins verði takmörkuð þannig að óheimilt verði að skjóta eitt kvöld í viku, frá kl. 17:00 og óheimilt með öllu á laugardögum og sunnudögum. Önnur kvöld verði lokað eigi síðar en kl. 22:00.

Varakrafa okkar er að Reykjavíkurborg kaupi af okkur fasteign okkar og eignarland samkvæmt markaðsverði miðað við þær forsendur að ekki væri um skotæfingasvæði í nágrenninu að ræða, auk 25% álags vegna röskunar á okkar högum.

Með vinsemd og virðingu,

02.04.09 22:46

Please respond to

To: einar.oddsson@reykjavik.is, gisli.gislason@reykjavik.is,
umhverfissvid@reykjavik.is,
elly.katrin.gudmundsdottir@reykjavik.is

cc

Subject: Athugasemd vegna auglýsingar um starfsleyfi

Vegna audlósingar um starfsleyfi skotveiðifélags Reykjavíkur langar okkur, íbúum á _____, að koma með eftirfarandi athugasemdir.

Við erum í hestamennsku og stundum meðal annars tæmingar hér á bænum. Þar sem reiðleiðir eru fábrotnar er útilokað að velja sér leiðir þar sem skothvella gætir ekki.

Mikil hljóðmengun berst hingað frá skotsvæðinu og glýmur í klettunum fyrir ofan bæinn. Þetta er misjafnlega mikið eftir vindátt en getur orðið það bagalegt að börnunum á bænum er ekki leyft að fara á hestbak við verstu aðstæður af ötta við að hrossin fælist undan hvellunum. Slikt hefur þó margsinnis komið fyrir okkur fulloröna fólkið og legið við slysum.

Reiðleiðin frá Kjalarnesi til Mosfellsbæjar liggur um Kollafjörð og verðum við að sæta lagi eftir opnunartíma skotsvæðisins til að fara þar um.

Það er óásættanlegt að okkar mati.

Það er því ósk okkar að skotsvæðinu verði fundinn önnur staðsetning eða að öðrum kosti að deyfa hljóðið það mikið að það nái ekki að magnast upp í Esjuhlíðunum. Hér er um mikið öryggismál að ræða sem snertir alla hestamenn á svæðinu og er þetta gjarnan rætt í okkar hópi þótt ekki geri allir skriflegar athugasemdir.

Fh íbúa á _____

24. 3. '09.

Viljum við benda á að þessir skotveiðimenn hafa frjálsan aðgang að þessum tveim skotsvæðum 12 tíma á sólaring yfir sumartímann og erum við íbúar og landareigendur gjörsamlega búin að fá nóg. Ekkert tillit hefur verið tekið til okkar. Fólk hefur flutt burt, er hætt að geta ríðið út og verið með hesta sína, geta ekki treyst börnum sínum úti við leik, hætt að fara í göngutúra í göðu veðri, jafnvel ekki hægt að vera inni í húsum sínum vegna hávaða. Þar sem skotveiðimenn geta komið þegar þeim sýnist innan þessa 12 tíma og skemmt fyrir okkur friðinn. Við höfum komist að því að við erum öll búinn að vera að berjast á móti þessum skotsvæðum í sitthvoru lagi, en nú er sagan önnur. Við sem skrifum hér undir eigum hátt í 200 hektara landsvæði í kollafirði og umhverfis skotsvæðið, og höfum við tekið þá ákvörðun að við munum leita réttar okkar í gegnum dómskerfið ef þessi tvö skotsvæði verði ekki látin fara sem allra fyrst. Eftir að Skotfélag Reykjavíkur hóf starfsemi sína hefur hljóðmengunin margfaldast og sá hávaði sem kemur úr þessum langdrægri rifflum er engum manni bjóðandi. Teljum við að með þessu athæfi hafi borgin lagt íbúa og útivistarfólk í lífshættu þar sem rifflar á skotsvæði Reykjavíkur drífa yfir 3 km. Að Skot hlaupi úr byssu eða endurkast á kúlu er þekkt dæmi, íbúar og útivistarfólk er allt innan 3 km frá skotsvæðinu. Hver vill bera ábyrgð á slíku voðaslysi?

Okkar kröfur

Að bæði skotfélögin Reyn og rvk verði látin fara sem fyrst,
en þangað til,

Að skylt sé að nota hljóðdeyfi.

Opnunartíminn verði verulega skertur í samráði við íbúa og landeigenda.

Við munum ekki sætta okkur við.

Fólks loforð.

Einhverjar draumórahugmyndir um fleiri manir osfrv.

Að annað skotfélagið verði látið fara en hitt verði áfram, við gerum okkur grein fyrir þeim upphæðum sem þið hafið eytt í skotfélag rvk en það réttlætir hvorki hávaðamengunina né hættuna sem þið hafið sett íbúa og útivistarfólk. Þetta er ferli sem þið þurfið að snúa við hið ýtrasta.

Borgarstjórnin í Reykjavík

Kjalarnes 17. mars. 2009

Ályktun Íbúasamtaka Kjalarness vegna skotsvæðis í Álfsnesi

Vegna margra athugasemda, ábendinga og kvartana íbúa í nágrenni skotsvæðisins í Álfsnesi ályktar Íbúasamtök Kjalarness eftirfarandi:

Það er okkar eindregin vilji, ósk og krafa að skotsvæðið í Álfsnesi verði lokað og flutt hið fyrsta.

Ástæður eru eftirfarandi:

1. Hávaði truflar íbúa á svæði í allt að 5ja kílómetra fjarlægð.
2. Hávaðinn er um helgar og á kvöldin virka daga, og um sumartímann er þetta sérstaklega slæmt og hafa einstaka íbúar nú þegar flutt vegna þessa vandamáls.
3. Ítrekað hafa umgengisreglur sem gilda um svæðið verið brotnar þ.e.a.s. skotið utan opnunartíma svæðisins.
4. Þetta er ekki glæsileg fyrirmynd fyrir Reykjavík þar sem hávaðinn berst upp allar Esjuhlíðar á góðum sumardegum þar sem mikið er af göngufólki á svæðinu.
5. Okkur óar við þessari starfsemi – svo nálægt byggð hjá okkur og útivistarsvæði – ein kúla á rangri leið getur kostað mannlíf.

Einnig óskum við hjá Íbúasamtökunum eftir að kannað sé hvort eðlileg stjórnsýsla hafi verið við höfð við úthlutunar á þessu svæði.

Með von um skjót og skýr svör

Fyrir hönd Íbúasamtaka Kjalarness
Símon Þorleifsson
Formaður Íbúasamtaka Kjalarness

Kjalarnesi 16.mars 2009.

Umhverfis-og samgöngusvið,

Borgartúni 12-14

105 Reykjavík.

**SKJALAVER
HÖFÐATORGI**

6. APR. 2009

Málsnr.: 2009020301

Bréfalykill: 25.3.1

Athugasemdir vegna starfsleyfistillagna um skotvöll í Álfsnesi.

Í lið tvö í auglýsingu um starfsleyfistillögur gefst íbúum á svæðinu réttur til að gera athugasemdir vegna þess.

Undirrituð hefur búið á Kjalarnesi síðastliðinn níttján ár. Fjá 1990 til 1996 á Mógilsá. 1996 keypti ég land úr stofnaði lögbýli sem ég kalla í og hef síðan verið að byggja þar upp aðstöðu sem fellur að mínum lífsstíl. Ástæður fyrir staðarvalinu voru nálægð við náttúru þar sem hægt var að stunda útivist (skógrækt, hestamennsku, göngur).

Síðan skotsvæðið var opnað í Álfsnesi hefur þessi mynd gjör breyst. Opnunartími þar, sem vægast sagt hefur verið frjálstlega með farið af þeim sem eru að skjóta er í frítíma flestra og tillagan gengur út á rímri tíma. Það er algjörlega ólíðandi að hafa hávaðan af skothríðinni dynjandi í eyrunum sér í hvert skipti sem farið er út úr húsi.

Opinbera reiðleiðin í Kollafjörð og vinsæl gönguleið sem er um malargryfjurnar og á gamla þjóðveginum meðfram Esjunni (gengt skotsvæðinu). Á þessu svæði endurkastarar fjallið skothvellina með tilheyrandi hættu fyrir þá sem fara þar um með hesta og hávaðamengum það er ekki spurning hvort heldur hvenær slys verður á reiðleiðinni á Kjalarnesi.

Þá eru mófuglarnir sem hafa koma á vorið hætti að verpa í nágrenni skotsvæðisins. Þeir koma og fara svo nokkrum dögum seinna og sjást ekki meir.

Það er með öllu óásættanlegt að hafa svæði þar sem fólk er að æfa sig í að drepa þar sem íbúðabyggð er.

Fróðlegt væri að heyra hvernig stendur á þessari staðsetningu frá Borgaryfirvöldum og hvernig öllu sú stjórnsýsla hefur gengið fram.

Skotsvæðið hefur rýrt búsetuskylirði á svæðinu og skapað neikvæða mynd fólks á Kjalarnesi.

Kjalarnesi.

Varðar 12 ára starfsleyfi fyrir Skotreyn.

Undirrituð hafa móttengið bréf yðar dags. 5.mai 2009 þar sem tilkynnt er að Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur sé búið að fara yfir allar athugasemdir og hafi tekið ákvörðun um útgáfu starfsleyfis til 12 ára.

Augljóst er að í meginaatriðum hefur ekkert tillit verið tekið til mótmæla allra þeirra sem sendu athugasemdir við fyrirhugaða endurnýjun á starfsleyfi fyrir Skotreyn. Það sem er einnig afar gagnrýnisvert er sú staðreynd að enginn fundur var haldin með þeim sem mótmæltu fyrirhuguðu starfsleyfi og gerðu alvarlegar athugasemdir við þá starfsemi sem fram fer hjá Skotreyn. Þær eiga einnig og jafanvel frekar við um starfsemi Skotvís. **Allar fagrar yfirlýsingar borgaryfirvalda um náð samráð við íbúa vegna stórra ágreiningsmála er greinilega ekkert að marka.**

Afgreiðsla heilbrigðiseftirlitsins er í raun ótrúleg og um leið algjört tillitsleysi og hroki við þær alvarlegu athugasemdir sem svo margir sendu heilbrigðiseftirlitinu. Það er eins og heilbrigðiseftirlitinu og borgaryfirvöldum sé nákvæmlega sama þótt skothvellir valdi óstöðugu ónæði og hávaða sex daga vikunnar nær og fjær, frá 10-12 til 18-22, eftir vikudögum. **Starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins og borgarfulltrúar ættu að reyna það á eigin eyrum.** Ekkert virðist heldur gert með hættuástand sem getur auðveldlega skapast fyrir aðra en skotmenn þegar skotum er beint út á flóann.

Það er skýlaus krafa okkar að þessari starfsemi verði hætt á þessum stað innan ekki langns tíma og henni fundinn annar staður fjær mannabyggðum.

Þessvegna er það bein ögrun við íbúana að ætla að veita leyfi til hvorki meira né minna en næstu 12 ára á þessum stað. Í þann stutta tíma sem starfsemin verður þarna áfram er það einnig krafa okkar að hljóðeyfir á skotvopnum verði notaðir við skotæfingar.

Við krefjumst rökstuðnings fyrir þessari ákvörðun og jafnfram ítarlegra svara við þeim aathugasemdum sem heilbrigðiseftirlitinu barst. Er það svo, að heilbrigðiseftirlitið hefur þegar tekið endanlega ákvörðun og frekari mótmæli eða viðbrögð íbúa við umbeðnum rökstuðningi og svörum hafi ekkert að segja ?

Ljóst er, að ef heilbrigðiseftirlit Reykjavíkurborgar og borgarstjórn Reykjavíkur ætla ekkert tillit að taka til réttmætra mótmæla íbúa í næsta nágrenni við skotæfingarstaðinn, verður málið kært til Umhverfisstofnunar.

Undirrituð óska eftir skjótum svörum við þessu erindi.

Virðingarfyllst,

Samgönguráðgjafi
Formaður íbúa samtaka Kjalarness

Afrit sent til nefndarmanna í Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur,
ráðsmanna í Umhverfis- og samgönguráði,
ráðsmanna í Hverfisstofnun Kjalarness,
borgarráðs Reykjavíkur, borgarstjóra, forseta borgarstjórnar,
og annarra borgarfulltrúa.

Fremur við miðstöð 12/5 2009

Mál nr. 716/2023 Skotsæfingsvæði Álfnsesi – breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040

Athugasemdir:

Við íbúar og landeigendur á Kjalarnesi erum alfarið á móti þessari breytingu á aðalskipulaginu. Ástæður eru eftirfarandi:

1. Skotsvæðin hafa verið í tæp 20 ár með ólöglega aðstöðu samkv. 4 kærum til úrskurðanefndar með málsnúmerum 94/2022, 19/2023, 32/2023 og 33/2023. Það getur ekki verið komin hefðaréttur vegna þess að þessi starfsemi hefur öll þessi ár verið ólögleg. Einnig var sótt um byggingarleyfi fyrir húsum á þessum stað um síðastu áramót en ekki hægt að veita þau vegna þess að ekki var búið að úthluta lóðum undir þau en húsin virðast hafa verið í leyfisleysi frá upphafi.
2. Starfsleyfin á Álfnsesi hafa verið frá upphafi til bráðabirgða og tíminn að okkar mati er runninn út!
3. Ekkert samráð hefur verið með íbúum- og landeigendum öll þessi ár.
4. Starfsleyfisskilyrðum á þessu tímabili hefur ekki verið fylgt eftir og eru íbúar og landeigendur afar ósáttir við vinnubrögð HER og sjáum við því miður ekki breytingu á því í framtíðinni.
5. Síðastlíðin 3 ár hafa skotsvæðin verið lokuð meira og minna, ekki með starfsleyfi og þar með hafa viðkomandi félagar æft á öðrum stöðum sem sýnir að hægt sé að æfa á öðrum stöðum en Álfnsesi. Það sýnir að ekki sé þörf fyrir aðstöðu á Álfnsesi.
6. Miðað við allar kvartanir sem hafa verið vegna skotsvæðanna er okkur með öllu óskiljanlegt afhverju á að leggja fjarhagslega í þá vegferð að breyta aðalskipulaginu í stað þess að nota alla orku og fjarhag í það að finna nýtt svæði.
7. Ítrekað hefur því verið haldið fram að lögreglan æfi á Álfnsesi og notuð þessa staðhæfing til að réttlæta þessa starfsemi á Álfnsesi, en íbúum og landeigendum hefur borist skrifleg staðfesting á því að lögreglan hefur ekki æft á Álfnsesi í áraraðir:
Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (LRH) hefur ekki notað eða æft á skotsvæði í Álfnsesi. Haft var samband við ríkislögreglustjóra vegna fyrirspurnarinnar, starfsmenn ríkislögreglustjóra hafa ekki notað skotsvæði í Álfnsesi um árabil.

LRH notar aðra staði á suðvesturhorni landsins til að æfa skotfærni sína.
8. Borgarstjóri hefur í sýnu erindisbréfi tekið fram að skotsvæðin eiga að fara vegna áætlaðra byggingu Sundabrautar og vegna þess að starfsemin er í óþökk íbúa, landeigenda og útivistafólks. Þessi aðalskipulagsbreyting er ekki hlutur að hans beiðni og vinnuhópurinn átti einungis að sjá um að finna framtíðastað og flytja þessa starfsemi af Álfnsesi!
9. Íbúar og landeigendur hafa ítrekað (á 20 árum!) kvartað undan hávaða frá skotsvæðunum. Ekkert hefur verið komið á móts við okkur öll þessi ár og sérfræðingar hafa ítrekað varað við þessari staðsetningu fyrir skotsvæðin á Álfnsesi vegna þess að ekki sé hægt að hljóðeinangra.
10. Ekki hefur verið gerð grendarkynning. Breytinging byggir eingöngu á ósk og vilja skotfélaganna!

11. Þessi aðalskipulagsbreyting mun skapa skaða fyrir landeigendur. Verðfall mun verða ef þessi skipulagsbreyting verður framkvæmd og eignir óseljanlegar. Samkvæmt lögum er borgin bótaskyld ef skipulagsbreyting veldur skaða!
12. Í umsögn Vegagerðarinnar kemur fram að Vegagerðin gerir engar athugasemdir við rekstur skotsvæðanna „sé fyllsta öryggis og veghelgunar gætt“. Það kemur ekkert fram hvernig á að gæta að öryggi og með hvaða hætti. Einnig á meðan framkvæmdir við Sundabraut eru í gangi. Það skipti öllu máli um hvernig það sé framkvæmd og kostar einnig almannafé. Hvernig á að tryggja öryggi vegfarenda nákvæmlega þarf að koma fram og þarf að vera ljóst áður skipulagsbreyting er hafin.
13. Íbúar og landeigendur eru hræddir um að ef þessi skipulagsbreyting verður að veruleika verði gefnar forsendur til þess að skotsvæðin verða til framtíðar. Vinnan er hafin við að finna nýja aðstöðu fyrir skotsvæðin en í gögnum frá Eflu varðandi mögulega framtíðastaðsetningu er Álfsnes meðal þeirra staðsetningar sem kæmu ennþá til greina.
14. SR völlum er ekki löglegur fyrir alþjóðaleg mót vegna skotstefnu. Einu sinni hefur verið haldið mót með undanþágu árið 2015 og segir mjög skýrt að staðsetning sé ekki hentug.
15. Skotreynd hefur verið stofnað 1986 og er ekki skilgreint sem íþróttafélag. Hvaða sögulega sérstöðu hefur áhugamannafélag sem er stofnað 1986?
16. Það kemur fram í forsaga að „Aðstaða á svæðinu hefur verið byggð upp og kostuð af Reykjavíkurborg“. Það segir að skotsvæðin hafa ekki neinn fjarhagslegan skaða af stöðvun á þessari starfsemi. Allur áframhaldandi kostnaður hlítur því að falla á borgarbúa.
17. Undir grein 3. „Markmið og tilgangur“ er tekið fram að leita skuli leiða „til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingarsvæðum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi“. Siðastliðin 20 ár hefur ekkert verið gert til að draga úr hávaða né lágmarka þungmálmamengun sem stafar af skotsvæðunum. Samkvæmt eftirlitsskýrslu HER 2020 er mengun á svæðunum, við svæðin og í fjörunni og sjó. Við höfum ekki enn þá fengið svör við því hvernig hreinsun á að fara fram.
Kostnaður við slíka hreinsun á að vera á kostnað skotfélaganna samkv. starfsleyfum sem voru í gildi til 2020.
18. Sundarbrautinn mun liggja yfir annað svæðið og þegar er ráðist á framkvæmdir þarf að hreinsa bæði blýmengun sem er á landið, við skotsvæðin og út í sjó.
19. Ef þessi skipulagsbreyting nær fram að ganga þarf að gera mjög skýrar dagsetningar inn í aðalskipulaginu varðandi heimildir eftir árslok 2028. Óska íbúar og landeigendur þess að ef þessi skipulagsbreyting verður að veruleika að það verði tekið mjög skýrt fram í aðalskipulaginu að engar skotæfingar mega fara fram eftir árslok 2028.
20. Í greinagerð kemur fram eftirfarandi setning: „Stefna um landnotkun á svæðinu verður tekin til endurskoðunar innan fjögurra ára og þá á grundvelli niðurstaðna um staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar litið.“ Þessi setning er ekki í samræmi við ósk borgarstjórans (sjá erindisbréf) og hlutverk vinnuhóps. Þessi setning getur skapað forsendur fyrir áframhaldandi starfsemi sem fer gegn skipunarbréfi borgarstjóra og vilja íbúa og landeigenda á Kjalarnesi.
21. Einnig kemur fram: „Ljóst er að sú vinna, skipulagsbreytingar og mat á umhverfisáhrifum og undirbúningur framkvæmda getur tekið drjúgan tíma og því mikilvægt að skapa hæfilegt svigrúm í aðalskipulaginu fyrir núverandi starfsemi til skemmri tíma litið.“ Þetta á ekki við! Ef saga þessarar staðsetningar er skoðuð hafa

skotsvæðin verið þarna í leyfisleysi í 20 ár. Við íbúar og landeigendur höfum ekki lengur þolinmæði fyrir þessari starfsemi og Reykjavíkurborg hafði nægilegan tíma til að finna nýjan framtíðastað fyrir skotsvæðin ef vilji væri fyrir hendi. Að okkar mati er tíminn runnin út.

22. Á mynd á blaðsíðu 10 í drög að tillögu aðalskipulagsbreyting, er sýnd lega Sundabrautar yfir skotsvæði Skotreyn. Viljum við benda á að það er ekki komin endanleg ákvörðun um legu Sundabrautar og því ekki rétt að sýna einungis þennann valkost.
23. Varðandi breytingar á kafli 8.2.12. Álfnes. Það kemur fram fyrir og eftir breytingu að „efnistakan er heimil á svæðinu“. Samkvæmd skýrsum frá Heilbrigðiseftirlitinu frá 2020 er ljóst að þarna er orðin þungmálmamengun og ætti ekki að heimila efnistöku fyrr en eftir að skotsvæðin eru farin og svæðin hreinsuð eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar.
24. Bls. 11, Mengun: Tekið er fram að „*æskilegt væri að hreinsa högl af landi, úr fjöru og sjó ef til þess væru tækifæri og aðstæður*“. Að okkar mati ætti hér að rannsaka nánar hvernig mengun er til staðar en HER hefur hingað til neitað að láta rannsaka landið á og við skotsvæðin ásamt sjó og fjöru á grundvelli þess að ekki hafa verið gerðar rannsóknir á landinu áður en þessi starfsemi hófst. Þannig er ekki vitað nákvæmlega um hversu mikla mengun er að ræða á svæðinu og nærliggjandi fjöru og sjó og því ætti að vísa því máli til Umhverfisstofnunar og láta gera rannsókn og áætlun um hreinsun svæðanna og nærliggjandi land, fjörðu og sjó. Það er þekkt í Evropu og mikill reynsla þar, enda mjög kostnaðasöm aðgerð sem krefst þekkingu og samvinnu við allar stofnanir ef á að fylgja íslenskum lög um nátturvernd.
25. Í viðhengi sendum við einnig úrdrátt úr kæru okkar vegna starfsleyfi skotsvæði SR vegna þess að í henni erum við að skýra nánar rök okkar gegn aðalskipulagsbreytingu vegna hávaði og mengun.
26. Hvað kosta þessa aðalskipulagsbreytingar og er þessi kostnaður ásættanlegur ef allir þættir sem nefndir eru hér að ofan eru teknir saman (t.d. vinnsla við aðalskipulagsbreyting/sérfræðingar, byggingarleyfi, lóða leyfi, hljóðgreining, bættar hávaðavarnir, bættar mengunarvarnir, hreinsun og fleira)? Væri ekki betra að nota þennan kostnað í að finna og byggja upp annað svæði?

Við íbúar og landeigendur erum alfarið á móti þessari breytingartillögu vegna ofangreindra atriða. Síðan skotsvæðin hafa verið lokuð er ótrúlegur munur á umhverfinu. Okkur sýnist mun meira fuglalíf. Hér á Kjalarnesi og við Kollafjörð er stórt útivistasvæði og næði. Það er ótrúlegt að yfirvöldum skuli detta í hug að eyðileggja það með rekstri skotvalla á Álfnesi.

Reykjavík, 29.10.2023
 Kristbjörn Haraldsson
 Anja Þórdís Karlsdóttir

...

1. Hávaði og bergmálun

Síðan skotsvæðin hafa opnað hefur verið kvartað vegna hávaðamengunar frá þeirra starfsemi eða í um það bil 19 ár. Landeigendur og ábúendur hafa gengið að lokuðum dyrum með kvörtunum og kærum til Heilbrigðiseftirlits og eins og áður hefur komið fram í eftirlitsskýrslu HER 2020 (sjá viðhengi) hefur ekki verið gert neitt til að einangra hávaðamengun.

Staðan er óbreytt í dag með útgáfu nýs starfsleyfis.

Hljóðmælingaraðferð ekki í íslenskum lögum

Kjarni málsins er að enga skilgreiningu er hægt að finna í lögum og reglugerðum Íslands varðandi hávaða frá skotæfingasvæðum, nánar tiltekin um „hvernig“ á að mæla hávaða frá skotsvæðum ([724/2008 Reglugerð um hávaða](#)).

Mælingar sem hafa verið notaðar hér á landi við mælingar á skothvællum gefa ekki raunhávaða frá skothvællum því hávaðatoppar mælast ekki og í staðin er notuð jafngildishljóðstig. Mæliaðferðin skipti samt öllu máli varðandi starfsleyfin fyrir skotsvæðin og íbúa og landeigenda í kring, vegna þess að hér ræðir um hvort hávaði er um það bil 40-50dB eða heilsuspillandi hávaða á bili 80-100dB.

Skothvellir eru ekki venjulegur hávaði heldur fylgir þeim mikill og óreglulegur og mun hærri hávaði en t.d. frá umferð eða önnur hljóð sem mætti búast við í dreifbýli.

Í núverandi reglugerðum er því einungis skilgreint hversu mikill hávaði má vera.

Vegna vinnslu við nýja starfsleyfið Skotreynd hefur HER haft samband við Umhverfisstofnun til að fá ráðleggingar um hvernig mæliaðferð á að nota við hávaðamælingar frá skotvöllum. Sjá í viðhengi: „Leiðbeiningar um hávaðamælingar Umhverfisstofn.pdf“

Umhverfisstofnun svara eftirfylgjandi:

„Samkvæmt 11. gr. reglugerð 724/2008 um hávaða skal Umhverfisstofnun í samstarfi við önnur stjórnvöld gefa út leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits. Umhverfisstofnun telur rétt að HER noti sænskar leiðbeiningar fyrir hljóðmælingar frá skotvöllum við eftirlit, þ.e. Allmänna råd om buller från skjutbanor som gefnar eru út af Naturvårdsverket.“

Því miður eigum við ekki full reglugerð fyrir hendi en að hluta má sjá í viðhengi „Buller från skjutbanor och skjutfält - Naturvårdsverket.pdf“.

Í [reglugerð 724/2008 gr. 11](#) segir „Umhverfisstofnun skal í samstarfi við Skipulagsstofnun og önnur stjórnvöld eftir því sem við á gefa út leiðbeiningar um:.....c. mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits.“

En í svari frá Umhverfisstofnun sem má finna eins og áður segir í viðhengi, neitar HER að nota tilgreinda reglugerð sjá í viðhengi: „Leiðbeiningar um hávaðamælingar Umhverfisstofn.pdf“ neðst á blaðinu – viðauka „kassí“ með texta frá HER.

HER hefur bara gert hávaðamælingar varðandi skotsvæði Skotreynd en enga nýja mælingar má finna fyrir Skotfélagið Reykjavíkur, því liggur ekkert fyrir hversu mikill hávaði stafar frá skotsvæðinu.

HER heldur fram að hljóðmælingar væru innan allra marka en með hlífðsjón á hvaða mæliaðferð er notuð má ætla að niðurstöður séu aðrar.

Í [reglugerð 550/2018 6. gr.](#) kemur eftirfarandi fram:

Sé atvinnurekstur, sbr. I., VII., IX. og X. viðauka, háður mati á umhverfisáhrifum eða tilkynningarskyldur skal niðurstaða matsins eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu liggja fyrir áður en tillaga að starfsleyfi er auglýst.

Þar sem engar nýjar hljóðmælingar liggja fyrir og ekkert verið gert í hávaðavörnum á þessu svæði, teljum við að það hefur ekki verið lagt nægilegt mat á umhverfisáhrifum vegna hávaða. Miðað við hvað hefur gengið á vegna hávaða sem stafar frá skotsvæðinum hefði verið rétt vinnubrögð að láta mæla hávaða frá þessari starfsemi áður starfsleyfi er auglýst.

Eftir allt sem að hefur gengið á milli íbúa og landeigenda og HER/skotsvæðin teljum við að ekki sé hægt að treysta á það að hljóðmælingar séu rétt framkvæmdar og krefjumst við þess að nýjar hljóðmælingar verði framkvæmdar af óvilhóllum og sérfróðum aðila sem þekkir sænska reglugerð í öllum liðum.

Hljóðmælingar og misræmi:

Eins og er nefnt hér að ofan heldur HER fram að hljóðmælingar væru innan allra marka. Við viljum hér að neðan sýna fram á að mæliaðferð sem notuð er í dag, er villandi. Mælingar hér að neðan sýna mælingar frá skotsvæðinu Skotreyrn en eru notuð til að sýna fram á mismunur og hvaða afleiðingar það hefur.

Aðalmunur á mæliaðferð sem er viðurkennd í íslenskum reglugerðum mælir ekki hljóðtoppana. Niðurstöðu slíkra mælinga mæla bara „jafngildishljóðstig“. Í sænskri reglugerð (eins og er nefnd hér að ofan) mælast „hávaðatoppa“ við mælingu skothávaða.

Samkvæmdi [reglugerðar 724/2008](#) um hávaða (sjá tafla III) má finna að hávaði má ekki fara yfir 50dB (við húsvegg!).

Tafla III. Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi.							
Tegund húsnaðis	Mörk fyrir atvinnustarfsemi						
	L _{Aeq} (07-19)		L _{Aeq} (19-23)		L _{Aeq} (23-07)		L _{AFmax} nótt
	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Við húsvegg	Inni	Inni
Íbúðarhúsnaði á íbúðarsvæðum	50	30	45	30	40	25	40
Íbúðarhúsnaði á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum	55	30	55	30	40	30	45
Dvalarrými á þjónustustofnunum þar sem sjúklingar eða vistmenn dvelja yfir lengri tíma	60*	35	50*	35	50*	30	45
Iðnaðarsvæði og athafnasvæði	70		70		70		
Fristundabyggð	35		35		35		35

Hér að neðan listum við upp mismunandi mælingar með mismunandi mæliaðferðum sem framkvæmd hafa verið hingað til:

A) Mælingar Heilbrigðiseftirlits frá 2007 (mælt jafngildishljóðstig)

Mæling nr. 3. Viðmiðunarmæling. Mælt var við íbúðarhúsið Skriðu undir Esjuhliðum. Mælir stóð á grasi við hús í ca. 1,7 m hæð. Mæling hófst kl. 12:03 og stóð í tæpar 5 mínútur. Ríkjandi umhverfishávaði var frá umferð á Vesturlandsvegi.

LCpeak 93,1 dB(A) => Hæsti hljóðtoppur
Lamax 51,5 dB(A) => Hæsta hljóðbil
Laeq 41,5 dB(A) => Jafngildishljóðsstig

Ef hæsti hljóðtoppur væri notaður við skothvellinga má áætla að raunhávaði frá skotsvæðinu er um 80-90dB (!) en ekki jafngildishljóð um 40db.

B) Mælingar Heilbrigðiseftirlits frá 2020 (mælt jafngildishljóðstig)

Í viðhengi „Rannsókn HER blý- og hávaðamengun vegna skotvalla 2020“ má sjá í tafla 6 (blaðsíða 13) niðurstöðu á hljóðmælingum HER frá 15.09.2020 (jafngildishljóðstig)

Tafla 6 sýnir niðurstöður jafngildishljóðstígs (LAeq) fyrir alla mælistaði

	Móaberg	Skríða/stekkur	Esjuberg	Hvammur	Esjuhlíðar
Mæling 1	44 dB	50 dB	51 dB		
Mæling 2	45 dB	49 dB	49 dB		
Mæling 3	47 dB	49 dB		47 dB	
Mæling 4	46 dB	51 dB		47 dB	
Mæling 5	46 dB	51 dB			50 dB *
Mæling 6	46 dB	53 dB			52 dB *

*Ekki mælt við hús heldur opið svæði – gildi eru því aðeins til samanburðar.

Eins og áður hefur verið útskýrt sýna niðurstaða þessa mælinga heldur ekki raunhávaða.

C) Mælingar Trivium (sænsk aðferð)

Hér er tekið fram að Trivium er viðurkennt fyrirtæki sem hefur sérhæft sig við hljóðmælingar og ráðgjöf og hefur ráðlagt okkur á þessu tímabili við hljóðmælingar eftir sænskri aðferð.

Því miður hefur Trivium ekki mælt við okkar hús á Stekk né Skríðu á sínum tíma en niðurstöðu mælingar sem voru framkvæmdar eftir sænskri aðferð sýna verulegan mun til samanburðar á hinum stöðum áhrifasvæðisins.

Það sýnir heilsuspillandi hávaði (>85dB) frá skotsvæðini ([sjá skilgreining í reglugerð 724/2008 7gr.](#))

Skotsvæði á Álfnsnesi						Trivium ráðgjöf
Hljóðmælingar við frístundabyggð og íbúðabyggð í Kollafirði						19.10.2019
Niðurstöður mælinga bornar saman við leyfilegan hávaða skv. meðfylgjandi sænskum leiðbeiningum ¹⁾						
Haglabyssuskot						
Staðsetning mælingar	Mæling nr.	LAI _{max}	Íbúðarbyggð - neðrimörk	Íbúðarbyggð - efrimörk	Útivistarsvæði - neðrimörk	Útivistarsvæði - efrimörk
Móavík - Frístundabyggð	1	85	65	70	60	65
Móavík - Frístundabyggð	2	86	65	70	60	65
Krummavík - Frístundabyggð	3	84	65	70	60	65
Krummavík - Frístundabyggð	4	81	65	70	60	65
Móaberg - Heilsárshús	5	72	65	70	60	65
Móaberg - Heilsárshús	6	60	65	70	60	65

¹⁾ Naturvárdverket : Buller från skjutbanor och skjutfält. Vägledning om buller från skjutbanor för finkalibrig ammunition. Svipjöd 17.05.2016

D) Mælingar Heilbrigðiseftirlits 2022 (sænsk aðferð „iðnaðasvæði“)

Umhverfisstofnun hefur leiðbeint Heilbrigðiseftirliti að nota sænska reglugerð við mælingar og sendi Heilbrigðiseftirlit starfsmann í það verkefni til að framkvæma hljóðmælingar. Í starfsleyfis viðhengi „Starfsleyfi 2022 skotveidifelag_reykjavíkur_og_nagrennis.pdf“ (bls. 4) má finna lýsingu og mælingar. Í þeim tekur HER fram að þau geta ekki borið saman mælingar við mælingar Trivium þar sem þá skorti upplýsingar um nákvæma mæliaðferð.

Tafla 1: Samantekt hljóðmælinga sem fram fóru í lok júní og byrjun júlí 2022 samkvæmt aðferðinni Allmänna råd om buller från skjutbanor.

	LAI [dB] (meðaltal)	Mælistaður	Skotvöllur	Skotfæri (g)	Skotstefna	Dagsetning	Veður (vindstefna og styrkur)
Mæling 1	61	Móaberg	Skotvöllur 1	19	N	29.6.2020	S - logn
Mæling 2	58	Móaberg	Skotvöllur 2	19	N	29.6.2022	S - logn
Mæling 3	48	Móaberg	Skotvöllur 4	19	NA	29.6.2022	S - logn
Mæling 5	69	Móavík	Skotvöllur 1	28	Breytileg	29.6.2022	V - <2 m/s
Mæling 6	71	Móavík	Skotvöllur 2	28	Breytileg	29.6.2022	V - <2 m/s
Mæling 7	44	Móavík	Skotvöllur 4	28	Breytileg	29.6.2022	V - 2 m/s
Mæling 8	49	Móaberg	Skotvöllur 1	28	N	29.6.2022	V - 2-4 m/s
Mæling 9	48	Móaberg	Skotvöllur 4	28	NA	29.6.2022	V - 2-4 m/s
Mæling 10	48	Stekkur	Skotvöllur 1	28	N	29.6.2022	V - 2-4 m/s
Mæling 11	48	Stekkur	Skotvöllur 1	28	N	1.7.2022	V - 2-4 m/s
Mæling 12	Ekki hægt að greina skotvelli	Stekkur	Skotvöllur 4	28	NA	1.7.2022	V 2-4 m/s
Mæling 14	Ekki hægt að greina skothvelli	Naustanes	Skotvöllur 1	28	N	5.7.2022	
Mæling 15	Ekki hægt að greina skothvelli	Naustanes	Skotvöllur 4	28	NA	5.7.2022	
Mæling 16	55	Móavík	Skotvöllur 1	28	N	6.7.2022	Logn - logn
Mæling 17	46	Móavík	Skotvöllur 4	28	NA	6.7.2022	Logn - logn
Mæling 18	Erfitt að greina skothvelli	Hvammur	Skotvöllur 1	28	N	6.7.2022	
Mæling 19	Erfitt að greina skothvelli	Hvammur	Skotvöllur 4	28	NA	6.7.2022	

Í töflunni kemur fram að notað er „meðaltal“ og er það frábrugðið sænskri reglugerð þar sem á að notast við LAI-MAX. Mælingum HER er því ekki treystandi né hægt sé að gera einhverja ályktun á því um raunverulegan hávaða á áhrifasvæðinu!

Mæling í Móavík sýnir þó 71dB og er það hátt yfir 50dB sem er samkvæmd núverandi íslenskum reglugerð langt yfir leyfilegan hávaða ([reglugerð 724/2002](#)).

E) Upplifun íbúar Stekk/Skríða

Frá því að nýja starfsleyfi var veitt höfum við á Stekk sent inn nú þegar kvörtun vegna hávaða.

Við gerum okkur grein fyrir því að það sé ekki hægt að byggja mat á því hvort skotsvæðin eiga að vera áfram á Álfsnesi út frá okkar tilfinningum en við finnum verulega fyrir hávaða frá skotsvæðinu. Við viljum benda á að hávaði frá skotunum frá svæði Skotfélag Reykjavíkur og Skotreynd eru sambærilegir.

Við vorum viðstödd á þeim tíma þegar HER framkvæmdi „hávaðamælingar“ í sumar fyrir Skotreynd og við undruðumst vegna þess að skothvellir voru undarlega lágir. Við heyrðum enga skothvelli innanhúss og utanhúss voru þeir mun lægri en við höfðum vanist.

En eftir að skotsvæðið opnaði og skotípróttamen byrjuðu að æfa kom annað í ljós. Skothvellir heyrast mikið innanhúss og það er eins og það sé skotið beint við hliðina á okkar húsi. Það er ótrúlegur mismunur frá því þegar hávaðamælingar stóðu yfir og gefa til kynna að mælingar sem framkvæmdar voru að hálfu HER geta ekki vera réttar.

Þessi upplifun er sambærileg milli skotvalla.

F) Samantekt

Miðað við fyrirliggjandi misræmi hljóðmælinga og rangtúlkun á mælingum ásamt upplifun íbúa á áhrifasvæði má álykta að hávaðamælingum frá HER sem mælir „iðnaðahávaða/jafngildishljóð“ eru ekki raunhávaða.

Það er greinileg að það þurfi að gera nýja hávaðamælingar og þá eftir leiðbeiningum UST áður starfsleyfið er veitt.

Fordæmi fyrir notkun sænsku reglu:

Fordæmi má finna við vinnslu á nýja skotsvæðinu á Hornafirði þar sem gerð var hljóðvistagreiningarð áður skotsvæði var leyft með sænskri aðferð til hliðsjónar. Í þessari grein er nánar útskýrt hvernig á að mæla til að gefa sem besta mynd af hávaða frá skotsvæði og einnig hvað breytist ef gerða eru ráðstafanir gegn hljóðmengun.

Sjá hér: <https://www.hornafjordur.is/media/skipulagsmal/Skotaefingasvaedi-Hofn---Hljodvistargreinargerð.pdf> sjá gr. 4.1 Skotaefingasvæði.

Þessi ábending hefur verið gerð af okkar hálfu í athugasemdum þegar starfsleyfi var auglýst. HER svarar því og bendir á að skotsfélögin ættu að kjósa sjálf að notast við þessa aðferð. Það hlytur að vera hlutverk HER að setja skilýrðin í starfsleyfi.

Ónæði; skilgreining

Samkvæmd starfsleyfi (sjá viðhengi):

„3.1 Rekstraaðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og **ónæði** af völdum hávaða...“

Í reglugerð um hávaða [724/2008](#), segir:

„Ónæði: Veruleg eða ítrekuð truflun eða áreiti af völdum hávaða sem sker sig úr því umhverfi sem um ræðir.“

Hávaði frá skotsvæðinu er „veruleg“ og „ítrekuð truflun og áreiti af völdum hávaða“ frá skotunum er heima hjá okkur undir Esjuklettum.

Þar sem komin eru tilmæli frá Umhverfisstofnun um mæliaðferð þarf núna að tryggja að mælingar séu framkvæmdar rétt og af óháðum aðila. Það verður að komast að því hvað er **raunhávaði** frá skotsvæðinu.

...

2. Mengun jarðvegs á svæðinu og umhverfis

Samkvæmd nýja starfsleyfi segir:

2.1 Notkun blýhagla eru óheimil.

2.2 Notast skal við blýlaus riffilskot þegar því er við komið.

Er blýbann, eða ekki?

Starfsleyfisskilyrðum hefur ekki verið framfylgt í síðustu starfsleyfum. Það staðfestir eftirlitsskýrsla HER frá 09.12.2020 (sjá viðhengi: Eftirlitsskýrsla HER 2020 Skotfélag Reykjavíkur.pdf).

Þar kemur meðal annars fram að:

a) Þungmálmamengun:

„Enginn rannsókn á þungmálmamengun hefur verið framkvæmd á svæðinu síðan völlurinn var tekinn í notkun. Frávík: samkvæmt starfsleyfisskilyrðunum gr. 2.1.2 skal á fimm ára fresti, í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist.“

Samkvæmt sömu eftirlitsskýrslu HER segir einnig:

„...og kom Guðmundur því á framfæri að ekki er möguleiki á öðru í riffil skotum en að nota blý þar sem engir aðrir möguleika eru á markanum af öryggissjónamiðum...“ og einnig „...Í skýrslunni sem Heilbrigðiseftirlitið hefur unnið á árinu kemur fram að mikið magn af höglum hefur slegið niður aftan við manirnar og út að sjó. Manirnar eru þar af leiðandi of lágar til að hindra að höglin dreif sér út fyrir svæðið sem Skotfélagið hefur til umráða.“

Samkvæmt fyrri og núverandi starfsleyfi (sjá viðhengi):

1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma breytingar á viðkomandi reglugerðum, auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.

Við teljum að það sé mengun af völdum starfseminnar á svæðinu og utan svæðisins og viðurkennir HER í bréfi/greinargerð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í máli nr. 51/2021 á bls. 5 gr. 4 sjá viðhengi „Greinargerð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.pdf“:

„Niðurstöður könnunar...staðfesti tilvist blýhagla á öllum sýnatökustöðum...en könnun staðfesti dreifingu haglanna út fyrir skotvöllina sjálfa“!

Samkvæmd starfsleyfi (sjá viðhengi):

„1.8. Rekstraaðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.“

Eftir áralanga notkun á blý er enn ekki búið að ganga úr skugga um að ekki sé orðið tjón af blýmengun. Að fjarlægja blýmengun úr jarðveg og sjó er mjög dýrt og mjög erfitt í framkvæmd. Að okkar mati erum við að tala um verulegt tjón.

Hér ber að nefna að vitað sé að mikil mengun stafar almennt frá skotsvæðunum og þarf að gæta að farið sé eftir öllum reglugerðum og lögum eftir áralangan rekstur.

Starfsleyfiskilyrðum sem HER hefur sett skotsvæðinu hafa verið brotin og eru brotin með nýju útgáfu starfsleyfis. Teljum við að ekki sé rétt að veita starfsleyfi áður en viðkomandi svæði hefur verið rannsakað smkv. fyrri og núverandi starfsleyfi með þungmálmamælingar ásamt hreinsun svæðisins og gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir áframhaldandi mengun.

Í reglugerð 550/2018 6. gr. kemur eftirfarandi fram:

Sé atvinnurekstur, sbr. I., VII., IX. og X. viðauka, háður mati á umhverfisáhrifum eða tilkynningarskyldur skal niðurstaða matsins eða ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu liggja fyrir áður en tillaga að starfsleyfi er auglýst.

Sjá einnig [reglugerð 550/2018](#) IX. Kafli um skyldur rekstraraðila, 54. gr. Meginreglur um grundvallarskyldur rekstraraðila: „.....a. að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun, b. Að notuð sé besta aðgengilega tækni, c. Að starfsemin leiði ekki til umtalsverðrar mengunar,...“

Samkvæmd [reglugerð 1400/2020](#) III. Kafli 5.gr. ber rekstraraðila fylgja grundvallarskyldum. Teljum við að þessi regla sé brotin.

Samkvæmd [reglugerð 1400/2020](#) III. Kafli 7.gr. „...skulu rekstraraðilar tryggja að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun og bera skyldur samkvæmd ákvæðum 38. og 39. gr. laganna.....“ Teljum við að þessi regla sé brotin.

Samkvæmd [reglugerð 1400/2020](#) III. Kafli 9.gr „Þegar tilkynning um mögulega mengaðan jarðveg berst, án þess að um bráðamengun sé að ræða, skal heilbrigðisnefnd gera frummat á aðstæðum svo fljótt sem verða má....“ Teljum við að þessi regla sé brotin, því Heilbrigðiseftirlit hefur fengið tilkynningu um blýmengun á og við skotsvæðin.

b) Hreinsun

Úr eftirlitsskýrslu HER, sjá viðhengi „Eftirlitsskýrsla HER 2020.pdf“:

„Á vorin er allsherja hreinsun á svæðinu þar sem m.a forhlöðin eru týnd upp, en mikið var um þau í eftirlitinu.“

Hér segir að starfsleyfishafi hafi ekki hreinsað svæði eins og átti að gera samkvæmd starfsleyfi. Við höfum ekki ennþá fengið staðfestingu á því hvenær allsherja hreinsun á að fara fram.

c) Hávaða

Í eftirlitsskýrslu HER, sjá viðhengi „Eftirlitsskýrsla HER 2020.pdf“ kemur fram að veggir eru ekki klæddir til að minka hávaða.

Á 15 ára tímabili hafa íbúar og landeigendur lagt inn kvartanir vegna hávaða. Samkvæmt eftirlitsskýrslur hefur ekkert verið gert til að einangra hávaða mengun eins og skilyrði er samkvæmt starfsleyfi skotsvæða. (sjá viðhengi: Eldri kvartanir.pdf“)

Sjá einnig [reglugerð 550/2018](#) IX. Kafli um skyldur rekstraraðila, 54. gr. Meginreglur um grundvallarskyldur rekstraraðila...“...a. að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun.“

3) Umsögn skipulagsfulltrúa

Við vinnslu á fyrrum starfsleyfum skotsvæðisins gaf skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar umsögn vegna útgáfu skotsleyfis (sjá viðhengi „Umsögn skipulagsfulltrúa 2021“):

„Skotveiðifélag Reykjavíkur hefur haft svæðið sem um ræðir til tímabundinna afnota undanfarin ár...“

Það átti að finna nýja staðsetningu:

„...kanna til hlítar aðrar staðsetningar fyrir starfseminu á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að finna varanlegri aðstöðu fyrir skotæfingar á höfuðborgarsvæðinu.“

Ekkert mat hefur verið gert á núverandi svæði en skipulagsfulltrúi leggur til að þegar nýs svæðis verður leitað þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga: Hjóðvist, landslagi og sjónrænum þáttum, núverandi landnotkun og eignarhaldi, menningarminum, gróðurfari, náttúru og dýralífi, verndargildi, samgöngum o.fl. .



Buller från skjutbanor och skjutfält

Vägledning om buller från skjutbanor för finkalibrig ammunition.

[Start](#)[Lagstiftning](#)[Bakgrund](#)

Målgrupp

Vägledningen vänder sig till tillsyns- och prövningsmyndigheter.
Den kan även vara ett stöd vid egenkontroll.

Skjutbanor för finkalibrig ammunition

Jakt- och sportskytteföreningar bedriver skytte med finkalibriga vapen på olika typer av skjutbanor. Bullret från finkalibriga vapen är kort och snärtigt. Det är ett impulsljud och mäts med integrationstiden 35 millisekunder och med den normala frekvensvägningskurvan A. Därför anger vi skottbuller från finkalibriga vapen i dBA Impuls. Buller från skjutbanor är ofta störande för omgivningen.

Riktvärden för skjutbanor

Naturvårdsverket har i allmänna råd om buller från skjutbanor (NFS 2005:15) angivit riktvärden för buller från skjutbanor för finkalibrig ammunition (< 20 mm). Riktvärdena redovisas här i ett kort sammandrag. Läs allmänna rådet för mer information.

[> Naturvårdsverkets allmänna råd om buller från skjutbanor \(NFS 2005:15\)](#)

Följande riktvärden angivna som maximala ljudnivåer i dBA frifältsvärde (tidsvägning Impuls) (dBAI) bör tillämpas för bedömning om lämplig bullerbegränsning vid skjutbanor:

Riktvärden för bedömning om lämplig bullerbegränsning vid skjutbanor

Område	Helgfri måndag- fredag	Lördag, söndag och helgdag		Natt ²
	Dag och kväll 07-22 dBAI	Dag 09- 19 dBAI	Kväll 19-22 dBAI	Natt mot vardag 22-07 samt mot lör-, sön- och helgdag 22-09 dBAI

Bostäder för permanent boende och fritidshus				
Nyanläggning eller väsentlig ombyggnad av bana	65-70	65-70	60-65	55-60
Banor byggda före 1982 som därefter inte väsentligt förändrat verksamheten	65-75	65-75	60-70	55-65
Banor byggda före 1982 med obetydlig störningspåverkan	65-80	65-80	60-75	55-65
Vårdlokaler				
Nyanläggning eller väsentlig ombyggnad av bana	60-65	60-65	55-60	55-60
Banor byggda före 1982 som därefter inte väsentligt ändrat verksamheten	60-70	60-70	55-65	55-65
Banor byggda före 1982 med obetydlig störningspåverkan	60-75	60-75	55-70	55-65
Undervisningslokaler och friluftsområden ¹				
Nyanläggning eller väsentlig ombyggnad av bana	60-65	60-65	60-65	-
Banor byggda före 1982 som därefter inte väsentligt ändrat verksamheten	60-70	60-70	60-70	-
Banor byggda före 1982 med obetydlig störningspåverkan	60-75	60-75	60-75	-

1) Med friluftsområde avses område i översiktsplan för det rörliga friluftslivet eller andra områden som nyttjas mer frekvent för friluftsliv där naturupplevelsen är en viktig faktor och där en låg bullernivå utgör en särskild kvalitet. Bakgrundsnyvån är låg och inga andra störande aktiviteter förekommer som t.ex. större trafikleder, motorsportbanor, fritidsbåtstrafik eller skoterleder.

2) Avser endast militär övningsverksamhet. Natttid bör annan skjutverksamhet inte förekomma

Värdena bör gälla i varje punkt utomhus vid de byggnaderna respektive inom friluftsområden som anges i tabellen. Värdena beräknas som frifältsvärden, det vill säga att de inte påverkas av reflexer.

Riktvärdena bör tillämpas på de ljudnivåer som uppkommer vid skjutning med de vapen- och ammunitionstyper som ger högsta ljudemissionen. Riktvärdena är en utgångspunkt och vägledning för den bedömning som görs i varje enskilt fall. Särskilda skäl kan medföra att avsteg kan behöva göras, såväl uppåt som nedåt, från de angivna riktvärdena.

Vid nyanläggning eller väsentlig ombyggnad av bana bör det lägre värdet i tabellen eftersträvas. Vid skjutbanor med lågt utnyttjande bör det högre riktvärdet kunna få gälla. För skjutbanor som endast utnyttjas under några få dagar per år bör även överskridande av det högre riktvärdet kunna godtas.

Skottbuller från artilleri och andra tunga vapen

Försvarsmakten bedriver skjutverksamhet främst inom särskilt avgränsade skjut- och övningsfält eller inom områden som tidvis är avlysta för skjutning. Försvaret använder finkalibriga och grovkalibriga vapen samt har spräng- och minröjningsövningar.

Buller från grovkalibriga vapen och sprängningar är mera långdraget och dovt. Det innehåller en stor andel lågfrekvent ljud och därför använder vi frekvensvägningskurva C. Integrationstiden anges oftast till en sekund för

att bäst motsvara störningsupplevelsen. Skottbuller från grovkalibriga vapen och sprängningar anges därför i dBLcx.

Regeringens riktlinjer för försvarets skottbuller

Regeringen beslutade 1998 om följande riktlinjer för skottbuller från artilleri och andra tunga vapen:

- 95 dBLcx för områden där antalet skott, med en ljudnivå på mer än 90 Lcx, överskrider ca 100 skott per år
- 100 dBLcx för områden där antalet skott, med en ljudnivå på mer än 90 Lcx, underskrider ca 100 skott per år

I områden där bullerexponeringen överstiger dessa värden ska skjutning under kvälls- och nattetid begränsas.

Vid nyanläggning av skjutfält ska 5 (dB) Lcx lägre värden eftersträvas.

Försvarsmakten ska tillämpa riktlinjerna vid planering av den egna verksamheten vid övnings- och skjutfälten.

Underlaget till riktlinjerna har utarbetats av Försvarsmakten tillsammans med Naturvårdsverket. Arbetet grundas på en rapport från Institutionen för miljömedicin vid Göteborgs universitet, rapport 1/94 Störningar av buller från skjutfält med tunga vapen.

Ansvar och tillstånd

Skjutbanor

Det är oftast föreningar som bedriver verksamheten vid skjutbanor genom jaktvårdsföreningar, jaktskytteklubbar, skytteföreningar eller sportskytteklubbar. Föreningarna ansvarar då för banans verksamhet.

Den som driver en skjutbana har anmälningsplikt enligt miljöbalken och miljöprövningsförordningen (SFS 2013:251). Det gäller skjutbanor som är anlagda för permanent bruk för skjutning utomhus med skarp ammunition till finkalibriga vapen (kaliber mindre än 20 mm) för mer än 5 000 skott per kalenderår. Den kommunala nämnden för miljöfrågor behandlar anmälningarna och är också tillsynsmyndighet.

Frivilliga tillståndsprövningar tillämpas också för att reglera intressekonflikter med omgivningen. Länsstyrelsen är i detta fall tillståndsmyndighet.

Naturvårdsverket har det centrala ansvaret för att ge vägledning till tillsynsmyndigheterna.

Skjutfält och övningsfält

Försvarsmakten har ansvaret för verksamheten vid sina skjut- och övningsfält. Skjutfälten är tillståndspliktiga verksamheter (grovkalibriga vapen) enligt miljöbalken och miljöprövningsförordningen. Det är länsstyrelsen som ska pröva ärenden om skjutverksamhet. Besluten om tillstånd ska ange ramar för och begränsningar av den bullerstörande verksamhetens omfattning.

Naturvårdsverket har det centrala ansvaret för tillsynsvägledning.

Kommunerna ska i översiktsplaneringen ange riktlinjer för skjutfält och ange om det är lämpligt att anlägga ny bebyggelse i anslutning till skjutfält. De ska följa regeringens riktlinjer för bullerstörningar från skjutfält. Boverket har att lämna underlag för tillämpningar av riktlinjerna vid planläggning och byggande.

Beräkningsmodeller

- › [Buller från finkalibriga vapen - beräkningsmodell](#)
- › [Ljudmatning 24 grams hagel \(pdf 857 kB\)](#)
- › [Ljudmätningar av finkalibriga vapen \(pdf 1,6 MB\)](#)

Mer information

- › [Skjutbanor finkalibrigt skytte. Branschfaktablad.](#)

Nytt om buller

- › Prenumerera på Tillsynsnytt
- › Följ Naturvårdsverkets nationella bullersamordnare på Twitter
- › Naturvårdsverkets publikationer om buller

Mer information

- › Buller: Fakta och kartläggningsresultat
- › Buller: Vem gör vad och om arbetet med buller

Sidan senast uppdaterad: 22 januari 2016 Sidansvarig: Kyriakos Zachariadis

Ämnen och sektorer

- › Buller

Relaterade sidor

- › Holkar för fladdermöss
- › Buller
- › Nationell samordning av omgivningsbuller
- › Resultat – nationella bullerkartläggningen
- › Citybanan - pröva även buller

BULLER

‹ Till alla vägledningar

› Miljökvalitetsnorm för buller

› Strategisk bullerkartläggning

› Åtgärdsprogram för omgivningsbuller

› Buller från byggplatser

› Buller från flyg

› Buller från industrier

› Buller från motorbanor

› Buller från skjutbanor och skjutfält

› Buller från vindkraft

› Buller från vägar och järnvägar vid nybyggnation

› Bullerfria områden

› Störd av buller

Adress: Naturvårdsverket 106 48 Stockholm
Om kakor (cookies)

Telefon: 010-698 10 00

[Om webbplatsen](#)

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08 2026

Eftirlitsskýrsla HER 2020 Skotfélag Reykjavíkur (Nýr eftirlitsaðili hjá HER)



Reglubundið eftirlit

Málsnúmer: 2020100050

Búið til: 09.12.2020

Eigandi skjals: Kristín Þorsteinsdóttir Kröyer

Eftirlitsskýrsla

Dagsetning ferðar:

09.12.2020

Tími ferðar:

10:00 - 11:30

Fulltrúi HER:

Kristín Þorsteinsdóttir
Kröyer/BV/RVK/IS
Reglubundið eftirlit
92.72.01 Skotvellir

Fulltrúi HER sem fór með:

Tíðefni skýrslu:

Fyrirtækjaflokkur:

Leyfi og eftirlitsferð

Númer leyfis:

Helti leyfishafa:

Hvert eftirlitsferð var farin:

Skotfélag Reykjavíkur

Kennitala leyfishafa:

Staður leyfishafa:

Staða reiknings:

Númer reiknings:

600269-2919

Engjavegi 6

Reikningsfært

20120096

Athugasemdir

Skýringar á hugtökum:

Frávik eru skráð ef um er að ræða skýr brot á ákvæðum starfsleyfis eða laga og reglugerða er um starfsemina gilda. Um er að ræða frávik sem fylgt er sérstaklega eftir við eftirfylgni.

Ábending er skráð ef ekki er skýrt að um frávik sé að ræða en um er að ræða ástand sem heilbrigðisfulltrúi telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis.

Athugasemdir:

Þann 9. desember 2020 kom fulltrúi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í reglubundið umhverfiseftirlit á skotföll skotfélags Reykjavíkur á Álfsnesi. Rætt var við Guðmund Kristinn Gíslason og svæðið skoðað í fylgd hans.

Starfsleyfi fyrir skotsvæðið var gefið út 11. mars 2008 og gildir í 12 ár. Þann 4. febrúar 2020 var sótt um endurnýjun á starfsleyfinu og gefið var út framlenging á starfsleyfinu um eitt ár og rennur það leyfi út þann 11. mars 2021.

Í skýrslunni eru sett fram tvö frávik frá ákvæðum starfsleyfisskilyrða og þrjár ábendingar um það sem betur má fara.

Notkun á blýi og leirdúfum

Í gildandi starfsleyfi er ekki bannað að nota blý en leitast skal við að nota stálskot eða önnur vistvænni skot en blý. Í eftirlitinu var rætt um notkun á blý og kom Guðmundur því á framfæri að ekki er möguleiki á öðru í ríffil skotum en að nota blý þar sem engir aðrir möguleikar eru á markaðnum af öryggissjónamiðum. Í eftirlitinu var gengið yfir hljóðmanirnar og í átt að sjónum. Í skýrslunni sem Heilbrigðiseftirlitið hefur unnið á árinu kemur fram að mikið magn af höglum hefur slegið niður aftan við manirnar og út að sjó. Manirnar eru þar af leiðandi of lágar til að hindra að höglin dreyfi sér út fyrir svæðið sem Skotfélagið hefur til umræða.

Mjög mikið magn af leirdúfubrotum eru á svæðinu og forhlöðum úr haglaskotum. Ekki hefur verið framkvæmd nein hreinsun á leirdúfum eða forhlöðum en við hverja skotstöð er ruslafata fyrir patrónur sem er tæmd í hvert skipti í gám á svæðinu.

Hreinsun

Engin rannsókn á þungmálmamengun hefur verið framkvæmd á svæðinu síðan völlurinn var tekinn í notkun. **Frávik:** samkvæmt starfsleyfisskilyrðunum gr. 2.1.2 skal á fimm ára fresti, í

samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist.

Hávaða mengun

Rætt var um opnunartíma skotsvæðanna í nýju starfsleyfi og skýrslu Heilbrigðiseftirlitsins um hávaða mengun frá starfseminni. Samkvæmt niðurstöðum skýrslunnar er hávaða mengunin yfir mörkum á kvöldin og nóttunni og því verður starfsemin mögulega takmörkuð á þeim tíma í nýju starfsleyfi. Bodað verður til fundar með Skotfélagi Reykjavíkur og Heilbrigðiseftirlitinu þar sem innihald skýrslunnar verður kynnt og útfærslur opnunartíma starfseminnar í nýju starfsleyfi verður rætt.

Samkvæmt Guðmundi eru nú um ca 90% allra riffla búnir hljóðdeyfum. En skothúsin eru ekki einangruð og gera því takmarkað gagn í minkun hljóðmengunar frá riffil vellinum. **Ábending:** Skv. starfsleyfisskýrðunum gr. 2.2.1 skal takmarka útbreiðslu hávaða eins og unnt er, t.d. með notkun hljóðísogsefna, svo sem hljóðmana, veggja, klefa, eða annarra hindrana. Til þess að veggir virki sem hljóðeinangrun þarf að klæða þá með hljóðeinangrandi efni sem ekki hefur verið gert á svæðinu.

Skráningar

Lítillega var rætt um eigið eftirlit og að félagið eigi að skrá meðal annars það magn blýs sem fellur á völinn. Það er ekki óert í dag og þarf félagið því að taka þetta upp. Í dag er haldið utan um það hvenær æfingar fara fram og fjölda leirdúfa sem notaðar eru. **Frávik:** skv. starfsleyfisskýrðunum gr 4.1 skal rekstraraðili hafa eigið eftirlit með starfseminni og skrá eftirfarandi: a) hvenær æfingar fara fram á vellinum. b) áætlað magn (kg) blýs sem fellur á völinn við æfingar. c) fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.

Ýmislegt

Svæðið hefur verið girt af en girðingin er í dag fokin niður og því ekki til neins gagns. **Ábending.**

Ríffilskot geta borist allt að 2 km ef skotið er upp fyrir manimar og þannig lent í sjó. Allar kúlur sem skotið er með á riffilvellinum eru blýkúlur. Af öryggissjónarmiðum og mengunar sjóarmiðum, þarf að útbúa skotsvæðin þannig að ekki sé hægt að skjóta yfir manimar. **Ábending.**

Í eftirlitinu 2017 var óskað eftir að send yrði inn kvittun á tæmingu rotþróarinnar. Það var ekki gert. En eftir eftirlitið 2020 var kvittunin send inn. Síðasta tæming rotþróarinnar var framkvæmd í nóvember 2016.

Talsvert borist af kvörtum til Heilbrigðiseftirlitsins síðan síðasta eftirlit 2017. Kvartanir hafa borist vegna háfaða og mengunar frá skotsvæðinu.

Kröfur

Niðurstaða eftirlits

Á einungis við starfsleyfiskyld fyrirtæki í Reykjavík. Niðurstaða er birt á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að loknum andmælarétti. Jafnframt er hægt að óska eftir að fá eftirlitsskýrslu senda

- 5 - Kröfur uppfylltar / fáeinar ábendingar
- 4 - Fáein frávík / ábendingar
- 3 - Frávík / ábendingar
- 2 - Aðkallandi frávík / ábendingar
- 1 - Starfsemi takmörkuð / stöðvuð að hluta
- 0 - Starfsemi stöðvuð

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Akureyri, 11. mars 2022
UST202202-218/S.K.
06.04.08

Efni: Fyrirspurn - leiðbeiningar um hávaðamælingar við skotvelli

Vísað er til erindis Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER), dags. 17.2.2022, þar sem óskað er eftir leiðbeiningum frá Umhverfisstofnun um val á aðferðafærði við hljóðmælingar vegna starfsemi skotvalla þar sem ekki að finna viðmið fyrir slíka starfsemi í íslensku regluverki.

Tveir skotvellar hafa verið starfræktir í Álfsnesi, á svæði heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Í gengum árin hafa borist mikið af kvörtunum vegna hávaða frá starfseminni. Árið 2021 voru auglýstar tillögur að nýjum starfsleyfum fyrir báða vellina og bárust athugasemdir við báðar tillögurnar er vörðuðu hávaða frá starfseminni. Í þeim var m.a. vitnað í hljóðmælingar sem íbúar hafa látið framkvæma sem byggja á sænskum leiðbeiningum um hljóðmælingar frá skotvöllum. Gagnrýnt hefur verið, í andmælum við tillögur að starfsleyfum, að HER hafi ekki notast við hljóðmælingar sem eru sérstaklega gerðar fyrir skotvelli. HER hefur bent á að ekki sé fjallað um sérstök viðmið fyrir hljóðamælingar frá skotvöllum í íslenskum lögum og reglugerðum né sé fjallað sérstaklega um þau í leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um hljóðmælingar.

Engin starfsemi er á skotvöllum í dag þar sem útgefin starfsleyfi frá 2021 voru kærð til úrskurðanefndar umhverfis- og auðlindamála sem felldi þau úr gildi, á grundvelli skipulags á svæðinu. Í úrskurðinum er ekki tekin afstaða til hljóðmælinga. Tekið hefur gildi nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík og á grundvelli þess hefur HER borist umsókn um nýtt starfsleyfi fyrir annan skotvöllinn.

Samkvæmt 11. gr. reglugerð 724/2008 um hávaða skal Umhverfisstofnun í samstarfi við önnur stjórnvöld gefa út leiðbeiningar um mæliaðferðir við hljóðmælingar vegna eftirlits. Umhverfisstofnun telur rétt að HER noti sænskar leiðbeiningar fyrri hljóðmælingar frá skotvöllum við eftirlit, þ.e. *Allmänna råd om buller från skjutbanor* sem gefnar eru út af Naturvårdsverket.

Virðingarfyllst,

Steinunn Karlsdóttir
sérfræðingur

Sigrún Ágústs dóttir
forstjóri

Athugasemd Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER): Að ígrunduðu máli og að höfðu samráði við lögfræðinga telur HER að ekki sé hægt að byggja kröfur í starfsleyfi á tilvísuðum sænskum leiðbeiningum þar sem ekki er stöð í íslenskum lögum eða reglugerðum fyrir notkun þeirra.



Reykjavík 22. janúar 2021

Varðar: Álfsnes, ósk um umsögn vegna endurnýjunar starfsleyfis.

Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 3. nóvember 2020 þar sem óskað er eftir umsögn skipulagsfulltrúa vegna endurnýjunar á starfsleyfi fyrir skotæfingasvæði í Álfsnesi. Óskað er eftir umsögn um hvort starfsemin samræmist skipulagi og hvort fyrirhugaðar séu breytingar á skipulagi sem gætu komið í veg fyrir endurnýjun starfsleyfis í 12 ár.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið en skv. aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 þá er svæðið skilgreint sem I2/H6/E5 Álfsnes, hafnar- og iðnaðarsvæði. Núverandi skotsvæði á Álfsnesi. Frá upphafi hefur umrætt svæði alltaf verið ráðgert til tímabundinna afnota, en en skv. gildandi aðalskipulag er gert ráð fyrir 20 ha hafnar- og iðnaðarsvæði fyrir lóðir undir hafnsækna og landfreka athafna- og iðnaðarstarfsemi. Jafnframt er gert yrði ráð fyrir hafnaraðstöðu við Kollafjörð vestast á svæðinu með landfyllingum og varnargörðum.

Skotveiðifélag Reykjavíkur hefur haft svæðið sem um ræðir til tímabundinna afnota undanfarin ár og hafa íbúar í nágrenni svæðisins látið í ljós óánægju sína með hávaða o.fl. frá æfingasvæðinu árum saman. Í ljósi þeirra ábendinga sem borist hafa og þeirrar óánægju sem ríkt hefur með núverandi staðsetningu svæðisins telur skipulagsfulltrúi nauðsynlegt að setja strangari skilyrði um starfsemina s.s. opnunartíma og notkun á blýhöggjum samhliða því að kanna til hlítar aðrar staðsetningar fyrir starfsemina á höfuðborgarsvæðinu með það að markmiði að finna varanlegri aðstöðu fyrri skotæfingar á höfuðborgarsvæðinu.



Núverandi aðstæður skotsvæðisins á Álfsnesi, mynd tekin 2020.

Nýtt skotsvæði á nýjum stað yrði að byggjast upp sem framtíðar æfinga- og keppnissvæði fyrir þau skotfélög sem eru með starfsemi á höfuðborgarsvæðinu. Á nýjum stað þyrfti að setja viðeigandi skilyrði og takmarkanir á notkun svæðisins og þeirri starfsemi sem þar fer fram til að lágmarka neikvæð áhrif frá starfseminni. Jafnframt þyrftu allar öryggisreglur innan skotsvæðisins að uppfylla alþjóðlega staðla um öryggissvæði skotsvæða. Fyrirnefnda umhverfispætti þarf að skoða vel þegar metnar eru nýjar tillögur að staðsetningu sem geta orðið fyrir áhrifum vegna framkvæmda og starfsemi á svæðinu. Forsenda fyrir staðarvaliyrðu m.a. skoðuð út frá eftirfarandi umhverfispáttum: Hljóðvist, landslagi og sjónrænum þáttum, núverandi landnotkun og eignarhaldi, menningarminum, gróðurfari, náttúru og dýralífi, verndargildi, samgöngum o.fl.

Niðurstaða

Í ljósi ofangreinds þá er ekki mælt með því að gefa út starfsleyfi lengur en til tveggja ára og þá aðeins með ítarlegum starfsleyfisskilyrðum sem fjölluðu um eftirfarandi þætti:

Skilyrt verði að opnunartími (heimilaður skottími) verði skertur talsvert umfram það sem er í dag, þannig að ekki eigi að hljótask ónæði af og tekið sé fram að misbeiting á því geti varðar riftun á tímabundnu starfsleyfi.

Skilyrt verði í ljósi sjónarmiða um umhverfismengun og neikvæðum áhrifum á vistkerfið að blýnotkun verði ekki heimil á þessu tímabili.

Skilyrt verði að svæðið sé vaktað með reglubundnum hætti af HER eða óháðum aðila og þá jafnframt m.t.t. hljóðmengunar og opnunartíma.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson, Ólafur Melsted.**

USK Skipulag

Frá: skefill <skefill@gmail.com>
Sent: sunnudagur, 29. október 2023 17:15
Til: USK Skipulag
Efni: skotæfingasvæði innan borgarmarka

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Það gengur ekki að hafa skotæfingasvæði þarna, a vegna hávaða og b vegna mengunar og c vegna ónæðis

--

Sigurjon Benediktsson Tannlege/Tannlæknir, MS (Oral Biology)
Former Clinical Dental Instructor, Tromsø University, Norway
Sjálfstætt starfandi tannlæknir á Íslandi
Free-lance dentist with official authorization in Iceland/Norway/Sweden/Denmark

Kaldbakur Skógarkot
tel 8621504/8921744
640 Húsavík
Iceland

skefill@gmail.com
esjuhof@gmail.com

Skjal sótt af '00000000000' dags: 20.08.2026

USK Skipulag

Frá: Berglind Sunna Stefánsdóttir <berglindsunna@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 1. nóvember 2023 21:59
Til: USK Skipulag; skipulagsgatt@skipulag.is; Helena Stefánsdóttir
Efni: Re: Skotæfingasvæði á Álfsnesi - breyting á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 - athugasemd

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Og ég verð bara að bæta við að þetta er eitthvað extra niðurdrepandi að skrifa þennan póst um skotvopn - rétt eftir að Ísland sat hjá í UN kosningunum um vopnahlé í Palestínu. Við starfsfólk Reykjavíkurborgar sem vill vera umhverfismeðvituð borg og tendrar reglulega friðarsúluna.

Ég vona þið séuð ekki jafn buguð og ég, og getið fundið viljann til að taka ekki þetta mál yfir fólks og dýrafrið og náttúru.

On Wed, Nov 1, 2023 at 10:56 PM Berglind Sunna Stefánsdóttir <berglindsunna@gmail.com> wrote:
Kæra Helena og aðrir viðtakendur,

það verður að segjast að ég skrifa þetta með þungum hug, þreytu í viðmóti og vonbrigðum.

Ég skila þessu hér því ég er búsett erlendis og get ekki skráð mig inn í gegnum rafræn skilríki en skrifa þó því enn og aftur erum við í þessum aðstæðum að þurfa að færa rök, sem nú þegar hafa verið sett ótal mörgum sinnum fram.

- Ég hef sent inn myndir af blýiskotum sem ég týndi upp úr fjörunni, lýsingar af hávaða sem var nóg til að æra óstöðugan vegna skot hávaða þegar ég var í covid sóttkví, komin heim til að vera í jarðarför frænku minnar. Hvernig heilbrigðisstofnun sagðist hafa mælt hljóð á sama tíma þegar það var stormur, (sem ég veit því ég var þar í sóttkví og það var ekki stætt útifyrir á þeim tíma sem sagt var að mælingar hefðu verið - eins og reynt væri að fá falskar niðurstöður) oghvernig það voru endalaus skotlæti líka þegar það átti að vera lokað á skotsvæðinu.

Ég hef jafnvel lagst svo lágt að deila með ókunnugum í tölvupóstum því að við höfum eytt tíma í Móavík til að reyna að búa þar til smá 'safe haven' fyrir foreldra mína þar sem faðir minn er með early onset alzheimer og það hefur tekið gríðarlega á síðustu ár, og það hefur verið ömurlegt að þetta sé endurtekinn blettur á okkar lífi. Enn og aftur erum við að taka þátt í þessari hringavitleysu.

Ég hef talað um hvað fjölskyldan hefur lagt ástúð við að rækta þarna land og huga vel að - og við höfum mörg í samtaka mætti sent inn hljóðmælingar af virtum mælingaraðilum og greitt sjálf fyrir, hvernig við höfum fundið fyrir létti þegar loks er hlustað á okkur og svo erum við hér aftur.

- Það er í raun skömm af. Það er búið að sýna fram á þetta sé hljóðmengun, reglur hafi verið ítrekað brotnað og virtar af vettugi. Að þarna sé dýralíf sérstakt og beri að vernda. Og listinn heldur áfram.

Ég veit einlægnlega ekki hvað annað á að segja, þetta virðist vera einhvers konar ömurlegt dæmi um pólitík eða tengsl og ég get lítið annað sagt en ég óska þess innilega að einhver ykkar megin hafi kjark til að standa með því sem hefur áður verið ákveðið - að loka svæðinu og/eða færa það annað.

Að þetta áhugafólk um skotæfingar sé fært frá þessum stað þar sem þau menga sjó og land og hræða dýr og menn. Megi þau vera einhvers staðar í friði og undir hörðum reglum um virðingu við náttúruna.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08.2026

Ég veit það er búið að senda inn ótal gögn. Ég veit að móðir mín sem er rétt að aðlagast að við höfum fært föður minn í fulla búsetu er að ströggla við að skrifa póst núna, að systir mín með 3 börn er að reyna að gera það sama. **Að nágrannanar hafa sent inn athugasemdir og upplýsingar - og í raun er það bara sveittan að við þurfum að sanna og endursanna okkar mál og endur endursanna - á meðan eyddi skotfélagið árum saman í að hundsá reglur og lítið virðist hafa gert í að finna þeim annan stað eins og átti að gera.**

Ég hef í raun misst alla von, ég vona að þið gefið mér ástæðu til annars.

Með vinsemd og virðingu,

Berglind Sunna Stefánsdóttir
130588-3019

Athugasemdir vegna aðalskipulagsbreyting v/skotsvæðin á Álfsnesi

1. Vegagerðin gerir eftirfarandi athugasemd í umsögn sinni: „Sé fyllsta öryggis og veghelgunar gætt sér Vegagerðin enga annmarka á því a skotíþróttavellir verði í nágrenni Sundabrautar.“
Við viljum benda á að Sundarbraut verður ein af stærstu stofnæðum landsins með einna mestu og þyngstu umferð á Íslandi.
Í mörgum evrópulöndum er bannað að reisa skotsæfingarsvæði í grennd við hraðbrautir eða stofnæðar út af öryggisástæðum. Ef það er leyft í grennd við aðra vegi/götur, þá einungis með mjög íþyngjandi aðgerðum.
Hér þarf að gæta hagsmuna almennings og við biðjum Vegagerðin að endurskoði sína umsögn!
2. Samkvæmd tillögu á að breyta iðnasvæði í íþróttasvæði. Í flestum löndum í Evrópu er bannað að reisa íþróttasvæði í grennd við ruslahauga.
Ruslahaugar sem er á Álfsnesi eru stærstu ruslahaugar Íslands. Það er óhugsandi að gera það sem fordæmi í framtíðinni að leyfa rekstur íþróttasvæða við hliðina á stærstu ruslahaugum landsins. Reykjavíkurborg og ríki ætti að hafa heilbrigðari afstöðu til þess.
3. Á blaðsíðu 5 tillöguna, er bent á „þróunarsvæði“: „ ...Það kveður á um að heimilt sé að **endurnýja** starfsleyfi fyrir rekstur og starfsemi sem er til staðar til skemmri tíma litið,...“.
Viljum við benda á að það á ekki við vegna þess að skotæfingarsvæðin hafa verið samkv. 4 úrskurðum úrskurðanefndar ólögleg frá upphafi og þar með getur ekki verið um endurnýjun að ræða. Þróunarsvæðishugtök eiga ekki við hér.

Umhverfis- og skipulagssvið Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar
Haraldur Sigurðsson
Borgatúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 9. nóvember 2023
UST202310-158/A.B.
10.04.02

Efni: Drög - Breyting á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 fyrir skotæfingarsvæði á Álfsnesi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar er barst 12. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um drög að tillögu að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 fyrir skotæfingarsvæði á Álfsnesi.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina íþróttasvæði (Íþ9) á Álfsnesi, alls um 33 ha að stærð og minnkar iðnaðarsvæði l2 um 13,5 ha og útivistarsvæðið OP28 minnkar um tæplega 20 ha. Auk þess kemur fram að markmið með breytingunni er að tryggja aðstöðu fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, meðan unnið er að því að finna framtíðarstað fyrir skotæfingar og íþróttamiðstöð skotíþrótt á höfuðborgarsvæðinu. Að tryggja tímabundnar landnotkunarheimildir um íþróttastarfsemi (skotæfingarsvæði) á Álfsnesi. Að leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingarsvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi.

Umhverfisstofnun tekur undir að umhverfisáhrif skotvalla er hávaði, sem getur haft áhrif á menn og dýr og mengun frá skothöglum sem getur borist í jarðveg og í vatn og geta haft áhrif á dýr. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að þessir þættir séu metnir við umhverfismat við gerð breytingartillögunnar.

Stofnunin vill koma því á framfæri að skv. 5. gr. reglugerðar 1400/2020 um mengaðan jarðveg eru grundvallarskyldur rekstraraðila er að ganga vel um og sýna ýrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun. Rekstraraðilar skulu tryggja að starfsemi þeirra sé í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir og útgefið starfsleyfi eins og nánar er kveðið á um í XI. kafla laganna.

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Til þess að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir voru formlega staðfestar þann 4. apríl 2022 af umhverfis- og orkumálaráðherra. Áætlanirnar gilda sex ár í senn en þær er hægt að finna á vef Umhverfisstofnunar: <http://vatn.is/haf-og-vatn/stjorn-vatnamala/vatnaaaetlun-2022-2027/>. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Pungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur

Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið
Haraldur Sigurðsson
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 27. október 2023

Tilvísun: 202310032 / 3.2

Efni: Vinnslutillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna skotæfingasvæðis á Álfsnesi

Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið hefur, með erindi dags. 13. október 2023, sent Skipulagsstofnun til umsagnar vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. í október 2023 og á uppdrætti án mælikvarða.

Í breytingartillögunni felst að skilgreint er 33 ha íþróttasvæði Íþ9 á Álfsnesi fyrir skotæfingasvæði, iðnaðarsvæði 12 minnkar um 13,5 ha og opið svæði til sérstakra nota minnkar um tæplega 20 ha til samræmis. Heimilt verður að gefa út starfsleyfi til skotæfingafélaga til ársloka 2028. Efnistaka er heimiluð innan iðnaðarsvæðisins.

Með erindinu bárust umsagnir um lýsingu frá ýmsum aðilum og athugasemdir frá almenningi. Skipulagsstofnun veitti umsögn um lýsingu með bréfi dags. 19. apríl 2023.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og bendir á eftirfarandi atriði til nánari skoðunar við áframhaldandi mótun tillögu að aðalskipulagsbreytingu:

- Ljóst er að ákvörðun Reykjavíkurborgar um áframhaldandi rekstur skotæfingasvæðis á Álfsnesi er umdeild, einkum meðal íbúa og hagsmunaaðila í grennd við svæðið enda hafa þeir ítrekað kvartað yfir ónæði vegna hávaða frá starfseminni. Í umfjöllun um umhverfisáhrif breytingarinnar í kafla 5 kemur fram að helstu umhverfisáhrif vegna starfseminnar séu þekkt og í því sambandi er vísað til rannsóknar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020. Þessi rannsókn virðist liggja til grundvallar mati á áhrifum og fram kemur að í ljósi niðurstöðu þessarar rannsóknar hafi verið sett ýmis skilyrði og tillögur um aðgerðir í starfsleyfi til að lágmarka neikvæð áhrif. Rannsóknin er þó ekki kynnt með skipulagsgögnum í Skipulagsgátt og hefur ekki borist Skipulagsstofnun.
- Þrátt fyrir að skilyrði í starfsleyfi hafi miðað að því að lágmarka áhrif af starfseminni hafa íbúar orðið fyrir ónæði vegna hennar. Með hliðsjón af því kallar Skipulagsstofnun eftir því að í skipulagstillögunni verði fjallað með skýrari hætti um áhrif breytingarinnar á hljóðvist. Einnig að sett verði skýr skipulagsákvæði um þær mótvægisáðgerðir sem Reykjavíkurborg vill að gripið verði til, sbr. umfjöllun um umhverfisáhrif, til að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif á hljóðvist til nánari útfærslu við gerð deiliskipulags og/eða við útgáfu starfsleyfa.
- Að mati stofnunarinnar þarf að setja skipulagsákvæði varðandi bann við notkun blýhagla á svæðinu ásamt ákvæðum um það hvernig áformað er að standa að hreinsun svæðisins

þegar starfsemi verður hætt sbr. einnig umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands dags. 21. apríl 2023.

- Skipulagsstofnun bendir á að svo virðist sem um tvöfalda landnotkun sé að ræða varðandi efnistöku en hún er heimil á iðnaðarsvæði I2 en einnig er sýnd landnotkun efnistökusvæðis E5 á skipulagsuppdrætti og það tilgreint í töflu 14.1 í greinargerð aðalskipulagsins þar sem efnistökusvæðið er sagt vera 20 ha að stærð. Þetta þarf að skoða nánar og annað hvort fella efnistökusvæði E5 út af uppdrætti og greinargerð og setja skýrari ákvæði fyrir iðnaðarsvæðið varðandi efnismagn eða færa umfjöllun um efnistöku alfarið í töflu 14.1. Einnig er bent á að iðnaðarsvæðið er einungis 13,3 ha að stærð eftir breytinguna og því er efnistökusvæðið stærra en iðnaðarsvæðið. Þá er rétt að benda á að 20 ha efnistökusvæði þarf að afmarka nánar á uppdrætti en ekki sýna með punkti.
- Sýna þarf uppdrátt í réttum mkv. fyrir og eftir breytingu.
- Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til athugunar fyrir auglýsingu þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Guðrún Lára Sveinsdóttir

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið
Helena Stefánsdóttir
Borgartúni 12 - 14
105 Reykjavík

Reykjavík, 14. febrúar 2024

Tilvísun: 202310032 / 3.2

Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi vegna skotæfingasvæðis á Álfsnesi

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið hefur, með erindi dags. 6. febrúar 2024, sent Skipulagsstofnun til athugunar tillögu að breytingu á aðalskipulagi samkvæmt 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga. Tillagan var samþykkt til auglýsingar í borgarráði 25. janúar 2024.

Skipulagstillagan er sett fram í greinargerð dags. í desember 2023 með uppdrætti án mælikvarða.

Í breytingartillögunni felst að skilgreint er 33 ha íþróttasvæði (Íþ9) á Álfsnesi fyrir skotæfingasvæði, iðnaðarsvæði (I2) minnkar um 13,5 ha og opið svæði til sérstakra nota minnkar um tæplega 20 ha til samræmis. Heimilt verður að gefa út starfsleyfi til skotæfingafélaga til ársloka 2028. Efnistaka er heimiluð innan iðnaðarsvæðisins.

Með erindinu bárust umsagnir um vinnslutillögu frá ýmsum aðilum og athugasemdir frá almenningi. Skipulagsstofnun veitti umsögn um vinnslutillögu með bréfi dags. 27. október 2023. Stafræn gögn bárust ekki með tillögunni.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga þegar brugðist hefur verið við eftirfarandi atriðum:

- Sýna þarf uppdrætti fyrir og eftir breytingar í réttum mælikvarða ásamt skýringum.
- Einnig er minnt á að þegar aðalskipulagstillaga verður sett fram í Skipulagsgátt til staðfestingar sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga þarf að skila inn fullnægjandi aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Guðjón Erlendsson

Skjal sótt af '000000000000' dags: 20.08 2026